

**SKOÐUN** Hjólreiðar sem aðalferðamáti eru óraunhæfur kostur fyrir konur, skrifar Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir. 23



**MENNING** Gunnar Páll Ólafsson og Samúel Bjarki Pétursson unnu til auglýsingaverðlauna. 62



**SPORT** Líney Rut Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri ÍSÍ, segir að ÍSÍ sé ekki lokaður klúbbur. 56







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
**28. febrúar 2013**
50. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



### Skíra gull

Gull fannst í borholu í Þormóðsdal. Forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar vonast til að hægt verði að vinna gullið hér á landi. 2

**Ekkert kjöt í kjötböku** Ekkert nautakjöt fannst í tveimur vörum frá Gæðakokkum við rannsókn þrátt fyrir merkingu þar um. Eigandi fyrirtækisins rengir að hluta niðurstöðuna. 4

**Bíða enn niðurstöðu** Breyta þarf lögum um rannsóknarnefndir í ljósi þess hversu lengi nefndirnar um Íbúðalánasjóð og fall sparisjóðanna hafa starfað, segir forseti Alþingis. 6

**Vilja Markarfljót í stokk** Verði Markarfljót flutt vilja íbúar á Seljalandsjörðum að áin verði sett í stokk. 12




22

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 0° | SA | 5 |
| Akureyri | 0° | SA | 2 |
| Egilsstaðir | -2° | SA | 2 |
| Kirkjubæjarkl. | 2° | S | 2 |
| Reykjavík | 3° | SA | 5 |

**FÍNT TIL KVÖLDS** Í dag verða víða suðaustan 3-8 m/s og úrkomulítið. Vaxandi SA-átt og þykknar upp V-til. Hlýnar í bili. 4

**2 SÉRBLÖÐ**

**Baðherbergi | Fólk**




# Kröfuhafar stofna krónuhóp

Búið er að mynda svokallaðan krónuhóp sem í sitja saman kröfuhafar Glitnis og Kaupþings. Hópnum er ætlað að finna leiðir til að losa um eignir þrotabúanna tveggja. Kannar mögulega sölu Íslandsbanka og Arion banka.

**VIÐSKIPTI** Kröfuhafar Glitnis og Kaupþings hafa á síðustu vikum myndað hóp sem gengur undir nafninu krónuhópurinn (e. ISK-working group). Hlutverk hópsins er að kanna forsendur fyrir því að losa um eignir þrotabúanna, sérstaklega í íslenskum krónum. Þær nema tæpum 500 milljörðum króna. Stærstu íslensku eignir þeirra eru stórir eignarhlutir í Íslandsbanka og Arion banka en greint var frá því fyrr í febrúar að óformlegar viðræður væru hafnar við innlenda aðila um kaup á öðrum eða báðum bönkunum.

Framtakssjóður Íslands (FSÍ), sem er í eigu Landsbanka Íslands og lífeyrissjóða, leiðir þær viðræður. Myndun hópsins er til marks um að vinna við að losa um íslenskar eignir þrotabúa föllnu bankanna er komin á meira skrið en nokkru sinni áður.

Steinunn Guðbjartsdóttir, formaður slitastjórnar Glitnis, segir að krónuhópurinn hafi verið myndaður á síðustu tveimur vikum. Í honum sitji fulltrúar þrotabúa Glitnis og Kaupþings. „Þarna sitja stærstu kröfuhafar beggja búanna. Auk þess sitja í hópnum fulltrúar slitastjórna Glitnis og Kaupþings. Hlutverk hópsins er að fara yfir málin og tryggja hlutlæga og samræmda upplýsingamiðlun við stjórnvöld og í raun að kanna forsendur fyrir lausnum sem gætu verið ásættanlegar og komið báðum til góðs. Við fögnum því að ræða við stjórnvöld um heildarlausnir varðandi útgreiðslu úr búunum.“

Katrín Júlíusdóttir fjármálaráðherra sagði í samtali við fjölmiðla í fyrradag að hún hefði virkjað stýrinefnd um losun fjármagnshafta í nóvember í fyrra. Katrín leiðir þá nefnd sjálf. Á milli funda hennar er síðan virk samráðsnefnd með fulltrúum Seðlabanka Íslands, Fjármálaeftirlitsins, stjórnvalda og fleiri. Katrín sagði við sama tilefni að stjórnvöld ynnu að því að draga upp mismunandi sviðsmyndir af því hvernig hægt yrði að losa um krónur erlendra aðila. Krónuhópi kröfuhafa er ætlað að ræða við stýrinefnd Katrínar. - þsj / sjá síðu 20

## 454 milljarðar í íslenskum krónum

Þrotabú Glitnis birti ársuppgjör sitt í gær. Þar kom fram að heildareignir þess voru 935,6 milljarðar króna um síðustu áramót. Þar af eru 256,7 milljarðar króna í íslenskum krónum, eða 27,4 prósent af heildareignum búsins. Þar munar mestu um 95 prósenta hlut í Íslandsbanka sem er metinn á 115,8 milljarða króna. Það er töluvert undir innra virði bankans. Kaupþing hefur ekki birt uppgjör fyrir árið 2012 en um mitt það ár átti búið um 861,3 milljarð króna. Þar af voru 197,7 milljarðar króna, eða 23 prósent, í íslenskum krónum og 87 prósenta hlutur í Arion banka metinn á um 96,2 milljarða króna. Samtals eiga Glitnir og Kaupþing því um 454 milljarða króna hið minnsta í íslenskum krónum.



**BÓKAFLÓÐ Í PERLUNNI** Reykvíkingar og nærsveitamenn hafa margir hverjir lagt leið sína á hinn árlega bókamarkað í Perlunni, sem var opnaður hinn 22. febrúar. Þar ættu allir bókaormar að geta fundið eitthvað við sitt hæfi, hvort sem þeir hallast til ljóðakvera, sjálfshjálparbóka, barnaævintýra, skáldsagna eða einhvers þar á milli. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Vongóðir fyrir valið:

# Kynna kosti Reykjavíkur

**MENNING** **Skorið verður úr því í kvöld hvort Reykjavík eða Miami verður fyrir valinu til að halda World Out Games 2017, eins konar Ólympíuleika samkynhneigðra.**

**Jón Gnarr borgarstjóri er nú í Antwerpen í Belgíu ásamt fríðu föruneyti sem mun kynna Reykjavík fyrir valnefnd leikanna í dag. Í kjölfarið mun nefndin kjósa á milli borganna, en áður voru Reykjavík og Miami valin í lokaúrslit umfram Rio de Janeiro, Denver og Róm.**

**S. Björn Blöndal, aðstoðarmaður borgarstjóra, segir bjartsýni ríkja í íslenska hópnum. „Það hafa töluvert margið komið að því að vinna þessa kynningu og ég held að hún sé orðin ansi vel úr garði gerð. Þannig að við erum öll bjartsýn,“ segir Björn spenntur.** - mþl






Hjón í Vesturbænum standa að baki vefsíðu fyrir fólk sem týnir gæludýrum:

# Nýta göngutúrana í kattaleit

**GÆLUDÝR** Kattavaktin er ný síða á Facebook sem ætlað er að auðvelda fólki að deila upplýsingum um týnda ketti.

„Fólk er mjög duglegt að fylgjast með og nú er til dæmis verið að skipuleggja leit að einum ketti sem hvarf úr hverfinu. Sá hefur verið týndur í um tvær vikur og nýverið bárust fréttir af honum í slæmu ástandi við Eiðistorg,“ segir Friðrik J. Martell sálfræðinemi, sem stendur að baki Kattavaktinni ásamt konu sinni Sólrúnu Gunnarsdóttur fiðluleikara.

„Raunin er sú að kettir eiga mjög stóran sess í hjörtum margra og í hverfi eins og Vesturbænum er mikið af fólki sem þekkir nágrannakettina vel. Okkur datt í hug hvort það væri ekki sniðugt að virkja þetta fólk í leitinni að týndum köttum,“ segir Friðrik - sm / sjá síðu 50



**KATTAVAKTIN** Friðrik og Sólrún ásamt köttunum sínum, Sveini og Bilbó. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


HOLLAND & BARRETT
Heilsubúð í Smáralind
MIKIÐ ÚRVAL • FRÁBÆR GÆÐI • BETRI VERÐ
Sími 534-1414 • www.hollandandbarrett.is • Holland and Barrett Ísland



## SPURNING DAGSINS



Ingvar, ertu ekki bara lukkulegur með nýja húsnæðið?

**„Jú, ég er heppnasti gæinn í bænum.“**

Ingvar Geirsson er eigandi plötubúðarinnar Lucky Records. Búðin flytur á næstu dögum frá Hverfisgötu 82 yfir í stærra húsnæði við Rauðarárstíg 6.

Benedikt XVI. hættir sem páfi í dag en heldur áfram titlinum:

# Tveggja páfa kirkja í vanda

**PÁFAGARÐUR** Benedikt XVI. páfi flutti sitt síðasta ávarp í gær á Péturstorginu í Róm. Um 150 þúsund manns mættu til að hlýða á.

Benedikt hættir í dag sem páfi en fær þó að halda áfram páfatitlinum. Nýr páfi verður kosinn á næstu dögum eða vikum, og þá kemur upp staða sem kaþólskir trúmenn hafa ekki átt að venjast: Tveir menn verða á lífi samtímis með páfatitilinn.

Þetta veldur nokkrum áhyggjum innan kaþólsku kirkjunnar og óttast sumir að helgi embættisins muni bíða hnekki af.

„Það geta ekki verið tveir páfar í Vatíkaninu, jafnvel þótt annar þeirra sé formlega fyrrverandi páfi,“ er haft eftir háttsettum en ónefndum embættismanni innan kaþólsku kirkjunnar í ítalska dagblaðinu Corriere della Sierra.

Hann segir þetta vera bæði stórslys og djúpt sár á kaþólsku kirkjunni. Fleiri úr æðstu röðum kirkjunnar manna eru sagðir óttast að afsögn Benedikts verði komandi páfum fordæmi, og það grafi undan mikilvægi embættisins. **- gb**



**BENEDIKT XVI.** Á annað hundrað þúsund manns mætti þegar hann flutti sitt síðasta ávarp í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

ESB bannar kaup Ryanair:

# Myndi skaða neytendur

**ÍRLAND, AP** Samkeppniseftirlit Evrópusambandsins hefur komið í veg fyrir kaup írska flugfélagsins Ryanair á flugfélaginu Aer Lingus. Talsmenn ESB óttuðust að sameining flugfélaganna myndi skaða neytendur þar sem Aer Lingus er helsti samkeppnisaðili Ryanair í Írlandi. Þeir töldu að ef af sameiningunni yrði leiddi hún að öllum líkindum til hærra miðaverðs.

Stjórnendur Ryanair eru ósáttir við ákvörðunina og ætla að áfrýja henni. **- mþl**



**MENNTAMÁLARÁÐUNEYTINU Í GÆR** Annie Machon, fyrir miðju, ásamt Smára McCarthy og Elfu Ýr Gylfadóttur, fulltrúum í stýrihópnum. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Stýrihópur vinnur að tillögum til verndar tjáningarfrelsi:

# Funduðu með MI5-njósnara

**STJÓRNSÝSLA Annie Machon, framkvæmdastjóri Samtaka löggæslustétta gegn bannhyggju, fundaði í gær með starfshópi á vegum menntamálaráðuneytisins. Hópurinn vinnur að framgangi þingsályktunartillögu sem miðar að því að Ísland skapi sér afgerandi lagalega sérstöðu um vernd tjáningar- og upplýsingafrelsis.**

**Machon var á tíunda áratugnum njósnari hjá bresku leyniþjónustunni (MI5) en hætti þar árið 1996 til þess að fletta ofan af glæpum sem hún taldi MI5 hafa framið.**

**Á fundinum ræddi Machon meðal annars um uppljóstrara og vernd þeirra.** **- mþl**

# Vilja vinna gullið úr Þormóðsdal á Íslandi

Gull fannst í borholu í Þormóðsdal í vikunni. Málmurinn mælist um 400 grömm í hverju tonni af grýti og er það með því meira sem gerist. Forstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar segir íslenska gullið hreinna en gengur og gerist.

**IÐNAÐUR** Gullið sem fannst í æðum í Þormóðsdal nýlega er talið hreinna en gengur og gerist í heiminum. Fyrirtækið Málmís hefur borað á svæðinu í nokkurn tíma í von um að finna gull, en svo varð síðan raunin þegar mældust allt upp í 400 grömm af málminum á hvert tonn af grýti. Það er mesta magn sem hefur fundist af gulli hér á landi, en erlendis er unnið gull úr grýti þegar mælist einungis fjögur grömm á tonnið, að sögn Þorsteins Inga Sigfússonar, forstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands.

„Það háttar svo með þetta íslenska gull að jarðhitavatnið hefur skilað því út án þessara snefilefna eins og alls staðar annars staðar. Það er því hreinna og gæti þetta því orðið umhverfisvænna verkefni hér heldur en víða erlendis,“ segir Þorsteinn.

Nýsköpunarmiðstöð hefur verið að endurmeta og líkanareikna gögn frá borkjörnum í eigu fyrirtækisins úr Þormóðsdal ásamt ónefndu bresku fyrirtæki sem sérhæfir sig í góðmálmum.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem gull finnst í jörðu á Íslandi, en stóru fregnirnar eru þær að magnið er svo mikið að það er hægt að vinna málminn úr grjótinu.

„Það er mjög vinnanlegt, flest sýnin eru ótrúlega lofandi. En við þurfum að vera viss um að jarðhitakerfið í Þormóðsdal nái að skila nógu miklu í heild áður en farið verður í svoleiðis framkvæmdir,“ segir Þorsteinn.

Gullvinnsla hefur löngum verið gagnrýnd af umhverfisverndarsinnum í heiminum þar sem mikið magn kvikasilfurs er notað til að skilja málminn úr grjótinu. Því er svo skolað út í umhverfið, en þó er misjafnt eftir löndum hvernig vinnslan fer fram. Þorsteinn segist vonast til að hægt verði að vinna úr gullinu úr Þormóðsdal hér, einkum vegna hreinleika þess sem þýði minna rask fyrir umhverfið.

„Þegar hægt verður að sýna fram á að þetta verði umhverfislega vænlegt vona ég að svo verði. Það er möguleiki að vinna þetta hér,“ segir hann. „En ég þori ekki að segja neitt meira. Kannski verður þetta flutt til útlanda, til Bretlands eða Grænlands. Það er gull unnið inni í fjalli.“

Ekki náðist í Svandísi Svavarsdóttur umhverfisráðherra í gærkvöld vegna málsins.

sunna@frettabladid.is




**VIÐ HAFRAVATN** Boranir eftir gulli í Þormóðsdal eru ekki nýjar af nálinni en þetta er þó í fyrsta sinn sem svo mikið magn af málminum góða finnst á svæðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**GULLSTANGIR** Þau 400 grömm af gulli sem mældust í grjótinu eru vel vinnanleg, að sögn Þorsteins.

Meira hrossakjöt í matvöru:

# Nautakjöt tekið úr umferð

**PORTÚGAL, AP** Yfirvöld í Portúgal gerðu 79 tonn af nautaafurðum upptæk á þriðjudaginn eftir að í þeim fannst hrossakjöt. Fimm matvælafyrirtæki voru kærð í kjölfarið.

Samkvæmt Matvælastofnun Portúgals hafa tæplega 19 þúsund eintök af forpökkuðum matvælum verið fjarlægð úr stórverslunum, þar á meðal pakkar sem innihalda lasanja, hamborgara, og kjötbollur. Víða í Evrópu hefur hrossakjöt fundist bæði í forpökkuðum réttum og á veitingastöðum, í skólum, og á sjúkrahúsum. **-hj**

Fær 1,8 milljónir í bætur:

# Saklaus í haldi þriðjung úr ári

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt íslenska ríkið til að greiða 34 ára þýskri konu 1,8 milljónir í bætur fyrir það þegar hún var látin sitja í gæsluvarðhaldi í 117 daga frá sumrinu 2010.

Konan kom til landsins með Norrænu 17. júní 2010, í bíl sem í fundust tuttugu lítrar af amfetamínbasa. Með konunni í för var sex ára sonur hennar og önnur þýsk kona sem síðan var dæmd í átta ára fangelsi fyrir smyglið. Hin konan var hins vegar sýknuð og ekki talin hafa vitað af fíkniefnunum. **- sh**

Glös fyrir stór og smá tilefni



FASTUS_H_28.02.13

Hjá Fastus fæst mikið úrval af glösum fyrir stóra og litla veitingastaði. Komið í verslun okkar að Síðumúla 16 og látið fagmenn hjálpa ykkur við að velja réttu glösin.

FASTUS

Síðumúli 16 | 108 Reykjavík | Sími 580 3900 | www.fastus.is
Verslun opin mán - fös 8.30 - 17.00

Sjávarútvegsráðherrar ESB ná sögulegu samkomulagi í áralöngu deilumáli:

# Brottkast aflagt á næstu árum

**EVRÓPUMÁL** Sjávarútvegsráðherrar Evrópusambandsins (ESB) hafa náð samkomulagi um að brottkast á fiski verði aflagt í áföngum á tímabilinu frá janúar 2014 til ársins 2019. Samþykkt Evrópuþingsins þarf til að samkomulagið hljóti gildi en fréttaskýrendur telja það aðeins formsatriði. Bannið tekur á næsta ári til uppsjávarfisks, eins og kolmunna og síldar. Brottkast á bolfiski kemur til síðar á fimm ára aðlögunartíma.

Samkomulagið er túlkað sem risaskref í rétta átt til að laga sameiginlega sjávarútvegsstefnu sambandsins. Það er afstaða norðlægra landa innan ESB, sem hafa keyrt málið áfram í andstöðu við Spán, Portúgal og Frakkland, sem hafa spyrnt við fótum um árabil. Fyrrnefndar þjóðir náðu fram undanþágum, til dæmis heimildum til brottkasts á úthafsveiðum, en menn hafa efasemdir um að undanþágur verði hluti af lokagerð samningsins.

Afstaða háttsettra embættismanna er höfð til vitnis um það en María Damanaki, sjávarútvegsstjóri ESB, hefur lýst því yfir að ótækt sé að kasta fiski.

Richard Lochhead, sjávarútvegsráðherra Skotlands, segir í fréttatilkynningu þarlendra stjórnvalda að samkomulagið marki endi á „30 ára hneyksli“, og að samkomulagið sé raunhæft; milljónum tonna verði ekki lengur hent frá borði. Almennt er talið að fjórðungi veiddra afla innan lögsögu ESB sé kastað aftur í sjóinn. **- shá**



**Á VEIÐUM** Allt að fjórðungi alls afla skipa ESB er kastað aftur frá borði. Um milljónir tonna er að ræða á síðustu árum.



# Krít
## Miklu meira en sólarströnd!

**Kynningarafsláttur** ef bókað er fyrir 17. mars

## upplifðu
- Sögu og menningu
- Grískar matkrár, taverna
- Gamla bæinn og feneysku höfnina
- Elafonisi
- Fallegar strendur
- Grísku eyjuna Santorini
- Knossos
- Samarisgljúfrið
- Líflegt næturlíf
- Vatnagarða
- Viðurkennda köfunarskóla
- Eitthvað fyrir alla



**Fjölskylduvænn áfangastaður**

**Oscar Village & Suites**

30. maí - 13. júní

**Verð frá 119.600kr.**

á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð m/1 svefnh.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.

Verð á mann m.v. 2 í íbúð m. 1 svefnh. 139.000 kr.

**Allt innifalið**
**Tvær vikur**

**Sunrise Hotel**

13. - 27. júní

**Verð frá 169.000kr.**

Íbúð á 2 hæðum (maisonette) fyrir 2 fullorðna og 2 börn, allt innifalið.

Innifalið: Flug, flugvallarskattar, gisting og íslensk fararstjórn.

Verð á mann m.v. 2 í stúdíó 186.500 kr.

## ferðaskrifstofa á netinu

**ferð.is** er íslensk ferðaskrifstofa sem einungis er starfrækt í gegnum netið. Íslendingum gefst með **ferð.is** kostur á að kaupa ódýrar ferðir á netinu án þess að slaka á kröfum um öryggi, þjónustu og góðan aðbúnað.

*Verð í auglýsingu eru með kynningarafslætti

Fljúgðu fyrir minna

**ferð.is**
**sími 570 4455**

ferð.is

ÍSLENSKA SIA.IS FER 69203 01/13

## GENGIÐ 27.02.2013

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 125,98 | 126,58 |
| Sterlingspund | 190,62 | 191,54 |
| Evra | 164,94 | 165,86 |
| Dönsk króna | 22,115 | 22,245 |
| Norsk króna | 22,064 | 22,194 |
| Sænsk króna | 19,537 | 19,651 |
| Japanskt jen | 1,3743 | 1,3823 |
| SDR | 190,63 | 191,77 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**
225,1644

Starfsmaður timburverksmiðju í Sviss skaut á fólk á vinnustað sínum í timburverksmiðju:

# Myrti tvo samstarfsfélaga og særði sjö aðra

**SVISS, AP** Rúmlega fertugur starfsmaður timburverksmiðju í Sviss dró upp skammbyssu og hóf skothríð á fólk á vinnustað sínum í gærmorgun.

Tveir lágu í valnum eftir hildarleikinn. Sjö særðust, þar af sex alvarlega, og sjálfur lét byssumaðurinn lífið.

Maðurinn lét til skarar skríða um leið og hann mætti á vinnustað sinn í smábænum Menznau rétt upp úr klukkan níu. Framkvæmdastjóri verksmiðjunnar segir hann hafa starfað þar í meira en tíu ár. Hann hafi verið fámæltur en aldrei verið til vandræða fyrr.

Skotvopnaeign er mjög útbreidd í Sviss. Alls eru 2,3 milljónir skotvopna í eigu landsmanna, sem eru alls um átta milljónir.

Glæpir tengdir skotvopnum eru á hinn bóginn frekar fátíðir. Árið 2009 létu 24 manns lífið af völdum skotsára, sem þýðir að hlutfallið er 0,3 af hverjum 100 þúsund íbúum landsins. Í Bandaríkjunum er þetta hlutfall ellefu sinnum hærra. - gb

**SKOTÁRÁS Í SVISS**






**ÆVINTÝRALAND** Sumarbúðirnar hafa verið á Kleppjárnsreykjum undanfarin ár.

Sumarbúðum lokað:

## Ævintýraland lagt niður í bili

**SAMFÉLAGSMÁL** Sumarbúðunum Ævintýralandi hefur verið lokað og verða þær ekki starfræktar að Kleppjárnsreykjum í sumar. Ástæða þess að starfsemin hefur verið lögð niður eru rekstrarerfiðleikar.

Sumarbúðirnar voru starfræktar í fimmtán ár og komu þúsundir barna í þær á þeim tíma. Forsvarsmenn þeirra segjast vonast til þess að einhvern daginn verði hægt að byggja upp starfið að nýju. „Við viljum þakka innilega öllum þeim þúsundum barna sem hafa komið til okkar, skemmt sér með okkur og gefið til baka ómælda gleði.“ - þeb

Ástarsambönd yfirmanna:

## 30% átt í ástarsambandi við undirmann

**SVÍÞJÓÐ Þrjátíu prósent sænskra yfirmanna hafa átt í ástarsambandi við einhvern í vinnunni en 40% hafa daðrað. Helmingur yfirmanna segir starfsmenn hafa daðrað við sig. Þetta eru niðurstöður könnunar meðal 870 yfirmanna sem sænskt tímarit lét gera.**

**Ástarsambönd í vinnunni voru algengari meðal yngri yfirmanna en eldri.** - ibs

Sigur fyrir Strauss-Kahn:

## Braut á friðhelgi Strauss-Kahn

**FRAKKLAND, AP Lögmaður Dominique Strauss-Kahn hrósar sigri eftir að útgefandi var dæmdur til að bæta fylgiskjali við bókina „Fríða og dýrið“ eftir Marcelu Iacub.**



**STRAUSS-KAHN**

**Bókin fjallar um kynferðislegt samband Strauss-Kahn við höfundinn og í fylgiskjalinu skal tekið fram að bókin brjóti gegn rétti Strauss-Kahn til friðhelgi einkalífs síns.**

**Ef útgefandinn hlítir ekki úrskurði dómarans þarf hann að greiða 50 evrur, sem nema rúmlega 8.000 krónum, fyrir hvert selt eintak af bókinni.** - möþ

Leiðtogi handtekinn í gær:

## Dró sér fé fyrir lýtaaðgerðum

**MEXÍKÓ, AP** Leiðtogi kennarasambandsins í Mexíkó var handtekinn á Toluca-flugvelli síðla þriðjudags.

Elba Ester Gordillo er ásökuð fyrir að hafa dregið sér um 160 milljónir dollara úr sjóði kennarasambandsins. Peningarnir fóru í fatakaup, lýtaaðgerðir og húseign í San Diego.

Handtakan átti sér stað degi eftir að forseti Mexíkó undirritaði nýja lagasetningu sem á að uppræta spillingu innan menntakerfisins. Engin skrá er til yfir fjölda skóla, kennara, eða nemenda í Mexíkó. Nýju lögin munu leyfa slíka skrásetningu í fyrsta sinn. - hj

# Fundu ekkert kjöt í íslenskri kjötböku

Ekkert nautakjöt fannst í tveimur vörum fyrirtækisins Gæðakokka við rannsókn þrátt fyrir merkingar þar um. Eigandi fyrirtækisins rengir að hluta niðurstöðuna og vill frekari rannsókn. Mjög áreiðanlegar niðurstöður, segir Matvælastofnun.




**NAUTABAKA** Sýnin innihéldu ekkert kjöt yfir höfuð, sem stenst ekki, segir framleiðandinn. MYND/MATVÆLASTOFNUN

**NEYTENDAMÁL** Rannsókn Matvælastofnunar á íslenskum kjötvörum leiddi í ljós að ekkert kjöt var í kjötböku fyrirtækisins Gæðakokka í Borgarnesi. Framkvæmdastjóri rengir niðurstöðuna en viðurkennir handvömm við merkingar á lambakjötsbollum fyrirtækisins sem innihalda ekkert nautakjöt, eins og segir í merkingum vörunnar. Hann óttast að orðspor fyrirtækisins hafi beðið alvarlegan skaða – að hluta til að ósekju.

Matvælastofnun lét nýverið rannsaka kjötinnihald sextán íslenskra matvara á markaði til að kanna hvort þær innihéldu hrossakjöt án þess að þess væri getið á umbúðum, en rannsóknin var viðbragð stofnunarinnar við hrossakjötshneykslinu í Evrópu. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að hrossakjöti hafði ekki verið blandað í vörurnar. Hins vegar reyndust tvær vörur frá Gæðakokkum í Borgarnesi ekki innihalda nautakjöt þrátt fyrir merkingar þar um. Nautabaka sem sögð er innihalda 30% nautahakk í fyllingu innihélt ekkert dýraprótein. Lambahakkbollur, sem eru framleiddar af sama aðila fyrir verslunina Kost og sagðar innihalda lamba- og nautakjöt, innihéldu eingöngu lambakjöt.

Magnús Níelsson, framkvæmdastjóri og eigandi Gæðakokka, segist enga skýringu hafa á niðurstöðu Matvælastofnunar. Að sjálfsögðu sé nautahakk í kjötbökunni. „Ég er ekki að segja að þetta sé stútfullt af hakki, en við notum sojahakk til að drýgja auk þess sem nautakraftur er í vörunni sem krydd. Ég veit hvernig uppskriftirnar eru og þessi niðurstaða er því með ólíkindum,“ segir Magnús, sem vill frekari rannsókn. Hvað varðar lambahakkbollurnar segir Magnús að rétt sé að í því sé ekki nautahakk, eins og áður var, og handvömm að hafa ekki breytt merkingunum strax.

> **Ég er ekki að segja að þetta sé stútfullt af hakki, en við notum sojahakk til að drýgja auk þess sem nautakraftur er í vörunni sem krydd.**
> *Magnús Níelsson, framkvæmdastjóri og eigandi Gæðakokka*

Spurður um orðspor fyrirtækisins og framtíð þess segist Magnús vera óttasleginn. „Auðvitað kemur þetta illa við mann, ef um fólsun á innihaldslýsingum væri að ræða. En ég ítreka, hvað varðar bökurnar, að við sleppum ekki að setja í þær kjöt.“

Kjartan Hreinsson, sérgreinadýralæknir hjá Matvælastofnun, segir rannsóknina skothelda. „Þetta var unnið af Matís, okkar bestu rannsóknastofnun, sem notar viðurkenndar aðferðir á heimsvísu. Nær sannleikanum komumst við einfaldlega ekki.“

Kjartan segir að innan Matvælastofnunar hafi ekki að svo komnu máli verið tekin ákvörðun um frekari rannsóknir á matvörum í ljósi fyrirliggjandi niðurstöðna. „Það yrði þá gert í næsta mánuði, komi til þess,“ segir Kjartan.

svavar@frettabladid.is




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi







**Á morgun**
8-15 m/s.




**Laugardagur**
3-10 m/s.

**MILT OG SVALT** Það verður heldur svalara á landinu í dag miðað við síðustu viku en hlýnar á ný í kvöld með mildu veðri víðast hvar á morgun. Kólnar heldur strax á laugardag og má búast við talsverðu frosti í byrjun næstu viku.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 14° | Billund | 8° | Gautaborg | 4° | London | 9° | Orlando | 23° | San Francisco | 17° |
| Basel | 6° | Frankfurt | 5° | Kaupmannahöfn | 4° | Mallorca | 15° | Ósló | 3° | Stokkhólmur | 2° |
| Berlín | 4° | Friedrichshafen | 6° | Las Palmas | 19° | New York | 10° | París | 4° | | |



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is,* Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is,* Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is,* Sigrún Kristinsdóttir *sigrunp@365.is,* Sigurjón Viðar Friðriksson *sigurjon@365.is,* Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Steinunn Sandra Guðmundsdóttir *ssg@365.is,* Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*




# SKÓDAGAR
## Í ELLINGSEN

Komdu og gerðu góð kaup á skódögum Ellingsen.
Vandaðir gönguskór, kuldaskór, barnaskór og gúmmískór á frábæru verði!



**VIKING GENESIS GÖNGUSKÓR**
Stærðir 36–46
**24.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 35.990 KR.



**VIKING ALPHA GÖNGUSKÓR**
Stærðir 40–47
**29.592 KR.**
VERÐ ÁÐUR 36.990 KR.



**VIKING FOX GÚMMÍSTÍGVÉL SVÖRT OG RAUÐ**
Stærðir 36–42
**7.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 9.990 KR.



**VIKING STETIND GÖNGUSKÓR**
Stærðir 38–48
**34.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 49.990 KR.



**SOREL CARIBOU BRÚNIR**
KK og KVK stærðir
**19.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 29.990 KR.



**VIKING KADETT GÚMMÍSTÍGVÉL, BLÁ**
Stærðir 42–46
**6.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 8.990 KR.



**COLUMBIA SILCOX KULDASKÓR**
Stærðir 41–48
**14.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 27.990 KR.



**VIKING SKAGEN GÚMMÍSKÓR**
Stærðir 36–42
**7.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 9.990 KR.



**VIKING JOLLY GÚMMÍSTÍGVÉL**
Barnastærðir 21–35
**3.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 4.990 KR.



**COLUMBIA TALUS GÖNGUSKÓR**
Háir 43–49
Lágir 38–43
**19.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 36.990 KR.



**VIKING WOODPECKER GÖNGUSKÓR**
Barnastærðir 20–26
**9.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 14.990 KR.



**VIKING KICKS GÚMMÍSKÓR**
Stærðir 35–41
**7.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 9.990 KR.

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 130680

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvaða heimsfrægi leikari bauð Jóni Gunnari Þórðarsyni að leikstýra Macbeth í Old Vic?
**2.** Hvað hefur Gylfi Þór Sigurðsson skorað mörg mörk í ensku úrvalsdeildinni frá því að hann gekk til liðs við Tottenham Hotspur?
**3.** Hver er formaður Fimm stjörnu hreyfingarinnar á Ítalíu?

SVÖR

1. Kevin Spacey 2. eitt 3. Beppe Grillo

Átak aðildarfélaga ASÍ gegn verðhækkunum með vefnum Vertu á verði:

# Birta ábendingar frá neytendum á vefnum

**NEYTENDUR** „Fór í blóðprufu 28. desember 2012, þá kostaði hún 1.800 krónur, þurfti aftur í blóðprufu í gær 26. febrúar 2013 og þá kostaði hún 1.900 krónur. Ríkið að standa vörð um heilbrigðiskerfið eða hvað!“

Ofangreind ábending er ein af mörgum sem almenningur hefur sett inn á vefinn www.vertuaverdi.is sem opnaður var núna í vikunni. Um er að ræða átak aðildarfélaga ASÍ sem ætlað er að veita fyrirtækjum og stofnunum aðhald í verðlagsmálum og vekja neytendur til aukinnar vitundar.

„Ábendingarnar koma úr ýmsum áttum og varða opinbera aðila, þjónustufyrirtæki og verslanir. Í sumum tilfellum er um umtalsverðar hækkanir að ræða,“ segir Henný Hinz, hagfræðingur hjá ASÍ, og lýsir um leið yfir ánægju sinni með viðbrögð almennings.

Hún segir ekki verða kannað í öllum tilvikum hvort neytendur fari rétt með. „Þetta er fyrst og fremst hugsað til að veita aðhald og skapa umræðu en við munum fylgjast með því að velsæmis sé gætt.“

Henný bendir á að þegar verðbólgan sé mikil og verðlag óstöðugt sé enn erfiðara fyrir neytendur að fylgjast með. „Það verður hætta á ákveðinni deyfð hjá þeim og auðveldara fyrir fyrirtæki að koma að hækkunum sem kannski er ekki hægt að réttlæta með beinum hætti. Þetta verður svolítið frítt spil.“ **- ibs**




**VEFUR ASÍ** Neytendur geta sett ábendingar inn á vef ASÍ.

Segja Pétur hafa brotið lög:

## Meinað að stýra fyrirtæki

**VIÐSKIPTI Pétri Einarssyni, forstjóra Straums, hefur verið meinað að stýra fyrirtæki í Bretlandi næstu fimm árin. Ástæðan er sú að skattayfirvöld í Bretlandi segja að hann hafi brotið gegn skattalögum þar í landi.**



**PÉTUR EINARSSON**

**Í frétt á vef breskrar ríkisstofnunar, The Insolvency Agency, segir að fyrirtæki sem Pétur stýrði, Cbridge Limited, hafi farið í greiðslustöðvun árið 2010 og þá skuldað 192 þúsund pund í skatt. Þá kemur þar fram að tveimur árum áður en fyrirtækið fór í þrot hafi Pétur greitt sjálfum sér 100 þúsund pund út úr fyrirtækinu en ekki gert tilraun til að gera upp skattaskuldina.** - jhh

Viðurkenndi vændiskaup:

## Saksóknari keypti vændi

**SVÍÞJÓÐ** Lögreglumenn í Stokkhólmi handtóku mann á mánudag fyrir vændiskaup, og reyndist hann vera yfirsaksóknari.

Saksóknarinn var handtekinn fyrir utan hótelherbergi í borginni. Að sögn sænskra fjölmiðla var lögreglumönnunum brugðið þegar þeir áttuðu sig á því að hinn handtekni var sá sem ætti undir venjulegum kringumstæðum að fá tilkynningu um glæpinn.

Saksóknarinn hefur viðurkennt að hafa keypt vændi og haft er eftir honum í fjölmiðlum að vegna reynslu sinnar vissi hann að það heimskulegasta í stöðunni væri að ljúga. - þeb

# Rannsóknarnefndir þurfa tvo og fjóra mánuði í viðbót

Forseti Alþingis segir að breyta þurfi lögum um rannsóknarnefndir í ljósi þess hversu lengi nefndirnar um Íbúðalánasjóð og fall sparisjóðanna hafa starfað. Kostnaðurinn við þær nemur þegar hálfum milljarði.

**ALÞINGI** Rannsóknarnefnd Alþingis um fall sparisjóðanna þarf minnst fjóra mánuði til viðbótar til að ljúka vinnu sinni. Þetta kom fram á fundi nefndarmanna með forsætisnefnd Alþingis í síðustu viku, að sögn Ástu Ragnheiðar Jóhannesdóttur þingforseta.

Forsætisnefnd fundaði einnig með rannsóknarnefndinni um Íbúðalánasjóð, og þar kom fram að nefndin stefndi að því að ljúka vinnu sinni eftir um tvo mánuði, eða í apríllok.

Báðar nefndirnar áttu samkvæmt því sem sagði í þingsályktunum að skila skýrslum sínum í fyrrasumar, en skilin hafa frestast ítrekað.

„Það er auðvitað áhyggjuefni, bæði mitt og fleiri, hvað þetta tekur langan tíma og hvað þetta er dýrt,“ segir Ásta Ragnheiður. Heildarkostnaðurinn við nefndirnar tvær hafi numið 506 milljónum til dagsins í dag, sem sé 25 milljónum fram úr fjárheimildum.

Hún segir þetta kalla á endurskoðun laganna um rannsóknarnefndir, sem Alþingi setti árið 2011. „Þetta er í fyrsta skipti sem við erum með svona löggjöf og látum vinna svona fyrir okkur. Við þurfum án efa að endurskoða lögin og meta ýmsa þætti í ljósi reynslunnar.“

Rannsóknarnefndin um fall sparisjóðanna var skipuð í lok ágúst 2011 og átti upphaflega að skila skýrslu sinni 1. júní í fyrra.

Hrannar Már S. Hafberg, formaður nefndarinnar, segist telja að nefndinni hafi verið skammtaður of naumur tími til vinnunnar.

„Ég veit bara ekki hvort menn hafi áttað sig á umfangi verkefnisins. Þingsályktunin er ansi víðtæk og þetta er fjöldi fjármálafyrirtækja sem nefndinni er gert að rannsaka mjög ítarlega, og bera auk þess saman lagaumhverfi sparisjóðanna á Íslandi og í nágrannalöndunum.“ Í raun gæti rannsókn af þessu tagi hæglega tekið fjöldamörg ár, að hans sögn.

Þá hafi það óneitanlega haft einhver áhrif þegar fyrrverandi formaður, Sigríður Ingvarsdóttir héraðsdómari, sagði sig frá verkefninu í haust.



**NEFNDIRNAR SKIPAÐAR** Nefndirnar tvær voru kynntar á blaðamannafundi í september 2011. Síðan eru liðnir átján mánuðir.

Hrannar segir skýrsluskrifin komin vel á veg, en vill ekki tjá sig um hversu viðamikil skýrslan verði. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er þó líklegt að hún verði, þegar allt er talið, á stærð við skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis sem kynnt var 2010.

Nefndin um Íbúðalánasjóð var skipuð í byrjun september 2010 og veittur enn skemmri tími til vinnunnar; átti að skila af sér í byrjun mars í fyrra.

„Ég fullyrði að matið í okkar tilviki var óraunhæft – mjög, mjög, mjög óraunhæft,“ segir Sigurður Hallur Stefánsson, formaður nefndarinnar. „Í öðru lagi þá hefur þetta verkefni undið upp á sig, sem erfitt er að skýra fyrr en skýrslan kemur út og sést við lestur hennar.“ stigur@frettabladid.is

**506** milljónir hefur það kostað að starfrækja nefndirnar tvær frá haustinu 2011 og til dagsins í dag. Kostnaðurinn á enn eftir að aukast.

**Ég fullyrði að matið í okkar tilviki var óraunhæft – mjög, mjög, mjög óraunhæft.**
*Sigurður Hallur Stefánsson formaður nefndar um Íbúðalánasjóð*




Sjónmælingar (tímapantanir): Optical Studio Smáralind, s. 528 8500 og Optical Studio Keflavík, s. 421 3811

NÝTT

# *BB*

*Skin Perfecting Cream*
*sólvarnarstuðull (SPF) 25*
*Endurnærir. Verndar. Fullkomnar.*

## Einstaklega falleg húð.

Andlitsfarði sem býr yfir ákjósanlegustu kostum húðumhirðuvöru, samsetning þess allra besta og virkasta sem Clarins hefur upp á að bjóða.
Rétt eins og húðin sé sveipuð undurfínni silkislæðu laðar þessi létti og þægilegi farði fram náttúrulega fegurð um leið og hann kemur í veg fyrir að misfellur og þreytulegt yfirbragð sjáist.
Á einu augnabliki verður litarháttur húðarinnar fullkominn en á sama tíma fær húðin bæði nauðsynlega næringu og vernd, þökk sé orkugefandi þykkni úr kívíávextinum* og öflugri sólarvörninni.
Háþróuð förðunarvara og árangurinn verður einstaklega falleg húð.
Clarins er í 1. sæti þegar kemur að lúxushúðsnyrtivörum á Evrópumarkaði**.

*In vitro prófað.
**Heimild: European Forecasts






# CLARINS

## Clarins dagar í verslunum Hagkaups

**Dagana 28. febrúar - 6. mars.**

**Glæsilegur kaupauki* fylgir þegar verslað er fyrir 6.900 kr. eða meira.**

Líttu við og kynntu þér það allra nýjasta frá Clarins.




*Gildir meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## HEIMURINN






### Hagel tekinn við

**1** **BANDARÍKIN** Chuck Hagel er tekinn við af Leon Panetta sem varnarmálaráðherra Bandaríkjanna. Öldungadeild Bandaríkjanna féllst á þriðjudag á útnefningu hans í embættið af Barack Obama forseta. Margir þingmenn voru þó ósáttir við niðurstöðuna. Atkvæðagreiðslan fór þannig að 58 þingmenn studdu Hagel en 41 var á móti. Aldrei áður hefur varnarmálaráðherra fengið jafn lítinn stuðning í öldungadeild.

### Sviptur ljónum og björnum

**2** **RÚMENÍA** Rúmenskur glæpamaður, sem kallaður er Nutzu veðlánari, hefur verið ákærður fyrir að stjórna glæpagengi sem sakað er um að hafa framið mannrán og fjárkúganir, haft ólögleg vopn í fórum sínum og gert tilraun til manndráps. Almenningur hefur þó meiri áhuga á gæludýrunum hans, sem þykja í óvenjulegri kantinum: Maðurinn átti fjögur ljón og tvo birni, sem nú hafa verið tekin í vörslu hins opinbera.

### Óttast útbreiðslu

**3** **ÍRAK** Nouri Al Maliki, forsætisráðherra Íraks, óttast að stríðið í Sýrlandi geti breiðst út til nágrannaríkjanna, bæði Líbanons og Íraks. Hann hvetur alþjóðasamfélagið til að koma sér saman um lausn sem gæti bundið enda á átökin: „Hvorki stjórnarandstaðan né stjórnarherinn geta sigrast á hinum.“ Al Maliki er sjía-múslimi, rétt eins og Bashar al Assad Sýrlandsforseti og stuðningsmenn hans í Líbanon og Íran.

## Grænar grundir á Suðurlandi



**GRÆN TÚN Í FEBRÚAR VIÐ GUNNBJARNARHOLT Í SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPI** Arnar Bjarni Eiríksson, bóndi í Gunnbjarnarholti, segir gras þar hreinlega byrjað að spretta. „Þetta er alveg einstakt núna. Allur klaki er farinn og í síðustu viku fórum við meira að segja að tæta óbrotið land sem maður hefur aldrei nokkurn tímann gert í febrúar.“ Arnar Bjarni segist þó hafa vissar áhyggjur af mögulegu kuldakasti. „Ef það kemur kuldakast síðar getur það dregið mikinn dilk á eftir sér. Það er allra veðra von á þessum árstíma en maður eiginlega bíður og vonar núna að ef það kemur kuldakast snjói áður svo það verði smá hula yfir túninu.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

NISSAN 2012 ÁRGERÐ - LÍTIÐ EKNIR!
6 stk til sölu
NISSAN PATHFINDER SE DÍSIL
NISSAN PATHFINDER SE SJÁLFSKIPTUR
NÝSKRÁÐUR 05/2012, ek. 23 þ.km
VERÐ ÁÐUR KR. 7.690.000
TILBOÐSVERÐ!
6.990 þús.



ALLT AÐ 80% LÁNAMÖGULEIKAR
TÖKUM NOTAÐA BÍLA UPP Í
Erum að losa lager og því eru til sölu með frábærum afslætti síðustu eintökin okkar af lítið eknum Nissan Pathfinder árgerð 2012. Nissan Pathfinder er afar rúmgóður jeppi með öflugri dísilvél, mjög öflugu drifkerfi, mjúkri fjöðrun og er hlaðinn staðalbúnaði. Bílarnir eru til reynsluaksturs og sölu hjá Bílalandi Klettháls 11 og Breiðhöfða. Komdu strax í dag og gerðu frábær kaup!
bílaland
Klettháls 11 og Breiðhöfða -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
WWW.FACEBOOK.COM/BILALAND.IS



## N1 KORTHAFAR FYLLA Á BÍLINN OG BAUKINN Í DAG

# 8 KR. AFSLÁTTUR AF ELDSNEYTI Í DAG!




N1 korthafar um allt land fylla á tankinn og bæta í sparibaukinn um leið í dag því þeir fá 8 kr. afslátt af eldsneytislítranum.*

Þessu til viðbótar safna N1 korthafar að sjálfsögðu jafn mörgum punktum og venjulega en einn punktur jafngildir einni krónu í öllum viðskiptum við N1.

**N1 korthafar byrja marsmánuð með fullan tank og bros á vör!**

* Athugið að hefðbundin afsláttarkjör bætast ekki ofan á sértilboð dagsins.

FÍTON / SÍA

WWW.N1.IS

N1 Meira í leiðinni

# Kjósendur aldrei haft fleiri valkosti

Innanríkisráðuneytið hefur úthlutað listabókstöfum til þrettán stjórnmálasamtaka sem ætla sér að bjóða fram til næstu þingkosninga. Nokkur framboð hafa dregið sig til baka og eitt hefur sótt um en ekki fengið staf. Fréttablaðið skoðaði flokkana fjórtán og forsvarsmenn þeirra.



**Sunna Valgerðardóttir**
sunna@frettabladid.is

Eins og staðan er í dag munu fjórtán stjórnmálaflokkar bjóða fram til næstu Alþingiskosninga sem haldnar verða þann 17. apríl næstkomandi. Fjöldi framboða hefur aldrei verið fleiri. Næstmesti fjöldi flokka í kosningum var árin 1978 og 1991, þegar kjósendum gafst kostur á að velja úr ellefu framboðum. Meðal flokka sem buðu fram árið 1978 voru Stjórnmálaflokkurinn, Fylking baráttusinnaðra kommúnista og Kommúnistaflokkur Íslands. Árið 1991 má nefna Heimastjórnarsamtökin, Grænt framboð, Samtök öfgasinnaðra jafnaðarmanna og Verkamannaflokkur Íslands. Enginn þeirra náði manni á þing.

Ekki hafa allir flokkarnir gefið út, valið eða kosið formann, en sumir hafa farið óhefðbundnar leiðir í þeim efnum og munu ekki hafa neinn formann. Gamli fjórflokkurinn hefur sína formenn, sem kosnir voru á nýafstöðnum landsfundum eins og greint hefur verið frá.

Samkvæmt lögum þurfa framboð sem bjóða fram í öllum kjördæmum að hafa 126 manns á lista, sem er tvöfaldur fjöldi þingsæta, ef svo ólíklega vildi til að hreinn meirihluti næðist á þinginu. Þá þurfa að vera til staðar 63 þingmenn og annar eins fjöldi varamanna. Einnig þurfa framboðin að skila inn 300 undirskriftum löggildra kjósenda til að þau fáist gild.






**A-LISTI**
**BJÖRT FRAMTÍÐ**
**Heiða Kristín Helgadóttir**



**B-LISTI**
**FRAMSÓKNARFLOKKUR**
**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson**



**D-LISTI**
**SJÁLFSTÆÐISFLOKKUR**
**Bjarni Benediktsson**



**G-LISTI**
**HÆGRI GRÆNIR – FLOKKUR FÓLKSINS**
**Guðmundur Franklín Jónsson**



**H-LISTI**
**HÚMANISTAFLOKKURINN**
**Júlíus Valdimarsson**



**I-LISTI**
**LÝÐVELDISFLOKKURINN**
(L til vara) - er í umsókn
**Kristján Snorri Ingólfsson**



**K-LISTI**
**FRAMFARAFLOKKURINN**
(er í umsókn)
**Sturla Jónsson**



**L-LISTI**
**LÝÐRÆÐISVAKTIN**
(er í umsókn)
**Þorvaldur Gylfason**



**R-LISTI**
**ALPÝÐUHREYFINGIN**
(er í umsókn)
**Þorvaldur Þorvaldsson**



**S-LISTI**
**SAMFYLKINGIN**
**Árni Páll Árnason**



**T-LISTI**
**DÖGUN – stjórnmálasamtök um réttlæti, sanngirni og lýðræði**
**Ásta Hafberg S.**



**V-LISTI**
**VINSTRIHREYFINGIN – GRÆNT FRAMBOÐ**
**Katrín Jakobsdóttir**



**P-LISTI**
**PÍRATAR**
(er í umsókn)
**Birgitta Jónsdóttir**



**ÞJÓÐARFLOKKURINN**
(hefur sótt um listabókstaf)
**Pétur Valdimarsson**

## → Hvert framboð þarf 126 manns á lista

- Þegar alþingiskosningar eiga að fara fram skulu öll framboð tilkynnt skriflega yfirkjörstjórn þeirri sem í hlut á eigi síðar en kl. 12 á hádegi 15 dögum fyrir kjördag. Í ár rennur frestur þá út þann 12. apríl.
- Á framboðslista skulu vera nöfn tvöfalt fleiri frambjóðenda en nemur þingsætum í kjördæminu, hvorki fleiri né færri. Hver flokkur þarf því að hafa 126 manns á lista þar sem þingsæti eru 63 ef boðið er fram í öllum kjördæmum.
- Við sömu alþingiskosningar má enginn bjóða sig fram á fleiri framboðslistum en einum.
- Hyggist stjórnmálasamtök sem hafa ekki skráðan listabókstaf bjóða fram lista við alþingiskosningar skal það tilkynnt eigi síðar en þremur sólarhringum áður en framboðsfrestur rennur út. Tilkynningin skal undirrituð af a.m.k. 300 kjósendum.

*Úr lögum um kosningar til Alþingis*

→ Alþingiskosningar verða haldnar hinn 27. apríl 2013. Þær verða 21. kosningarnar til Alþingis frá stofnun lýðveldisins.

## BJÓÐA LÍKLEGA EKKI FRAM

**C-LISTI** Samstaða – flokkur lýðræðis og velferðar
**E-LISTI** Bjartsýnisflokkurinn
**O-LISTI** Borgarahreyfingin
**P-LISTI** Lýðræðishreyfingin
**F-LISTI** Frjálslyndi flokkurinn

## LAUSIR BÓKSTAFIR

**J**-listi **M**-listi **N**-listi **Q**-listi **U**-listi
**Y**-listi **Æ**-listi

**FRÉTTABLAÐIÐ 13. FEBRÚAR 2013** Breyta verður lögum um kjörseðla vegna fjölda framboða. Seðillinn nær að óbreyttu yfir hálft skrifborð segir innanríkisráðuneytið.


FRÉTTABLAÐIÐ
Miðvikudagur 13. febrúar 2013 37. tölublað 13. árgangur Sími: 512 5000
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
FRÉTTIR
**Fjöldi lista sprengir kjörseðla**
Breyta verður ákvæði kosningalaga um kjörseðla vegna mikils fjölda framboðslista í alþingiskosningunum. Fimmtán möguleg framboð í spilinu. Seðillinn nær yfir hálft skrifborð að óbreyttu segir innanríkisráðuneytið.
**Mögulegir framboðslistar 2013**
**Framboðslistar 2009**
B-listi Framsóknarflokkur
D-listi Sjálfstæðisflokkur
F-listi Frjálslyndi flokkurinn (hyggst bjóða fram með Dögun)
S-listi Samfylkingin
V-listi Vinstri hreyfingin – grænt framboð
O-listi Borgarahreyfingin (hyggst bjóða fram með Dögun)
P-listi Lýðræðishreyfingin (ekki vitað um framboð nú)
**Ný framboð með listabókstaf**
C-listi Samstaða – flokkur lýðræðis og velferðar (hætt við framboð)
G-listi Hægri grænir
E-listi Bjartsýnisflokkurinn
A-listi Björt framtíð
H-listi Húmanistaflokkurinn
**Óafgreitt**
T-listi Dögun
Þ-listi Píratar
Alþýðufylkingin (er í startholunum)

www.volkswagen.is




Volkswagen Caddy

# Góður vinnufélagi

Caddy er áreiðanlegur, sparneytinn og þægilegur í allri umgengni. Lipur vinnuþjarkur með frábæra aksturseiginleika og ríkulegan staðalbúnað. Hann er fáanlegur með bensín-, dísil- og metanvélum frá framleiðanda.

**Caddy* kostar aðeins frá**

**3.190.000 kr.**

**(2.541.833 kr. án vsk)**

Atvinnubílar

Fæst einnig fjórhjóladrifinn

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · sími 590 5000 · hekla.is · umboðsmenn um land allt:
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði

# Fermingar nálgast



## iPad mini

Verð frá: **59.990.-**



iPod shuffle
Verð: **9.990.-**



iPod nano
Verð: **29.990.-**



iPod touch
Verð frá: **42.990.-**



iPhone 4
Verð frá: **84.990.-**

Vefverslun
www.epli.is
sendum frítt um land allt

epli.is

Framúrskarandi fyrirtæki **2012**

**Smáralind**
Virka daga 11 - 19 / Fimmtudaga 11 - 21 / Laugardaga 11 - 18
Sunnudaga 13 - 18 | Sími 512 1330

**Laugavegi 182**
Virka daga 10 - 18 | Laugardaga 11 - 16 | Sími 512 1300







# Krefjast varna gegn færslu Markarfljóts

Íbúar á Seljalandsjörðunum krefjast þess að verði Markarfljót flutt fari áin í stokk svo hún flæði ekki austur yfir Eyjafjallasveit. Siglingastofnun segir ekkert ákveðið um varnargarða til austurs eða verkefnið í heild. Ræða þurfi við hagsmunaaðila.



**MARKARFLJÓT OG LANDEYJAHÖFN** Náttúröflin eru óblíð við Landeyjahöfn. Hér sést hvernig gosefni úr Eyjafjallajökli bárust til sjávar með Markarfljóti. MYND/PÓRDÍS

**SAMGÖNGUR** „Við viljum fá þá einhverja vörn austanmegin líka til að verja landið," segir Kristján Ólafsson á Seljalandi um tillögur um að leiða Markarfljót 2,5 kílómetra austur frá núverandi ósi.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær leggur Danska straumfræðistofnunin til að farvegur Markarfljóts verði færður til að hindra að sandur sem áin ber með sér endi í Landeyjahöfn. Til stóð að beina farveginum um tvo kílómetra til austurs fyrir tveimur árum en vegna andstöðu íbúa í nágrenninu varð lendingin sú að byggja varnargarð til bráðabirgða sem færði fljótið aðeins 650 metra. Reynslan af því er sögð jákvæð.

Þórhildur E. Elínardóttir, upplýsingafulltrúi Siglingastofnunar, segir ekkert ákveðið varðandi færslu Markarfljóts eða aðrar framkvæmdir til að koma Landeyjahöfn í ásættanlegt stand. „Sú mögulega framkvæmd er mjög stutt á veg komin og reyndar er málið á viðkvæmu stigi vegna þess að landeigendur og aðrir hagsmunaaðilar, til dæmis opinberar stofnanir, eiga eftir að fá tækifæri til að ræða málið," segir Þórhildur.

Spurð hvort gert sé ráð fyrir varnargarði austan Markarfljóts til að verja landið þeim megin kveður Þórhildur ekkert hafa verið gefið út um það enda sé málið allt svo skammt komið á veg.

Kristján á Seljalandi segir hættuna þá að Markarfljót brjóti sér leið lengra til austurs þegar ánni hefur verið beint í þá átt. „Þá fer fljótið yfir alla Eyjafjallasveitina og þar austur með og getur endað í Hólsós," segir Kristján. Heimamenn vilji að ánni verði veitt í stokk með varnargörðum á báðum bökkum.

Þórhildur segir færslu Markarfljóts líta út sem vænlegur kostur. Hins vegar færist mikið efni fram og til baka óháð Markarfljóti og það hafi áhrif á sandburðinn í hafnarmynninu. Margar hugmyndir séu um lausn vandans.

„Þessi garður, ef af verður, er ekki patentlausn á efnisburði við Landeyjahöfn og árangurs yrði ekki að vænta í sömu viku og hann yrði tilbúinn. Að líkindum verður eitthvað fleira í pottinum," segir Þórhildur.

Enn sem komið er liggur hvorki fyrir kostnaðar- né framkvæmdaáætlun vegna færslu Markarfljóts til austurs.

gar@frettabladid.is




Verið velkomin í kaffi og reynsluakstur
Opið laugardag frá 10–16

HYUNDAI
Kauptúni 1 – 210 Garðabæ
575 1200 – www.hyundai.is

Samsonite

# FRÁBÆR FERMINGARGJÖF



15% afsláttur af Samsonite vörum
28. febrúar til 3. mars 2013

-15%



Tabzone IPad hulstur Galaxy 2



Tabzone IPad hulstur Ultraslim



Tabzone IPad hulstur Click'n Flip

www.a4.is / sími 580 0000
**A4** Skeifunni 17 / **A4** Smáratorgi 1 / **A4** Reykjavíkurvegi 66, Hafnarfirði
**A4** Dalsbraut 1, Akureyri / **A4** Miðvangi 13, Egilsstöðum / **A4** Austurvegi 65, Selfossi

A4

# Fermingarveislan



**Borðdúkar, kerti, servíettur, borðbúnaður, drykkir og dýrðleg veislufÖng.** Í Smáralind færðu allt til að halda góða veislu svo að fermingardagurinn verði fermingarbarninu og allri fjölskyldunni ógleymanlegur. Við hlökkum til að aðstoða þig við fermingarundirbúninginn!

**Fermingarborð: Bjarkarblóm** Blómaskreyting. **Bjarkarblóm** Fermingarkerti, 3.990 kr. **Jói Fel** Kransakaka 25 manna, 17.375 kr. **Líf & List** Diskur undir kransaköku, 4.920 kr. **Líf & List** Georg Jensen kertastjaki, 32.770 kr. **Eymundsson** Sálmabók, 2.199 kr.

**Fermingarstúlka: Debenhams** Kjóll, 12.995 kr. **Debenhams** Oroblu sokkabuxur All Colors 50 den, 2.590 kr. **Focus** Skór, 9.995 kr. **SIX** Hárskraut hárspangir, 1.495-1.695 kr. **SIX** Blóm, 995 kr. stk. **Topshop** Úr, 4.490 kr.

**Fermingardrengur: SELECTED homme** Jakki, 29.900 kr. **SELECTED homme** Buxur, 18.900 kr. **SELECTED homme** Skyrta, 8.990 kr. **SELECTED homme** Peysa, 10.900 kr. **BOYS** Belti, 4.990 kr. **Jack & Jones** Skór, 17.900 kr.

**Hár:** Modus, hárstofa
**Förðun:** Mac


**Skemmtilegur fermingarleikur**

Taktu mynd í verslunum Smáralindar af flottri fermingargjöf eða einhverju flottu fyrir ferminguna og deildu henni á **Instagram** með hashtagginu **#smaralindferming** eða sendu á Facebook-síðu Smáralindar.

Dregið er út vikulega **10.000 kr. gjafakort** frá Smáralind. Allir þátttakendur fara í lokapott sem dregið er úr **14. mars** og fær vinningshafinn **100.000 kr. gjafakort** frá Smáralind.

*Það borgar sig að taka þátt!*

**Skannaðu QR kóðann**
Fermingaleikur á Facebook




**1 Snúðar & Snældur** Fánalengja, 1.995 kr. **2 Líf & List** Iittala vasi eftir Alvar Aalto, 19.860 kr. **3 Bjarkarblóm** Fermingarkerti, 3.690 kr. **4 Bjarkarblóm** Kerti, 2.200 kr. Servíettur, 980 kr. **5 Søstrene Grene** Glervasi, 299 kr. **6 Snúðar & Snældur** 12 pappadiskar, 1.250 kr. **7 Dúka** Marimekko servíettur, 990 kr. **8 Megastore** Diskamottur, 298 kr. **9 Tiger** 35 glimmerhjörtu, 300 kr. **10 Megastore** Gerviblóm, 298 kr. **11 Kitchen Library** 3ja hæða kökudiskur, 4.990 kr. **12 Snúðar & Snældur** Fuglabúrs-kökudiskur, 3.995 kr. **13 Tiger** Handbjalla, 600 kr. **14 Snúðar & Snældur** 12 kökugafflar, 2.280 kr. **15 Kaffitár** Sólarglóð, 990 kr. **16 Megastore** 30 kokteilpinnar, 298 kr. **17 Tiger** Kökuskraut, 300 kr. **18 Kitchen Library** Kökuskraut frá 299 kr. **19 Søstrene Grene** Servíettur, 342 kr. **20 Líf & List** Kastehelmi kökudiskur frá Iittala, 9.850 kr. **21 Søstrene Grene** Kerti, 96 kr. **22 Kitchen Library** Einnota diskar frá 990 kr.

smaralind.is
**Opnunartímar:**
Virka daga 11-19
Fimmtudaga 11-21
Laugardaga 11-18
Sunnudaga 13-18

facebook






**BEPPE GRILLO** Þýskir ráðamenn segja hann sams konar trúð og Berlusconi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Hefur tekist að snúa öllu á hvolf á Ítalíu

Ítalski stjórnmálaleiðtoginn Beppe Grillo tekur sér stöðu meðal fólksins gegn ráðamönnum og stjórnmálaelítunni. Hann útilokar þátttöku í stjórnarsamstarfi en reiknar með að gömlu vinstri og hægri öflin reyni að mynda breiða stjórn.

**ÍTALÍA** Ítalski skemmtikrafturinn Beppe Grillo, sem nú er orðinn leiðtogi þriðja stærsta stjórnmálaafls Ítalíu, getur ekki sjálfur sest á þing. Hann er ekki með hreina sakaskrá, og bauð sig því ekki fram til þings sjálfur.

Honum hefur hins vegar tekist að hrista duglega upp í ítölskum stjórnmálum, og þótti mörgum ekki vanþörf á, en aðrir hafa sagt ástandið hafa verið nógu ruglað fyrir, svo mjög að varla sé á það bætandi.

Þýskir ráðamenn eru meðal þeirra sem segja Grillo vera sams konar trúð og Silvio Berlusconi og óttast að ítalska þingið geti næstu mánuðina ekki komið nokkru í verk. Margt bendir til þess að stutt sé í nýjar kosningar á Ítalíu.

Grillo er fæddur í Genúa árið 1948. Hann verður því 65 ára gamall á þessu ári. Hann er sex barna faðir og menntaður sem endurskoðandi. Hann átti hins vegar auðvelt með að komast skemmtilega að orði og sneri sér að gríninu strax eftir útskriftina. Grínið var oftar en ekki pólitískt og fór iðulega fyrir brjóstið á heldra fólki og framámönnum.

Kosningabaráttan síðustu mánuðina var í raun beint framhald á því sem hann hefur verið að gera á grínsviðinu. Hann hefur tekið sér stöðu meðal almennings úti á götum og torgum og krefst þess að fólkið fái að ráða sjálft, án milligöngu stjórnmálamanna. Stefnan sem Fimm stjörnu hreyfingin hans stendur fyrir hefur verið nefnd „fancullismo“ á ítölsku, sem er dónalegt orð og gengur helst út á það að gefa skít í ráðamenn og stjórnmálaelítuna.

Glæsilegur sigur hans í þingkosningunum í byrjun vikunnar gerir það að verkum að varla er nokkur möguleiki á að mynda stjórn nema með þátttöku flokks hans, eða einhvers konar stuðningi. Yfirlýsingar hans í kosningabaráttunni benda þó varla til þess að hann hafi mikinn áhuga á því að hjálpa gömlu flokkunum.

Sjálfur segist Grillo ekkert vita hvað hann eigi að gera í stöðunni, en útilokar þátttöku í stjórnarsamstarfi. Á bloggsíðu sinni segir hann það hreinlega vera „glæp gegn vetrarbrautinni“ að afhenda Berlusconi stjórnina á ný.

Hann segist hins vegar reikna með að gömlu vinstri og hægri öflin reyni að mynda breiða stjórn: „Þeir geta haldið það út í sjö eða átta mánuði og út úr því koma hörmungar einar, en við munum reyna að hafa eftirlit með þeim.“

gudsteinn@frettabladid.is

## Grillur og flugur í höfði

Ítalska orðið Grillo þýðir „krybba“ og er upphaflega komið af gríska orðinu gryllos, sem merkir „engispretta“. Sama orðið er að finna í íslenska orðatiltækinu að „fá grillu í höfuðið“, eða að „fá flugu í höfuðið“ eins og það er einnig orðað.

Ástralskur milljarðamæringur er stórhuga í skipasmíðum:

# Smíðar eftirlíkingu af Titanic

**BANDARÍKIN, AP** Ástralskur milljarðamæringur ætlar að smíða nýja útgáfu af Titanic sem gæti orðið sjófær árið 2016. Clive Palmer afhjúpaði teikningarnar af skipinu í New York á þriðjudaginn, en skipið mun heita Titanic II og smíði þess mun hefjast fljótlega í Kína.

Palmer segir að 40 þúsund manns hafi nú þegar sýnt áhuga á því að kaupa miða í jómfrúarferðina, sem verður farin frá Southampton til New York, rétt eins og ætlunin var að hið upprunalega skip færi. Hann hefur hug á að endurskapa andrúmsloftið sem var um borð í Titanic, en farþegar í jómfrúarferð nýja skipsins munu til að mynda klæðast fötum frá tímabilinu þegar Titanic sökk og panta máltíðir af matseðli gamla skipsins.

Titanic II á að verða öruggasta skemmtiferðaskip heims, en það sama var einmitt sagt um forvera þess. Nýja skipið verður búið björgunarbátum sem styðjast við nýjustu tækni auk þess sem öll nýjustu öryggistæki verða til staðar.



**STÓRHUGA MILLJARÐAMÆRINGUR** Clive Palmer hyggst smíða eftirlíkingu af Titanic.

„Einn af kostunum við hlýnun jarðar er sá að nú eru færri ísjakar í Norður-Atlantshafi,“ segir Palmer, sem er ekki hræddur um að Titanic II muni hljóta sömu örlög og upprunalega skipið, sem sökk árið 1912.

- möþ

> Einn af kostunum við hlýnun jarðar er sá að nú eru færri ísjakar í Norður-Atlantshafi.
>
> *Clive Palmer milljarðamæringur*



FARÐU ÚT!
20%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
GÖNGUSKÓM & BAKPOKUM
TIL MÁNUDAGS
Fáðu aðstoð við valið á rétta útivistarbúnaðinum.
Starfsfólkið okkar þekkir vörurnar sem það selur.
MEINDL
DIGAfix
ÚTILÍF
GLÆSIBÆ
KRINGLUNNI
SMÁRALIND
utilif.is



## ELDRI GERÐ AF SKOTTA Á HJÓLI EKKI Í LAGI

Fígúran „Skotti á hjóli“ sem sett var á páskaegg frá Freyju árið 2011 og 2012 uppfyllir ekki kröfur sem gerðar eru til leikfanga, að því er segir í frétt á vef Neytendastofu. Fólk er hvatt til að athuga hvort þessi vara leynist í leikfangakössum og farga henni þar sem fullnægjandi gögn um öryggi vörunnar eru ekki til.

Nýjar fígúrur sem skreyta páskaegg Freyju í ár uppfylla formleg skilyrði um öryggi og merkingar sem gerðar eru til leikfanga.

## Fimmtungur bíla á ónýtum dekkjum

Af 101 bíl sem kom í Tjónaskoðunarstöð VÍS fyrstu átta vikur ársins reyndust 13% á sumardekkjum, 28% á negldum dekkjum og 59% á vetrar- eða heilsársdekkjum. Á fimmtungi bíla voru dekkin of slitin til að heimilt væri að aka á þeim, það er dýpt mynstursins var innan við 1,6 millimetrar.

Þetta kemur fram í frétt á vef VÍS þar sem segir jafnframt að í janúar hafi tryggingafélaginu borist yfir 100 tilkynningar um aftanákeyrslur.

# Forræktun sumarblóma og kryddjurta

Ekki hægt að sá og fara svo í viku frí. Raki þarf að haldast í moldinni. Gæta þarf að birtu og hitastigi. Plönturnar færðar út í beð þegar ekki er hætta á næturfrosti.



**SÁNING** Mikilvægt er að vera með hrein verkfæri og ílát við sáningu, að sögn Steinunnar Reynisdóttur garðyrkjufræðings. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Tími fyrir forsáningu nokkurra tegunda sumarblóma, eins og til dæmis stjúpu, tóbakshorns og fagurfífils, er kominn. Þeir sem ætla að rækta tómata og gúrkur í sumar ættu að byrja á forræktun núna, að sögn Steinunnar Reynisdóttur garðyrkjufræðings.

„Það er auðvitað hægt að sá núna fyrir kryddjurtum til að hafa inni og svo aftur fyrir þeim sem eiga að fara út í garð. Fyrir þá sem nota mikið af kryddjurtum borgar sig að vera með þær á nokkrum stigum,“ tekur Steinunn fram.

Forræktun tekur yfirleitt þrjár til sex vikur og er það misjafnt eftir tegundum. Forræktun rósmaríns getur tekið allt að átta vikur. Sum fræ spíra á nokkrum dögum.

Steinunn segir mikilvægt að vera með hrein ílát og verkfæri við sáninguna. Hefja á forræktun sumarblóma og kryddjurta í 18 til 22 stiga hita. „Sáðmold er nauðsynleg því að pottamold er of sterk fyrir spírandi fræ. Þegar sáð er þarf að vera búið að vökva moldina eða láta bakkann í vatn og láta moldina sjúga vatnið upp í sig. Þegar hún er orðin dökk á yfirborðinu er hún búin að fylla sig. Setja á mold yfir stór fræ en ekki lítil. Ef fræin eru lítil er nóg að þrýsta þeim aðeins niður í moldina.

Með því að breiða plast yfir bakkann helst rakinn í moldinni. Til að fá súrefni þarf að setja nokkur göt í plastið. Gott er jafnframt að úða aðeins yfir moldina reglulega.

Ef rakinn er ekki nógu mikill spíra fræin ekki.

„Það er ekki hægt að sá og fara svo í viku eða tíu daga frí,“ segir Steinunn.

Um leið og eitthvað sést koma út úr fræjunum á að taka ábreiðuna af moldinni. Þegar sumarblómin eru farin að mynda þrjú til fjögur blöð má færa plöntuna á svalari stað. Ekki þarf að flytja kryddjurtir í svalara umhverfi þegar blöðum fer að fjölga, að því er garðyrkjufræðingurinn greinir frá.

Verði stilkurinn á plöntunni þunnur og ræfilslegur er líklegt að of dimmt eða of heitt hafi verið á fræjunum. „Ef birtan er ekki nóg en hitinn mikill verða plönturnar teygðar. Jafnvægi þarf að vera á milli birtu og hita.“

ibs@frettabladid.is

## Útplöntun sumarblóma og kryddjurta

Þegar hætta á næturfrosti er að mestu yfirstaðin eru plönturnar færðar út í beð.

Gott er að herða plönturnar áður, til dæmis með því að setja bakkana eða pottana út á daginn og inn aftur á kvöldin í nokkra daga eða flytja þær út í gróðurkassa með loki.








DYNAMO REYKJAVÍK



**ICELANDAIR** Fyrir aðalfundi Icelandair Group liggur tillaga sem tryggja á að minnst tveir af fimm stjórnarmönnum félagsins séu af hvoru kyni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Stutt í aðalfund Icelandair:

# Greiði 1,5 milljarða út í arð

**VIÐSKIPTI Stjórn Icelandair Group leggur til við aðalfund félagsins að alls 1.500 milljónir verði greiddar út sem arður til hluthafa félagsins 12. apríl næstkomandi.**

**Þetta kemur fram í tillögum sem stjórn Icelandair Group hefur samþykkt að leggja fyrir aðalfund félagsins sem fram fer 13. mars.**

**Þá er lögð til breyting á lögum félagsins sem tryggja á að minnst tveir stjórnarmenn af fimm séu af hvoru kyni til að félagið uppfylli ný lög um kynjakvóta í stjórnum fyrirtækja sem taka gildi í september.** - mþl



**SMÁRALIND** Helgi S. Gunnarsson, forstjóri Regins, við Smáralindina, aðra af stærstu eignum félagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Matsbreytingar áhrifamiklar:

# 2,6 milljarða hagnaður Regins

**VIÐSKIPTI** Fasteignafélagið Reginn hf. hagnaðist um 2.599 milljónir króna á árinu 2012. Til samanburðar var hagnaður félagsins 1.893 milljónir árið áður.

Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta var 1.981 milljón en hrein fjármagnsgjöld voru neikvæð um 1.834 milljónir. Félagið naut hins vegar góðs af 770 milljóna hagnaði vegna sölu fjárfestingareigna og þess að verðmat á fasteignum félagsins hækkaði um tæpar 2.400 milljónir króna á árinu.

Heildareignir félagsins voru í lok árs rúmir 32 milljarðar króna og eigið fé ríflega 11 milljarðar. - mþl

Ágúst og Lýður Guðmundssynir búnir að eignast 40% í félaginu:

# Hagnaður hjá Bakkavör í fyrra

**VIÐSKIPTI** Matvælaframleiðslufyrirtækið Bakkavör Group hagnaðist um 2,1 milljón punda, jafngildi tæplega 409 milljóna íslenskra króna, í fyrra. Þetta er mikill viðsnúningur frá árinu áður þegar félagið tapaði 75 milljónum punda.

Bakkavör birti á fimmtudag uppgjör sitt fyrir árið 2012. Kemur þar fram að tekjur samsteypunnar voru 1.694,2 milljónir punda á árinu 2012 en 1677,7 milljónir punda árið áður.

Þá var leiðréttur rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði, afskriftir og skatta 115,1 milljón punda og hækkaði um 6,9% milli ára.

Stærstu eigendur félagsins eru nú þeir Ágúst og Lýður Guðmundssynir sem hafa á síðustu misserum keypt samtals 40% hlut í því fyrir ríflega átta milljarða króna. Hópur annarra íslenskra hluthafa á ríflega 50% en í hópnum eru meðal annarra Arion banki, Lífeyrissjóður verzlunarmanna og Gildi lífeyrissjóður auk fleiri lífeyrissjóða

Sá hópur hefur staðið í vegi fyrir því að bræðurnir eignist á ný meirihluta í félaginu en þeir voru stærstu eigendur þess áður en kröfuhafar eignuðust meginð af félaginu eftir bankahrunið. - mþl



**BAKKABRÆÐUR** Þeir Lýður og Ágúst Guðmundssynir eru orðnir stærstu einstöku eigendur Bakkavarar á ný. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Hreyfing á sölu bankanna

Íslensk stjórnvöld og kröfuhafar föllnu bankanna hafa bæði myndað vettvang til að ræða um lausn á slitum þrotabúa þeirra. Fyrsta skref gæti verið sala á Íslandsbanka og Arion banka til innlendra fjárfesta.

**Þórður Snær Júlíusson**
thordur@frettabladid.is



**FRÉTTASKÝRING**
Fjármálastöðugleiki

Verið er að teikna upp mögulegar sviðsmyndir um hvernig eigi að losa um eignir kröfuhafa þrotabúa Glitnis og Kaupþings. Stór hluti af líklegri lausn felst í að selja Íslandsbanka og Arion banka og finna leið til að losa um eignir kröfuhafanna í íslenskum krónum án þess að það hafi neikvæð áhrif á fjármálalegan stöðugleika.

Seðlabanki Íslands og stjórnvöld hafa gefið það skýrt til kynna að ekki standi til að samþykkja fyrirliggjandi nauðasamninga Glitnis og Kaupþings á næstunni. Því sé nauðsynlegt að komast að samkomulagi um hvernig verði höggvið á hnútinn. Nú eru allir aðilar að setja sig í stellingar til að gera nákvæmlega það.

**Bankasala fyrsta skref**

Eitt af skrefunum sem þarf að taka í þessu ferli er að selja eignarhluti Glitnis og Kaupþings í Íslandsbanka og Arion banka. Framtakssjóður Íslands (FSÍ), stórir lífeyrissjóðir og aðrir fjárfestar höfðu frumkvæði að óformlegum viðræðum við slitastjórn Glitnis um kaup á 95 prósenta hlut í Íslandsbanka fyrir nokkrum vikum síðan. Skömmu síðar var skýrt frá því að hluti bjóðendanna, aðallega lífeyrissjóðir, horfðu einnig til Arion banka. Þeir vilja þó eignast bankana með töluverðum afslætti og eru tilbúnir að skoða ýmsar leiðir til að greiða fyrir hlutinn, meðal annars með erlendum eignum.

Í yfirlýsingu slitastjórnarinnar vegna tilboðsins sagði að MP banki væri ráðgjafi hópsins og að stærstu hluthafar þess banka væru á meðal fjárfestanna sem tengdust hópnum. MP banki hefur ekkert viljað láta hafa eftir sér um málið en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er aðkoma eigenda bankans að málinu ólíkleg eins og stendur.

**Hreyfing á næstu vikum**

Ekki hafa borist formleg viðbrögð við tilboðinu en hópurinn vonast til að hreyfing komist á viðræðurnar á allra næstu vikum og að ákvörðun um hvort kaup þeirra verði raunverulegur möguleiki eða ekki liggi fyrir þá.

Ljóst er að sala bankanna yrði eitt skref af nokkrum í tilraun til að finna heildarlausn á útgreiðslum til kröfuhafa, væntanlega með töluverðum afföllum af kröfum þeirra. Einn viðmælenda Fréttablaðsins orðaði stöðuna þannig að ef kröfuhafarnir hjálpuðu ekki til við að búa til framkvæmanlega lausn þá yrði lausn búin til fyrir þá. Samhliða, og í aðdraganda kosninga, hefur pólitískur þrýstingur á farsæla og sameiginlega lausn aukist. Það sést sérstaklega á yfirlýsingum á borð við þá sem Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, gaf frá sér í síðustu viku þegar hann sagði að afskrifa ætti kröfur erlendra vogunarsjóða í þrotabú föllnu bankanna að verulegu leyti.

Nú hafa bæði fulltrúar kröfuhafa og stjórnvöld stigið í átt að því að reyna að finna slíka lausn. Kröfuhafar Glitnis og Kaupþings hafa á síðustu vikum myndað hóp sem gengur undir nafninu krónuhópurinn (e. ISK-working group). Hlutverk hópsins er að kanna forsendur fyrir því að losa um eignir þrotabúanna, sérstaklega í íslenskum krónum.

**Allir setja sig í stellingar**

Fyrr í vikunni sagði Katrín Júlíusdóttir fjármálaráðherra að hún hefði virkjað stýrinefnd um losun fjármagnshafta í nóvember í fyrra. Katrín leiðir þá nefnd sjálf. Á milli funda hennar er síðan virk samráðsnefnd með fulltrúum Seðlabanka Íslands, Fjármálaeftirlitsins, stjórnvalda og fleiri. Katrín sagði við sama tilefni að stjórnvöld ynnu að því að draga upp mismunandi sviðsmyndir af því hvernig hægt yrði að losa um krónur erlendra aðila. Krónuhópi kröfuhafa er ætlað að ræða við stýrinefnd Katrínar. Því er ljóst að töluverð hreyfing er komin á hlutina.



**KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR** Katrín Júlíusdóttir fjármálaráðherra leiðir starf stýrinefndar um losun fjármagnshafta sem virkjuð var í nóvember síðastliðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Krónueignin er stórt vandamál

Samtals eiga Glitnir og Kaupþing því um 454 milljarða króna hið minnsta í íslenskum krónum. Glitnir kynnti uppgjör fyrir árið 2012 á kröfuhafafundi í gær. Þar kemur fram að heildareignir þrotabúsins eru 935,6 milljarðar króna. Þar af eru 256,7 milljarðar króna í íslenskum krónum og munar þar mestu um 95 prósenta hlut búsins í Íslandsbanka. Hann er metinn á 115,8 milljarða króna í bókum Glitnis, sem er töluvert undir innra virði bankans. Kaupþing hefur ekki birt uppgjör fyrir árið 2012 en um mitt síðasta ár átti þrotabúið 861,3 milljarða króna. Þar af voru 197,7 milljarðar króna í íslenskum krónum og 87 prósent eignarhlutur í Arion banka þá metin á um 96,2 milljarða króna. Það er líka töluvert undir þeim upphæðum sem mögulegir innlendir bjóðendur hafa rætt um að vera tilbúnir til að borga fyrir bankann.





**Við sjáum um örugga dreifingu á fjölpósti**

Póstdreifing dreifir fjölpósti sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins. Mælingar sýna að 60% landsmanna skoða fjölpóst og er hann því áhrifaríkt leið til að koma skilaboðum um vöru eða þjónustu beint inn á heimilin. ***Örugglega til þín.***

Póst dreifing

**Nánari upplýsingar veitir söludeild í síma 585 8300.**

Póstdreifing | Vatnagörðum 22 | 104 Reykjavík | Sími 585 8300 | www.postdreifing.is


FYRIR FERMINGUNA
8.990
LJÓS
6.990
SKRÍN
VERÐ FRÁ
1.390
99.900
BÓKABOX
VERÐ FRÁ
1.590
HNÖTTUR
7.990
5.690
VERÐ FRÁ
990
MYNDIR
TAX FREE HELGI 21%
FIMMTUDAG TIL SUNNUDAG Í ÖLLUM VERSLUNUM
Gildir ekki af Haag og Days sófum
SKARTSKÁPAR
VERÐ FRÁ
29.900
the PIER
SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

Þingmaður bendir á hverjir fari verst út úr tollum:

# Tollpínt lágtekjufólk

Fréttablaðið hefur að undanförnu fjallað um reglur um varning sem ferðafólk má hafa með sér tollfrjálst til landsins. Þar er víða pottur brotinn. Umfjöllunin bar þó þann árangur að Alþingi breytti reglum um hámarksverðmæti varnings sem koma má með inn í landið án þess að borga af honum toll. Sú breyting tekur gildi á morgun og felur í sér talsverða kjarabót við neytendur, sem drýgja kaupmáttinn með því að verzla í útlöndum.



Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is

Auðvitað blasir þó við að það væri miklu stærri kjarabót ef íslenzka ríkið afnæmi einfaldlega eða lækkaði stórlega tolla og vörugjöld á ýmsum innfluttum vörum. Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, bendir á býsna sláandi hlið á málinu í Fréttablaðinu í gær.

Hann færir þar rök fyrir því að hinir háu tollar á ýmsar innfluttar vörur séu í raun eins konar fátæktarskattur. Fólk með hærri tekjur komist til útlanda og geti keypt þar til dæmis fatnað, þar með talin barnaföt, á mun hagstæðari kjörum en lágtekjufólkið sem kemst hvergi og neyðist til að verzla á Íslandi.

Það væri augljós kjarabót fyrir almenning að lækka eða fella niður tollana á barnafötum, sem þingmaðurinn telur að eigi að vera forgangsmál, og reyndar á svo mörgu öðru líka, til dæmis ýmiss konar raftækjum til heimilis- og hvunndagsbrúks sem eru enn þá tolluð og skattlögð eins og þau séu munaðarvara fyrir firrta yfirstétt.

Við það bætast svo rök Guðlaugs um að lækkun tolla myndi færa verzlun inn í landið og skaffa vinnu á Laugaveginum frekar en í verzlunargötunum í Boston. Það eru gild rök og eiga við um allar atvinnugreinar.

Tollar eru stundum settir á að til að vernda innlendar greinar. Í tilviki Íslands er landbúnaðurinn skýrasta dæmið; hann er varinn fyrir erlendri samkeppni með gríðarlegum tollum á erlendar landbúnaðarvörur sem gætu keppt við vörur sem framleiddar eru á Íslandi. Og fáir bjarga sér með því að kaupa búvörur í stórum stíl á ferðalögum. Afleiðingin er of hátt verð á landbúnaðarvörum og þótt til dæmis erlendir ostar séu fluttir inn til landsins í litlum mæli eru þeir svo dýrir að það eru ekki nema þeir tekjuhæstu, sama fólkið og kaupir barnafötin í útlöndum, sem hefur efni á að kaupa þá.

Í atvinnumálaályktun landsfundar Sjálfstæðisflokksins, sem var haldinn um síðustu helgi, er kveðið skýrt að orði um tolla. „Ótækt er að tollar og vörugjöld geri það að verkum að Íslendingar kjósi að versla fremur erlendis en hér á landi eins og hagtölur gefa vísbendingu um í dag. Íslensk verslun þarf að hafa svigrúm til að bjóða vörur á hagstæðu verði en það er besta leiðin til að auka kaupmátt almennings,“ segir þar.

Þetta er laukrétt. Um landbúnaðinn tala sjálfstæðismenn ekki alveg jafnskýrt: „Sjálfstæðismenn vilja heilbrigða samkeppni með landbúnaðarafurðir, bændum og neytendum til hagsbóta.“ Það þýðir væntanlega að menn vilji að íslenzkar landbúnaðarvörur keppi við innflutning á jafnréttisgrundvelli.

Kyrrstaða hefur alltof lengi ríkt í þessum málum. Það er gott ef einhver hreyfing er að komast á það að lækka tollana. Það væri neytendum í hag og örvar efnahagslífið.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

★★★★

„... áhrifamikil ættar- og samtímasaga.“

BJØRN BREDAL / POLITIKEN




VAKA-HELGAFELL

www.forlagid.is
– alvöru bókabúð á netinu

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Auðveld lausn

Friðrik Þór Guðmundsson, forvígismaður í Dögun, ritar pistil á vefinn Svipuna um það spursmál hvers vegna öll nýju framboðin bjóða ekki einfaldlega fram undir einum hatti. Skilja má á skrifunum að Friðrik sé súr yfir því að slíkar hugmyndir hafi ekki gengið eftir, en því miður hafi „breyskleiki mannanna“ verið slíkur að það hafi kvarnast úr hópnum sem upphaflega stóð að framboðinu – að óþörfu að hans mati (það er sem sé ekki hugsanlegt að ólíkar málefnaáherslur ráði þar einfaldlega úrslitum?). En dyr Dögunar standa ávallt opnar, segir Friðrik. Það er með öðrum orðum auðsótt mál að sameina fylkingarnar: Aðrir flokkar geta bara gengið í Dögun.



### Í sögubækurnar

Sögulegt mikilvægi Dögunar fer ekki heldur framhjá Friðriki. Hann rifjar upp þegar Borgarahreyfingin og Hreyfingin náðu saman á nýjan leik eftir að hafa margklofnað beint eftir kosningar og verið aðskildar í tvö ár. Frá þessu er sagt undir millifyrirsögninni „Sögulegar sættir!“. Það er ekkert annað.

### Þrot

Í nautabökum frá Gæðakokkum í Borgarnesi er ekkert naut. Og raunar ekkert kjöt yfirhöfuð, segir Matvælastofnun. Einhverjir hafa velt upp þeirri spurningu hvort bökurnar hafi kannski alls ekkert átt að innihalda naut heldur hafi þær verið ætlaðar nautum – svona eins og hundamatur. Svo er víst ekki, því að eigandi Gæðakokka er miður sín. Hann bar sig aumlega í fréttum í gær og sagði þetta geta þýtt gjaldþrot fyrirtækisins. Nú skal engu fyrirtæki óskað gjaldþroti, en ef fyrirtæki sem framleiðir nautabökur getur ekki haft naut í þeim þá er gjaldþrot kannski ekki svo langsótt niðurstaða.



stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Að trúa á netið

INTERNETIÐ



Ögmundur Jónasson
innanríkisráðherra

Tillögur sem nú eru til skoðunar í innanríkisráðuneytinu og lúta að því að verja börnin okkar fyrir ágengni klámiðnaðarins hafa vakið athygli á heimsvísu. Viðbrögðin hafa verið jákvæð og almennt yfirveguð. Þó er til það fólk sem rís upp gegn þessu af offorsi. Birgitta Jónsdóttir alþingiskona lýsti því yfir nýlega að hún hefði óbilandi trú á internetinu, ætti nánast heima þar og var svo að skilja á yfirlýsingum hennar að nú væri verið að trufla þennan átrúnað hennar. Frumvarp innanríkisráðherra Íslands mun aldrei ná fram að ganga, segir hún í grein í bresku stórblaði og vísar til þess að hún sjálf ætli að sjá til þess. Félagi hennar, Smári McCarthy, lætur jafnframt hafa eftir sér að frumvarpið sé fasískt og ráðherrann sjálfur geðveikur.

En augnablik. Ekkert frumvarp er fram komið! Það er einfaldlega verið að skoða hvað sé gerlegt og hvað ekki til að hamla gegn yfirgangi einna ósvífnustu gróðaafla sem þekkjast nú um stundir, afla sem hafa hag af því að selja efni sem byggir á gegndarlausu ofbeldi. Hér fer því fjarri að nokkur sé að leggja til að hamla gegn frjálsum skoðanaskiptum og lýðræðislegri umræðu á netinu.

Allir virðast sammála um að við eigum ekki að kaupa vöru sem byggði á barnaþrælkun. Ég þykist vita að við Birgitta og Smári séum þar á einu máli ásamt þorra fólks. En þegar ofbeldið er komið á netið virðist annað uppi á teningnum. Jafnvel þótt um sé að ræða yfirgengilegra ofbeldi en við höfum flest getað hugsað okkur að sé framleitt sem afþreyingar- og skemmtiefni, virðist þetta fólk verða máttlaust í hnjánum þegar netið er annars vegar.

**➜ Hér fer því fjarri að nokkur sé að leggja til að hamla gegn frjálsum skoðanaskiptum og lýðræðislegri umræðu á netinu.**

Vissulega erum við enn í frumbernsku tölvutækninnar og er svo að sjá að margir hreinlega lamist frammi fyrir undrum hennar í lotningu sinni líkt og um æðri máttarvöld sé að ræða.

En þeim væri hollt að hugsa til þess að eitt er miðill og annað er innihald. Miðillinn má aldrei taka af okkur völdin. Ekki fremur en við viljum láta stjórnast af bókstafstrú eða kreddu. Gildir þá einu hvort um er að ræða netið, eða hreinkenningu últrafrjálshyggjunnar, afskiptaleysisstefnu, sem mér finnst reyndar skrif þeirra Birgittu og Smára vera í ætt við.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Hjólar fröken Reykjavík?

Í DAG
Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir
borgarfulltrúi



Fyrir ári síðan, á alþjóðlegum baráttudegi kvenna, samþykkti borgarráð að hleypa af stokkunum hjólafærniverkefni sem þeir kölluðu „Fröken Reykjavík á hjóli“. Þann dag ákvað meirihlutinn að fundin yrði skýring á þeim mikla mun sem er á hjólanotkun karla og kvenna en einungis 8% kvenna hjóla að jafnaði á móti 17% karla allt árið. Ákveðið var að auka fræðslu um hjólafærni kvenna. Bæta átti aðstöðu fyrir reiðhjól á kvennavinnustöðum borgarinnar sérstaklega og skoða fleiri leiðir svo að „bæði konur og karlar“ gætu nýtt sér „þennan holla, ábyrga og ódýra ferðamáta“.

Lítið hefur heyrst af árangri þessa verkefnis. Samkvæmt starfsfólki borgarinnar hafa hjólafærninámskeið staðið yfir fyrir konur sem vinna í grunn- og leikskólum borgarinnar. Kennsla kvenna í hjólafærni hljómar við fyrstu sýn eins og kenna eigi konum að hjóla en svo sanngirni sé gætt er rétt að taka fram að á námskeiðunum er hjólið kynnt sem farartæki ásamt því sem farið er fram fræðslu um öryggismál, hjólaleiðir og fleira.

### Borgarmær í kjól og á hælum

Heiti verkefnisins vekur upp skemmtilega mynd af iðandi borgarlífi þar sem konur jafnt sem karlar hjóla í vinnuna. Fröken Reykjavík birtist sem glæsileg borgarmær í kjól og á hælum sem líður hjólandi um borgina og sinnir erindum sínum á leið í eða úr vinnu. Borgaryfirvöld hafa í nokkur ár bætt aðgengi fyrir hjólreiðafólk og fjárfest mikið í tvöföldun hjólastíga í borginni. Svo mikið hefur verið fjárfest að mörgum þykir nóg um á sama tíma og niðurskurður er mest notaða orðið í flestum málaflokkum.

Það er vandfundinn sá einstaklingur sem er á móti umhverfisvernd. Fáir mótmæla átaki sem miðar að því að borgarbúar taki sig á við að flokka rusl, minnka útblástur bifreiða eða sleppa nagladekkjum þar sem því verður við komið. Mörg verkefni standa yfir sem eiga að stuðla að breyttum venjum og hefðum svo umhverfið njóti góðs af.

En hafði meirihlutinn í Reykjavík eitthvað hugsað út í orsök þess hve fáar konur nota hjól sem farartæki miðað við karla þegar ákveðið var að ráðast í verkefni að fjölga hjólandi konum? Var ekki öllum ljóst af hverju konur hjóla minna en karlar til vinnu?

### Að sjálfsögðu vilja konur hjóla

Konur, jafnt sem karlar, þekkja vel af hverju það er gott að hjóla. Þær vita að það er góður kostur fyrir umhverfið, sparar eyrinn í buddunni og er gott fyrir líkamlegt atgervi. Til þess þarf engin hjólafærninámskeið á kvennavinnustöðum.

Konur vita jafnframt allar sem ein að þær eru í miklum meirihluta þegar kemur að því að sjá um fjölskylduna og börnin, eldri borgarana og heimilið. Þær eru líklegri til að vinna minna út af þessum verkefnum, þiggja lægri laun fyrir vikið og eru líklegri til að velja störf sem bjóða upp á þann sveigjanleika sem þarf til að þær komist í gegnum þessi verkefni. Konur eru líklegri til að sjá um innkaup, fara með börnin til læknis, í tónlist, íþróttir eða danstíma.

Konur vita þó að þær þekki kosti hjólreiða er í langflestum tilfellum óraunhæfur kostur fyrir þær að nota hjól sem sinn aðalferðamáta. Það að karlar hjóli meira en konur er afleiðing þess kerfis sem við búum við en ekki einhver umhverfisvæn hegðun sem er á færi yfirvalda að breyta.

### Byrjum í fyrsta gír

Forgangsröðunin í þessu máli er sannarlega röng og því sem næst hjákátleg. Fröken Reykjavík myndi hjóla jafnmikið ef seinni vaktinni, verkefnum og skipulagi heimilisins væri jafnar skipt.

> Það að karlar hjóli meira en konur er afleiðing þess kerfis sem við búum við en ekki einhver umhverfisvæn hegðun sem er á færi yfirvalda að breyta. Forgangsröðunin í þessu máli er sannarlega röng og því sem næst hjákátleg.

Herra og frú Reykjavík gætu jafnvel ferðast saman hjólandi ef samþætting tómstunda og skóla væri ekki einungis fjarlægur draumur í flestum skólum. Mun fleira þyrfti þó að koma til. Hverfisstrætó þyrfti að koma krökkunum milli staða. Mörg hverfi þyrftu að þéttast verulega. Matvöruverslanir, þar með taldar lágvöruverðsverslanir, þyrftu að senda matinn heim. Læknatímar þyrftu að færast inn í skólana og eða vera utan hefðbundins vinnutíma. Eldri borgarar þyrftu að geta gengið sjálfir út í búð og apótek og náð í það sem þá vanhagar um.

### Herra Reykjavík setur í vél

Mikilvægasta verkefnið af öllu væri þó að tala um hlutina eins og þeir eru. Nú rennur baráttudagur kvenna upp aftur þann 8. mars eða eftir rúma viku. Kannski meirihlutinn í Reykjavík standi í þetta skiptið að verkefni sem stuðlar að því að herra Reykjavík taki aukinn þátt í heimilisrekstrinum? Þátttaka karla í þeim rekstri er jú sannarlega umtalsvert minni en þátttaka kvenna. Svo framhald verði á „Fröken Reykjavík á hjóli“ mætti setja á fót heimilisnámskeiðið „Herra Reykjavík þvær þvott“. Hvað ætli borgarbúum fyndist um slíkt námskeið?

# Barnasáttmálinn

BARNASÁTTMÁLI
Björgvin G. Sigurðsson
formaður allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis



Lögfesting Alþingis á Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna var með mikilvægari lagagjörð þingsins um langt skeið. Tuttugu ára baráttu fyrir lögfestingu Barnasáttmálans er nú lokið. Fyrir vikið batnar réttarstaða barna á Íslandi umtalsvert.

Á enga er hallað þó þeim Ágústi Ólafi Ágústssyni, fyrrverandi þingmanni, og Helga Hjörvar þingmanni sé þökkuð sérstaklega barátta fyrir lögfestingu sáttmálans, svo og samþingmönnum í allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis fyrir vandaða og yfirvegaða vinnu þvert á flokka. Einhugur og stuðningur við málið skilaði því inn í þingið fyrir skömmu og í atkvæðagreiðslu eftir 3. umræðu nú á dögunum.

### Frumkvæðið frá Póllandi

Eftir heimsstyrjöldina síðari var það Pólland sem átti frumkvæði og beitti sér af krafti fyrir aukinni vernd börnum til handa. Þessi barátta Pólverja leiddi til þess að árið 1959 samþykkti allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna einróma Yfirlýsinguna um réttindi barnsins, sem hafði að geyma tíu meginreglur um réttindi barna eingöngu og byggði að hluta til á Genfar-yfirlýsingunni frá árinu 1924 og að hluta til á Mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna frá árinu 1948.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna felur í sér skuldbindandi samkomulag þjóða heims um sérstök réttindi börnum til handa, óháð réttindum hinna fullorðnu. Þótt aðildarríkin að samningnum séu skuldbundin til að tryggja börnum þau réttindi sem samningurinn veitir þeim er sú skuldbinding aðeins samkvæmt þjóðarétti. Vegna tvíeðliskenningarinnar sem lögð er til grundvallar í lagatúlkun hér á landi þarf að lögfesta alþjóðlega samninga ef þeir eiga að hafa bein réttaráhrif hér á landi. Því er ekki hægt að beita Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna með beinum hætti fyrir íslenskum dómstólum og lögfesting hans jafn mikilvæg og raun ber vitni.

> Barnasáttmálinn er grundvallarsáttmáli og mikilvægt að hann hafi verið lögfestur hér á landi...

Barnasáttmálinn er grundvallarsáttmáli og mikilvægt að hann hafi verið lögfestur hér á landi með sama hætti og gert var með Mannréttindasáttmála Evrópu. Vægi Barnasáttmálans verður því meira hér á landi þar sem stjórnvöld og dómstólar landsins verða að taka mið af honum við úrlausnir mála sem varða börn. Réttarstaða barna batnar umtalsvert. Það er stór áfangi og ástæða til að fagna því sérstaklega að Alþingi hafi lokið vinnu þessari fyrir þinglok.

# Opið bréf til borgarstjóra og menntamálaráðherra

MENNTUN
Sigríður Hallsteinsdóttir
foreldri og grunnskólakennari



Ég á tvö börn í grunnskóla og eitt í leikskóla og er ég sjálf umsjónarkennari átján barna í 1. bekk.

Nemendur mínir eru frábærir og oftast finnst mér gaman í vinnunni. Ég tel mig gera mitt besta til að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda, en þegar ég horfi til baka þessi tíu ár sem ég hef verið við kennslu þá veit ég að ég hef ekki sinnt nemendum mínum eins og „skóli án aðgreiningar“ gerir ráð fyrir. Það er ekki af því ég hef ekki viljað það heldur af því að mér hafa ekki verið skapaðar þær aðstæður til að vinna í svo ég geti það. Í grunnskólana þarf fleiri sérhæfða aðila sem hafa þekkingu og ekki síður reynslu til að vinna með þann fjölbreytileika sem er í grunnskólum borgarinnar. Umsjónarkennari eyðir sífellt stærri hluta af hverri kennslustund í að sinna sértækum hegðunar- og námserfiðleikum færra nemenda sem gerir það að verkum að hinn hluti nemenda fær sífellt minni tíma – en þeir eiga samt sama rétt sem þýðir að við göngum smátt og smátt á þeirra rétt. Í dag finnst mér „skóli án aðgreiningar“ hvorki vera að virka fyrir þá nemendur sem hafa hegðunarerfiðleika eða þroskaskerðingar á einhvern hátt né þessa „normal“ nemendur. Margir þrífast ekki í stórum bekkjum og ef þeir eru inni í bekk skerða þeir vinnuskilyrði annarra nemenda með áreiti og hegðun. En munum að allir eiga rétt á að líða vel í skóla og að þeim sé skapað öruggt vinnuumhverfi – líka þessum „normal“ nemendum.

### Komið til móts við þarfir

Ég veit nokkur dæmi þess að nemendur hafa farið úr grunnskóla án aðgreiningar yfir í Klettaskóla (áður Öskjuhlíðarskóli) og liðið miklu betur. Það er ekki vegna þess að kennarar eða starfsfólk var ekki vont við þá eða fannst þeir ekki hluti af nemendum sínum, heldur af því í Klettaskóla er hægt að koma til móts við þarfir hvers og eins – þar eru sérfræðingar og bekkjarstærðir í takt við þarfir nemenda. Sérfræðingar fyrir almennu grunnskólana í Reykjavík eru staðsettir á þjónustumiðstöðvum hverfanna. Þeirra helsta hlutverk er að funda með kennurum og þeim aðilum sem koma að nemendum og gefa þeim ráð – vissulega koma oft góð ráð, en spurningin sem kemur svo

> Ég er ekki ein um að hafa áhyggjur af því hvert við erum að stefna með grunnskólana í Reykjavík.

í framhaldinu er oft sú hvort þetta sé framkvæmanlegt inni í bekk með yfir 20 aðra nemendur sem þurfa líka sína þjónustu. Það er eins og það sé einhver skekkja í þessu – við höfum ekki mannskap og úrræði í grunnskólum Reykjavíkur til að vinna eftir þessum ráðum án þess að ganga á hlut hins „normal“ nemanda.

Ég er ekki ein um að hafa áhyggjur af því hvert við erum að stefna með grunnskólana í Reykjavík. Því spyr ég, háttvirtur borgarstjóri Jón Gnarr, hvernig standi á að þetta sé svona? Ertu á leiðinni að setja meira fjármagn í skólana til að „skóli án aðgreiningar“ verði framkvæmanlegri stefna en hún er í dag? Hvað segir háttvirtur menntamálaráðherra Katrín Jakobsdóttir? Er þetta af því að einhverjir „sérfræðingar“ úti í bæ segja að þetta sé gott? Eru þessir „sérfræðingar“ meðvitaðir um það sem er að gerast innan veggja grunnskólanna?

Hvað er til ráða?

**Aðalfundur Tryggingamiðstöðvarinnar hf.**

Aðalfundur Tryggingamiðstöðvarinnar hf. verður haldinn fimmtudaginn 14. mars 2013 kl. 9.00 árdegis í Norðurljósasal Hörpu, Reykjavík.

*Dagskrá:*

1. *Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á síðastliðnu starfsári.*
2. *Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðenda lagður fram til staðfestingar.*
3. *Ákvörðun um ráðstöfun tekjuafgangs félagsins eða hvernig mæta skuli halla.*
4. *Ákvörðun um tillögu stjórnar um starfskjarastefnu félagsins.*
5. *Tillaga um breytingar á samþykktum félagsins, sem einkum taka mið af rafrænni skráningu hluta í félaginu skv. ákvæðum laga um rafræna eignaskráningu verðbréfa og fyrirhugaðri töku hlutanna til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.*
6. *Ákvörðun um þóknun til stjórnar.*
7. *Kosning stjórnar félagsins.*
8. *Önnur mál löglega fram borin.*

Framboð til stjórnar, þ.m.t. varastjórnar, skal tilkynna skriflega til félagsstjórnar, Síðumúla 24, Reykjavík, skemmst fimm dögum fyrir aðalfundinn. Í tilkynningunni skal greina nafn frambjóðanda, kennitölu, heimilisfang, upplýsingar um aðalstarf, önnur stjórnarstörf, menntun, reynslu og hlutafjáreign í félaginu, hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins, sem og hluthafa sem eiga meira en 10% í félaginu.

Reikninga félagsins og tillögur má nálgast á aðalskrifstofu félagsins viku fyrir fundinn.

*Stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf.*

Tryggingamiðstöðin Síðumúla 24 Sími 515 2000

# Fræðsla barna er ekki málið

KYNFERÐIS-BROT



Sæunn Kjartansdóttir
sálgreinir

Hugmyndin um að fræðsla geti varið börn fyrir kynferðisbrotamönnum er orðin býsna viðurkennd. Hún gengur út á að upplýsa börn frá unga aldri um rétt sinn til að setja mörk svo að þau geti betur staðið gegn kynferðislegri misnotkun. Hljómar vel, ekki satt?

Því miður eru ofbeldismál erfiðari viðfangs en svo, ekki síst kynferðisbrotamál. Ástæða þess að börn verða fyrir kynferðisofbeldi er ekki að þau skorti vit til að segja nei eða verja sig með öðrum hætti. Ástæðan, eins og í öllum ofbeldismálum, er að þau eru borin ofurliði. Aflsmunurinn er ekki aðeins líkamlegur heldur einnig vitsmuna- og tilfinningalegur. Þegar börn verða fyrir lævíslegri tælingu verða þau ringluð og upplifa sig hæglega samsek. Oft átta þau sig ekki á hvað gerst hefur fyrr en allt er um garð gengið.

Við þurfum að hugsa til enda þýðingu þess að ætla börnum að setja kynferðisbrotamönnum mörk. Hvað ef þeim tekst það ekki? Hvað ef þau segja ekki að þetta sé bannað? Er þetta þá þeim að kenna? Ég óttast að það sé niðurstaða sem mörg þeirra sitja uppi með.

**➜ Við þurfum að hugsa til enda þýðingu þess að ætla börnum að setja kynferðisbrotamönnum mörk.**

### Nístandi sektarkennd

Það er kunnara en frá þurfi að segja að ein algengasta og erfiðasta afleiðing kynferðisofbeldis er djúpstæð og nístandi sektarkennd þolenda. Þetta á við um fullorðna en þetta á enn þá frekar við um ung börn. Þau hafa engar forsendur til að sjá við blekkingum fullorðinna og hafa auk þess afar óraunhæfar hugmyndir um eigin mátt og getu. Því eru þau berskjölduð fyrir sektarkennd sem enginn fótur er fyrir en getur engu að síður kvalið þau ævina á enda.

Hvað er þá til ráða? Besta vörn gegn því að börn verði fyrir ofbeldi er að þau eigi örugg tengsl við foreldra eða aðra fullorðna sem þau geta treyst. Flest vildum að til væru einfaldari lausnir en hjá því verður ekki komist að fullorðið fólk beri ábyrgð á að gæta öryggis barna. Það þarf að hlusta á börn, veita líðan þeirra athygli og taka þau alvarlega. Barn sem býr við slíkt atlæti veit hvar mörk liggja og hvenær er farið yfir þau vegna þess að það lærir markasetningu í samskiptum við þá sem annast það. Þar með er ekki tryggt að barnið geti varið sig fyrir ofbeldi. Það er hins vegar mun líklegra til að segja frá og fá hjálp við hæfi. Því miður er staðreyndin sú að alltof mörg börn búa við fáskiptni og vanrækslu og eru misyndismönnum auðveld bráð. Það er alvarlegur og aðkallandi vandi en hann verður aðeins leystur með samstilltum aðgerðum foreldra, fagfólks, stjórnvalda og allra þeirra sem láta sig hag barna varða.

# Er lítið mál að lofa of miklu?

FJÁRMÁL



Sighvatur Björgvinsson
fv. ráðherra
Seinni grein

Í fyrri grein minni um sama efni ræddi ég um þann vanda sem niðurfærsla á lánum Íbúðalánasjóðs um 20% mun hafa í för með sér fyrir lífeyrissjóði og lífeyrisþega.

En það er meira sem hangir á króknum. Lífeyrissjóðirnir hafa nefnilega líka lánað sjóðfélögum verðtryggð lán til húsnæðiskaupa. Þau á líka að lækka um 20%. Þessi lán nema nú um 175 milljörðum króna. Lækkun þeirra um 20% kostar 35 milljarða króna.

Nú er það svo að sjóðfélagalánin nema misháum fjárhæðum hjá lífeyrissjóðunum og eru því mishátt hlutfall af heildareign þeirra hvers um sig. Hjá þeim sem verst standa myndi slík aðgerð sem gerð yrði í einni sjónhendingu þýða u.þ.b. 2% lækkun lífeyrisgreiðslna en hjá öðrum minna. Þá færi nú heldur betur að kreppa að afa og ömmu – en er það ekki bara sanngjarnt? Þessi lækkun kæmi auðvitað til viðbótar þeirri lækkun sem áhrifin af 20% lækkun á eign sjóðanna vegna niðurskurðarins hjá Íbúðalánasjóði myndi hafa – en er það ekki bara sanngjarnt líka? Ekki eru afi og amma að byggja!

### Opinberu lífeyrissjóðirnir

Þessir sjóðir eru svo kapítuli út af fyrir sig. B-deild LSR er baktryggð hjá ríkissjóði þannig að skerðing þess sjóðs kemur bara fram á auknum álögum á skattborgara til viðbótar við skattahækkunaráhrif lækkunar á kröfum Íbúðalánasjóðs. A-deildin er hins vegar sjálfstæð með sjálfstæðan fjárhag. Heildareignir A-deildarinnar nema um 220 milljörðum króna. Verðtryggð lán nema um 15% af þeirri fjárhæð eða 33 milljörðum króna. 20% niðurfærsla þeirra lána kostar því 6,6 milljarða króna. Lífeyrisgreiðslur í opinbera geiranum eru lögvarðar þannig að A-deildin gæti ekki mætt þessu með skerðingu lífeyris eins og almennu sjóðirnir geta gert. Eina úrræðið væri hækkun sem nemur 6,6 milljörðum króna í iðgjaldagreiðslum frá ríkinu. Væri niðurfærslan framkvæmd í sjónhendingu eins og rætt er um og í sömu sjónhendingu, á sama ári, yrði að bæta sjóðnum tapið yrði iðgjaldagreiðslan, sem nú er 15,5%, að hækka upp í 40% á því ári vegna áhrifa tekjutaps sjóðsins! Slíkt væri ekki hægt að gera þó málið sé afskaplega sanngjarnt (sic!) heldur yrði líklega brugðið á það ráð að hækka iðgjaldið í 17-18% og láta þá hækkun standa undir eignamissinum, sem myndi þá taka sjóðinn 30-40 ár að fá til baka. En þá væri líka hægt að láta börnin hjálpa pabba og mömmu við að borga því þá væru þau komin á skattskrá og yrðu að hjálpa til við að bæta lífeyrissjóðnum tekjutapið. En það er náttúrlega afskaplega sanngjarnt eins og fyrr er sagt. Allir taka þátt: Nágrannarnir, fólkið í hinum borgarhverfunum og fólkið á landsbyggðinni, afi og amma og börnin og jafnvel barnabörnin líka. Kannski einhverjir útlendingar í ofanálag. Ja hérna!

### Bankarnir eru þá eftir

Og þá eru bankarnir eftir. Samkvæmt upplýsingum sem fá má hjá Seðlabanka Íslands áttu innlánsstofnanir 245 milljarða króna í verðtryggðum lánum um sl. áramót. Þá fjárhæð á í sjónhendingu að lækka um 20% eða 24 milljarða króna. En auðvitað er sanngjarnt að allir þeir sem eiga eitthvað sparifé í banka og hluthafar taki þátt í að létta skuldabyrði skuldugra heimila. Nema hvað? Þarf nokkuð að ræða það frekar?

**➜ Eða vilja kjósendur láta blekkjast – hlusta bara á það sem þeim þykir gott að heyra?**

### Menntuð þjóð

Sagt er að Íslendingar séu menntuð þjóð. Fyrir slíka þjóð er hægur vandi að fá með örfáum símtölum og fyrir tilverknað netsins upplýst við hvaða vandamál menn segjast vera að fást við. Það hefur verið gert hér og hver og einn lesandi getur auðveldlega gengið úr skugga um að rétt sé frá sagt. Ætlar sú þjóð virkilega að láta það yfir sig ganga að sagt sé við hana að þennan vanda eigi að leysa með sanngjörnum hætti en ekki sé unnt að segja frá því hvernig fyrr en fjórum mánuðum eftir kosningar? Á ég svo að trúa því að frambjóðendur flokks, sem ég hef stutt, láti henda sig að vera með sambærilegar yfirlýsingar – að lofa og lofa ekki upp í eigin ermi heldur upp í ermar annarra án þess svo mikið sem að geta stunið því upp með hvaða viðráðanlegum og skynsamlegum hætti þeir ætla að efna loforðin? Eða vilja kjósendur láta blekkjast – hlusta bara á það sem þeim þykir gott að heyra? Sé svo munu kjósendur fá þá alþingismenn sem þeir eiga skilið að fá.

Meiri verður nú uppskeran ekki…





Með Borgun tekur þú við öllum kortum – hvar og hvenær sem er
Fáðu frekari upplýsingar á borgun.is/vefgreidslur eða í síma 560 1600

# Þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurflugvallar

SKIPULAGSMÁL



Marteinn M. Guðgeirsson
bankastarfsmaður

Undanfarin ár hafa margir lagt orð í belg varðandi framtíð Reykjavíkurflugvallar í Vatnsmýrinni. Almennt skiptist fólk í tvær fylkingar, önnur fylkingin vill hafa flugvöllinn áfram þar sem hann er en hin vill láta flytja hann „eitthvert annað“, s.s. á Hólmsheiði, Álftanes eða til Keflavíkur. Fólk er greinilega ekki sammála, það er bara fínt og skapar líflegar umræður.

Þann 25. september sl. kynnti KPMG greinargerð, sem unnin var fyrir sjö sveitarfélög um framtíð innanlandsflugs, um áhrif þess að flytja miðstöð innanlandsflugs frá Reykjavík til Keflavíkur. Í greinargerðinni koma fram margar áhugaverðar niðurstöður en eins og ávallt þarf að hafa forsendur í huga þegar niðurstöður eru rýndar. Dæmi um niðurstöður sem fram koma eru:

- Fækkun flugferða á einstökum flugleiðum verður allt að 40%.
- Innanlandsflug í núverandi mynd leggst af til Ísafjarðar, Hornafjarðar og Vestmannaeyja.
- Kostnaður við ríkisstyrkt flug eykst.
- Kostnaður við sjúkraflug eykst og öryggi sjúklinga minnkar.
- Ferðakostnaður íbúa landsbyggðarinnar eykst um 6 til 7 milljarða á ári.
- Landsbyggðin í heild sinni verður afskekktari þegar innanlandsflug dregst saman.

Þegar þessar helstu niðurstöður eru skoðaðar finnst mér erfitt að rökstyðja að flytja eigi flugvöllinn úr Vatnsmýrinni til Keflavíkur. Merkilega lítið hefur farið fyrir umræðu um þessa greinargerð.

Nú virðast einhverjir hallast að því að flytja flugvöllinn á Hólmsheiði. Í desember 2009 gerði Veðurstofan opinbera skýrslu sem unnin var fyrir Flugstoðir og byggir á veðurmælingum á Hólmsheiði tímabilið 11.01.2006-31.10.2009, eða í tæp fjögur ár. Þar kemur fram að nothæfisstuðull er lægri fyrir Hólmsheiði en Reykjavíkurflugvöll, sem þýðir að nothæfi flugvallar þar er minna en í Vatnsmýri. Mun það einkum vera vegna hliðarvinds annars vegar og hins vegar vegna verra skyggnis og lægri skýjahæðar. Eru Íslendingar tilbúnir að sætta sig við þjónustuskerðingu í nútímaþjóðfélagi?

### Óvíst um ávinning

Þeir sem vilja flugvöllinn í burtu nefna gjarnan að Vatnsmýrin sé svo verðmætt byggingarland að óverjandi sé að hafa þar flugvöll. Reyndar er það þannig að mjög margir velja sér búsetu fjarri miðbænum og vilja frekar búa í úthverfum. Ég held að flestir átti sig á því að ef flugvöllurinn færi úr Vatnsmýri væri hægt að skipuleggja íbúabyggð þar að hluta og þétta byggð. Hvort fjárhagslegur ávinningur verður jafn mikill og rætt hefur verið um er óvíst. Um þessar mundir er raunverð íbúðarhúsnæðis um 35% undir því sem það fór hæst og er nú svipað og árið 2004. Líklegt verður því að telja að verðið eigi eftir að hækka verulega, sérstaklega á „verðmætasta“ byggingalandinu. Ætli það sama megi segja um kaupmátt og ráðstöfunartekjur fólks? Við skulum svo sannarlega vona það en spyrja má hvort ekki væri gáfulegra að líta til sameiningar eða samvinnu sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu og þétta byggð með því móti?

Þeir sem vilja hafa flugvöllinn áfram þar sem hann er nefna oftast nálægð við Landspítalann, þjónustu við landsbyggðina og tímasparnað m.v. að hafa hann í Keflavík eða fjarri opinberri þjónustu. Ef flugvöllurinn fer úr Vatnsmýrinni má færa rök fyrir því að flytja beri ákveðnar opinberar lykilstofnanir úr miðbænum nær flugvellinum, mögulega til annarra sveitarfélaga eins og Mosfellsbæjar og/eða Kópavogs. Eru Reykvíkingar til í að skoða það?

Sem betur fer er þungavigtarfólk í þjóðfélaginu sem áttar sig á heildarmyndinni og má t.d. hrósa núverandi innanríkisráðherra fyrir hans framgöngu hingað til.

### Betri farvegur

Ég hef alltaf litið á Reykjavík sem höfuðborg Íslendinga, ekki bara Reykvíkinga. Af þeirri ástæðu hefur mér fundist eðlilegt að byggja upp þjónustu í Reykjavík sem Íslendingar þurfa eða kjósa að notfæra sér. Því fylgir hins vegar ábyrgð að vera höfuðborg landsins, það verður ekki bæði haldið og sleppt.

Hinn 17. mars 2001 fór fram kosning í Reykjavík um Reykjavíkurflugvöll. Borgarráð samþykkti að niðurstaðan yrði bindandi ef a.m.k. ¾ hlutar (75%) atkvæðisbærra manna í Reykjavík tækju þátt í kosningunni eða ef a.m.k. 50% atkvæðisbærra manna greiddu atkvæði á sama veg. Til að gera langa sögu stutta var hvorugt þessara skilyrða uppfyllt sbr. meðfylgjandi töflu. Engu að síður er til fólk sem vísar í þessa atkvæðagreiðslu og leyfir sér að fullyrða að Reykvíkingar hafi ákveðið að flugvöllurinn skuli fara úr Vatnsmýri. Mín túlkun á þessum niðurstöðum er sú að flestum Reykvíkingum hafi ekki dottið í hug að neinum væri alvara með hugleiðingum um að flytja flugvöllinn og því sátu yfir 60% þeirra heima.

Þrátt fyrir þessa niðurstöðu er umræðan um flugvöllinn á fleygiferð en mér finnst nauðsynlegt að beina henni í betri farveg, þjóðaratkvæðagreiðslu. Þegar svona stórt mál er til umræðu, sem skiptir alla landsmenn mjög miklu máli, og stjórnmálamenn treysta sér ekki til að taka afstöðu til er gott að þeir fái skýra leiðsögn frá þjóðinni. Rétt er að hafa í huga að þjóðin á hluta landsins í Vatnsmýri.

Ég legg því til að haldin verði þjóðaratkvæðagreiðsla um Reykjavíkurflugvöll samhliða næstu alþingiskosningum sem munu fara fram eigi síðar en í apríl nk. Ég hef fulla trú á að meirihluti Reykvíkinga og landsmanna allra vilji hafa flugvöllinn áfram í Vatnsmýrinni. Við þurfum hins vegar að vita það með eins mikilli vissu og mögulegt er og að mínu mati er þjóðaratkvæðagreiðsla, samhliða kosningum, besta leiðin til þess. Þannig fá líka stjórnmálamenn skýr skilaboð um næstu skref í þessu stóra máli. Ég skora því á innanríkisráðherra og ríkisstjórnina alla að hefja nú þegar undirbúning þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurflugvallar. Er það ekki beint lýðræði?

## Kosning 2001

| | Fjöldi | Hlutfall |
|---|---|---|
| **Á kjörskrá** | 81.258 | |
| **Greidd atkvæði** | 30.219 | 37,19% |
| **Áfram í Vatnsmýri** | 14.529 | 48,08% |
| % af heild | | 17,88% |
| **Fari úr Vatnsmýri** | 14.913 | 49,35% |
| % af heild | | 18,35% |
| **Auðir og ógildir** | 777 | 2,57% |

**→ Ég hef fulla trú á að meirihluti Reykvíkinga og landsmanna allra vilji hafa flugvöllinn áfram í Vatnsmýrinni. Við þurfum hins vegar að vita það með eins mikilli vissu og mögulegt er og að mínu mati er þjóðaratkvæðagreiðsla, samhliða kosningum, besta leiðin til þess.**



# Laxeldi í sjó eða á landi

Hugmyndir um laxeldi í Ísafjarðardjúpi og á Austfjörðum hafa enn skotið upp kollinum. Eðlilegt er að Íslendingar séu vakandi fyrir nýjum atvinnutækifærum en sú starfsemi má ekki bitna á náttúrunni.

Síðastliðin 40–50 ár hefur laxeldi í sjókvíum verið margreynt og oftast mistekist. Náttúrulegar aðstæður í vistkerfinu reyndust fiskeldi ofviða. Lýs, þörungablómi og marglyttur herjuðu á kvíafiskinn og ógjörningur var að verja kvíarnar fyrir fuglum, selum og hvölum. Óhöpp, mannleg mistök og ytri aðstæður hafa orðið til þess að fjárfestingarnar hafa fengið ömurlegan endi. Ótaldir milljarðar hafa glatast og tapreksturinn lent á skattgreiðendum.

Efnahagsleg velgengni Íslendinga byggist á að veiða, vinna og selja villtan fisk úr ómenguðum sjó við landið. Því er eðlilegt að spyrja hvort sú hreina og jákvæða ímynd sem íslenskur fiskur hefur á heimsmörkuðum sé í mótsögn við fiskeldi í sjó. Slíkt eldi hefur stórskaðað lífríki við strendur og í vatnakerfum Noregs, Skotlands, Írlands og Kanada. Mengun og úrgangur – köfnunarefni og fosfór – frá fiskeldisfyrirtækjum er óheyrilegur. 7.000 tonna laxeldi, eins og rætt er um í Ísafjarðardjúpi, mengar á við 157.000 manna bæjarfélag. Þolir Djúpið slíkt álag? Laxalús frá kvíaeldi hefur eyðilagt norskar laxveiðiár. Í Noregi hefur veiði því verið hætt í um 110 ám, aðallega vegna mengunar frá laxeldi og áhrifa stíflna fyrir raforkuver. Laxalúsin leggst á og drepur laxaseiði sem eru nýgengin til sjávar. Fyrirhuguð staðsetning kvía fyrir utan ósa laxánna innst í Djúpinu myndi því drepa laxastofnana. Rækjan og þorskurinn í Ísafjarðardjúpi munu og bíða skaða af mengun frá laxeldinu auk þess sem laxakvíar hafa neikvæð sjónræn áhrif á þrönga Vestfirðina. Þangað sækja ferða- og sjóstangaveiðimenn í leit að hinni sérstæðu og

LAXELDI



**Orri Vigfússon**
formaður NASF, verndarsjóðs villtra laxastofna

ósnortnu náttúru. Aðdráttarafl Vestfjarða minnkar til muna þegar firðir fyllast af sjókvíum. Ótalin er hætta af lyfjum og sjúkdómum sem fylgja laxeldi. Lúsalyfin eru sérstaklega hættuleg skelfiski. Þau virka á skel lúsarinnar og á allan skelfisk í umhverfinu. Rannsaka þyrfti hvort fiskeldi hafi spillt hörpuskel í Breiðafirði og humar undan suðausturströnd landsins þar sem lyfjamengað skolið úr Austfjarðaeldinu fer út á miðin.

## Lax mun alltaf sleppa

Lax mun alltaf sleppa úr sjókvíum og strokulaxar synda hratt upp í nærliggjandi ár þar sem þeir blandast auðveldlega villtum fiskum sem fyrir eru. Langvarandi laxeldi hefur að lokum hrikalegar afleiðingar fyrir stofnana í ánum af því að í laxeldinu er notaður sérræktaður norskur lax sem er allt annarrar náttúru en villti íslenski laxinn. Sem dæmi um hve raunveruleg hættan er, þótt kvíarnar séu ekki við mynni laxveiðiánna, má nefna að þegar laxar sluppu úr kvíum í Norðfirði fyrir nokkrum árum voru þeir komnir upp í laxveiðiárnar frá Vopnafirði og suður í Breiðdal eftir fáeina daga. Reglan um að sá sem mengar eigi að borga fyrir skaðann er ekki í gildi á Íslandi; allur erfðaskaði mun falla á veiðiréttareigendur.

Lyf sem notuð eru í laxeldi fara út í umhverfið og spilla því en safnast einnig upp í fiskinum ásamt krabbameinsvaldandi efnum úr laxafóðrinu, s.s. díoxíni, kadmíum, blýi, kvikasilfri, arseniki og ethoxyquin. Eldislax er því alls engin heilsufæða. Fólki er ráðlagt að takmarka neyslu hans, sérstaklega börnum og þunguðum konum.

Þá eru ótalin vandamál við stjórnun og eftirlit með laxeldi. Eftirlit í Noregi er miklu umfangsmeira en hér á landi en þó er því ábótavant. Eldið er eina matvælaframleiðslan sem þarf ekki að þrífa eftir sig heldur er mengaður

**➜ Lax mun alltaf sleppa úr sjókvíum og strokulaxar synda hratt upp í nærliggjandi ár þar sem þeir blandast auðveldlega villtum fiskum sem fyrir eru.**

úrgangurinn látinn sitja eftir í náttúrunni.

Jafnvel þótt Íslendingar vildu sætta sig við mengunina sem fylgir auknu laxeldi í sjó, á slóð villtra laxa og viðkvæmra skeldýra, þarf samt sem áður að setja upp stjórnkerfi og eftirlit, eins og um nýja landbúnaðarframleiðslu væri að ræða. Þetta kallar á milljarðafjárfestingu í innviðum, menntun og starfsþjálfun. Í dag sjá tvær stofnanir um eftirlitið en hjá hvorugri þeirra er það meginþáttur í starfseminni. Þá þarf að fylgjast með stjórnun í kvíunum, bátum og búnaði, fóðri, lyfjagjöf, lúsasmiti, slátrun o.fl.

## Laxeldi á landi

Komin er fram ný tegund af laxeldi sem leyst gæti gamlar aðferðir af hólmi, þ.e. eldi í lokuðum flotkvíum í sjó eða í kerum á landi. NASF hvetur til þess að færa fiskeldi upp á land þar sem hægt er að stjórna ferlinu og nota ferskt vatn eða sjó sem má hreinsa í útrennslinu. Nýleg eldisstöð í Virginíuríki í Bandaríkjunum, sem byggir á þessari tækni, hefur sett fyrstu laxana á markað og telja talsmenn stöðvarinnar framleiðslukostnað sambærilegan við það sem best gerist í norsku sjókvíaeldi (sjá http://asf.ca/landbasedaquaculture.html). Kannski má spara markaðs- og flutningskostnað með fiskeldi í kerum á þurru landi nálægt stórborgum?

Á Íslandi hefur keraeldi verið þróað um nokkurt skeið. Nefna má Íslandsbleikju Samherja, Stolt Sea Farm með Senegal-flúru og fleiri stöðvar. Þetta eru leiðandi fyrirtæki á alþjóðavísu. Óskandi væri að þau næðu að tryggja jafnvægi og sjálfbæra nýtingu lífríkisins, orðstír og forystu Íslands í vinnslu sjávargæða á norðurslóðum.

# Sársauki – ekkert til að tala um

Löng tímabil í lífi mínu hef ég verið kvalin öllum stundum sólarhringsins, alla daga mánaðarins svo mánuðum skiptir. Það hefur liðið yfir mig af kvölum oftar en ég hef tölu á. Ég hef grátið af kvölum. Verið sljó af verkjalyfjum en samt grátið af kvölum. Misst svefn vegna verkja. Verið send á bráðamóttökuna með sjúkrabíl. Í mínu tilviki er þetta birtingarmynd þess að vera með fjórða stigs endómetríósu (legslímuflakk).

## Fjölskyldusjúkdómur

Endómetríósa getur verið mjög kvalafullur sjúkdómur og þar að auki getur gríðarleg andleg þreyta fylgt því að glíma við krónískan sjúkdóm. Endómetríósa hefur ekki bara áhrif á líf konunnar sem um ræðir heldur alla fjölskylduna. Því fylgir annars konar sársauki að fylgja konu sinni vanmáttugur í gegnum hvert verkjakastið á fætur öðru eða í gegnum enn eina misheppnaða glasafrjóvgunina. Því fylgir sársauki að horfa upp á dóttur sína, sem strangt til tekið er í blóma lífsins, kveljast, draga sig í hlé frá lífinu, missa af tækifærum. Börnin sem lána mömmu besta bangsa þegar henni er aftur „illt í mallanum“ skynja líka þennan sársauka og læra að lifa með honum.

## Ófrjósemi

Um 40% kvenna með endómetríósu glíma við van- eða ófrjósemi. Flestar þeirra ná sem

HEILBRIGÐISMÁL



**Silja Ástþórsdóttir**
formaður Samtaka um endómetríósu

betur fer að eignast börn með hjálp lyfja og/eða tæknifrjóvgana. Ófrjósemi snertir einnig alla fjölskylduna, foreldrana sem aldrei verða afar og ömmur eða systkin sem fá samviskubit er þau gleðjast yfir eigin barnaláni.

## Skilningsleysi

Það sem gerir endómetríósu jafn erfiða viðfangs og raun ber vitni er að sjúkdómurinn er krónískur, við honum er engin lækning og greiningartími er langur. Þar að auki mætir konum með endómetríósu gjarnan skilningsleysi því hvernig á fólk að skilja að kona geti kvalist svona gríðarlega á blæðingum sem eru, þegar upp er staðið, einn eðlilegasti hlutur í heiminum? Í samfélagi þar sem gjarnan er talið „eðlilegt“ að konur fái slæma tíðaverki getur verið erfitt að gera sig trúanlegan og margar konur velja því að ræða ekki einkenni sín og kveljast heldur í hljóði.

## Trúið okkur

Þeir eru margir sem þurfa að glíma við sjúkdóma einhvern tímann á lífsleiðinni eða lifa í sársauka en við sem samfélag erum lítið fyrir það að ræða slíkt. Skiljanlega, það gerir engum gott að velta sér upp úr erfiðleikunum og það vill heldur enginn vera fýlupúkinn sem dregur alla niður. En stundum getur verið fín lína á milli kröfu samfélagsins um jákvæðni yfir í fordóma og neikvæðni í garð hins veika. Kona

**➜ Það sem gerir endómetríósu jafn erfiða viðfangs og raun ber vitni er að sjúkdómurinn er krónískur, við honum er engin lækning og greiningartími er langur.**

sem finnur sig knúna til að ræða jafn persónulegt mál og blæðingar er orðin mjög þjáð. Tölum því saman opnum huga, hlustið og trúið okkur!

## Greining mikilvæg

Talið er að 5-10% kvenna hafi endómetríósu og áætlaður fjöldi kvenna með sjúkdóminn í heiminum er 176 milljónir. Sjúkdómnum er skipt í fjögur stig eftir alvarleika. Í vægum tilfellum finna konur engin einkenni sjúkdómsins en aðrar búa við krónískar kvalir með mikilli skerðingu lífsgæða. Meðalgreiningartími endómetríósu á Íslandi er talinn vera 6-10 ár. Helstu meðferðarleiðir eru skurðaðgerðir og hormónagjöf og gefa þær sem betur fer yfirleitt góða raun. Mikilvægt er að greina sjúkdóminn fljótt til að bæta lífsgæði og fyrirbyggja skemmdir á líffærum.

Á morgun hefst Vika endómetríósu á Íslandi og stendur hún yfir 1.-7. mars. Guli dagurinn, dagur endómetríósu, er einnig haldinn hátíðlegur á morgun víða um heim og er fólk hvatt til að sýna konum með endómetríósu stuðning og klæðast einhverju gulu. Á facebook.com/endometriosa og endo.is má finna upplýsingar um sjúkdóminn og starf samtakanna.




Verkjastillandi og bólgueyðandi við verkjum í hálsi og öxlum!




VOL130102

Voltaren

*Fæst án lyfseðils*

Voltaren 11,6 mg/g, hlaup. Inniheldur 11,6 mg af díklófenaktvíetýlamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf: Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borið á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiðsli í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækninn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, asetýlsalisýlsýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakláða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetýlsalisýlsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Síðustu 3 mánuðir meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglingum 14 ára og yngri. Sérstök varnaðarorð: Má eingöngu bera á heila og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir eða augu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikið sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæðið með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ofnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hætta á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á almennum aukaverkunum, t.d. á nýru. Við brjóstagjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ


20% afsláttur af kösturum
RAFVÖRU MARKAÐURINN
KASTARADAGAR
7.192 Verð áður 8.990
5.592 Verð áður 6.990
5.592 Verð áður 6.990
7.192 Verð áður 8.990
4.392 Verð áður 5.490
4.392 Verð áður 5.490
2.392 Verð áður 2.990
4.392 Verð áður 5.490
9.596 Verð áður 11.995
3.996 Verð áður 4.995
7.196 Verð áður 8.995
3.996 Verð áður 4.995
2.396 Verð áður 2.995
3.196 Verð áður 3.995
1.996 Verð áður 2.495
3.996 Verð áður 4.995
3.996 Verð áður 4.995
5.596 Verð áður 6.995
4.796 Verð áður 5.995
4.796 Verð áður 5.995
5.596 Verð áður 6.995
5.596 Verð áður 6.995
Birt með fyrirvara um prentvillur. Vörur geta verið uppseldar.
RAFVÖRU MARKAÐURINN
VIÐ FELLSMÚLA - 108 REYKJAVÍK - SÍMI: 585 2888
OPIÐ ALLA DAGA
Mán. til fös. kl. 9 - 18
Laugard. kl. 10 - 16
Sunnud. kl. 12 - 16









3.990.-

2.790.-

**VERÐHRUN**
**ALLT AÐ 90%**
**AFSLÁTTUR**

# BÓKAMAR
## *Perlunni*

**FRÁ 22. FEBRÚAR** **TIL 10. MARS**

LJÓSMYNDABÆKUR, TÚRISTABÆKUR, LISTAVERKABÆKUR, SJÁLFSHJÁLPARBÆKUR, MEÐGÖNGUBÆKUR, BARNANUDDBÆKUR, LÍFSTÍLSBÆKUR, M
HANNYRÐABÆKUR, PRJÓNABÆKUR, SAUMABÆKUR, HEKLBÆKUR, GRÍNBÆKUR, KYNLÍFSBÆKUR, SPAKMÆLABÆKUR, ORÐABÆKUR, HANDBÆKUR,
ÍSLENDINGASAGNABÆKUR, ÆTTFRÆÐIBÆKUR, VESTFIRSKARBÆKUR, SKÁLDSÖGUBÆKUR, KILJUBÆKUR, ÆVISÖGUBÆKUR, SÖGUFÉLAGSBÆK




1.490.-




1.990.-




1.999.-




990.-




6.990.-




1.490.-




990.-




11.999.-




1.990.-




1.990.-




1.990.-

EKKI MISSA AF ÞESSU

# KAÐURINN

ÓTRÚLEGT ÚRVAL ÞÚSUNDIR TITLA SPARAÐU ÞÚSUNDIR

ATREIÐSLUBÆKUR, MATARKÚRABÆKUR, VEIÐIBÆKUR, GOLFBÆKUR, ÍÞRÓTTABÆKUR, FERÐABÆKUR, ÍSLANDSKORTABÆKUR, HÖNNUNARBÆKUR, HLJÓÐBÆKUR, LJÓÐABÆKUR, TRÚARBÆKUR, DULRÆNARBÆKUR, SÖGUTENGDAR BÆKUR, FJÁRMÁLABÆKUR, HRUNBÆKUR, SAGNFRÆÐIBÆKUR, UR, HÁSKÓLABÆKUR, UNGLINGABÆKUR, BARNABÆKUR, HARÐSPJALDABÆKUR, DAGBÆKUR, SMÁBÆKUR, STÓRVIRKI, BLÖÐ OG KROSSGÁTUR




1.475.-




1.490.-




1.990.-



990.-




1.690.-




1.990.-

OPIÐ
FRÁ KL. 10-18
ALLA DAGA

Facebook.com/bokamarkadur



# Slakt gengi stráka í íslensku skólakerfi

MENNTUN



Björn Guðmundsson
framhaldsskólakennari

Nýverið kom fram að 23% íslenskra 15 ára stráka lesa ekki sér til gagns en 9% stúlkna glíma við sama vanda.

Fyrir fáeinum áratugum var hlutfall kvenna í háskólum á Íslandi lægra en karla. Nú eru 63% háskólanema konur en aðeins 37% karlar. Hvernig má skýra þetta?

Á Íslandi eru nánast allir starfsmenn leikskóla konur. Svipað gildir um grunnskóla, en þar er hlutfall kvenna yfir 80%. Í framhaldsskólum er vaxandi hluti kennslunnar í höndum kvenna, víða yfir 50% og stefnir í 80% á næstu fimmtán árum.

Stuðlar þetta hugsanlega að því að strákar fari síður en stelpur í háskólanám? Er menntun að verða forréttindi kvenna? Ef svo er, þarf þá ekki að bregðast við og huga að réttindum stráka? Lítið heyrist talað um það. Áhyggjuefnið virðist vera að stelpur séu enn þá færri í verkfræðideild. Minna heyrist um áhyggjur af því að strákar séu færri en stelpur í lækna-, tannlækna- og lyfjafræðideild svo dæmi séu tekin.

**➜ Áhyggjuefnið virðist vera að stelpur séu enn þá færri í verkfræðideild. Minna heyrist um áhyggjur af því að strákar séu færri í lækna-, tannlækna og lyfjafræðideild...**

### Eiga undir högg að sækja

Englendingar hafa áhyggjur af því að strákar standa sig verr en stelpur í enskum skólum. Skv. rannsóknum Bonny Hartley, sálfræðings við háskólann í Kent í Englandi, stuðla kvenkennarar að lélegri sjálfsmynd stráka með því að vera sífellt að gagnrýna þá fyrir að eiga erfiðara með að sitja kyrrir og prúðir eins og stelpurnar. Við átta ára aldur eru strákarnir komnir á þá skoðun að stelpurnar séu stilltari, gáfaðri og hafi meiri metnað. Stelpurnar fá meiri hvatningu frá kvenkennurum svo þær telja sig gáfaðri en strákarnir. Um 90% enskra grunnskólakennara eru konur. Ekki skal því haldið fram hér að þessar niðurstöður megi yfirfæra á íslenska skóla. Sumar kannanir hér hafa sýnt neikvæðari sjálfsmynd stúlkna en drengja. Hvað sem því líður og hverjar sem ástæður þess eru virðast strákar eiga undir högg að sækja í skólum á Íslandi.

Tekið skal fram að réttindabarátta kvenna á fullan rétt á sér og hefur sem betur fer skilað árangri þótt enn sé verk að vinna, m.a. varðandi launajafnrétti. Konur eiga að fá sömu laun fyrir sömu vinnu og karlar og hafa sömu tækifæri til menntunar og atvinnuþátttöku. Konur eiga allt gott skilið, en varla getur það talist æskilegt né eðlilegt að þær séu nánast allsráðandi við mótun ungs fólks í skólakerfinu.

Hugsum okkur að þessu væri öllu öfugt farið, að stúlkur yrðu síður læsar en drengir, að hlutfall kvenna í æðra námi færi lækkandi, að flestir kennarar á flestum skólastigum væru karlar og að þeim færi fjölgandi. Líklegt er að slíkt þætti stórvandamál sem brugðist yrði við af festu. Þá væru sett lög, reglugerðir og kynjakvótar til að breyta hlutföllunum og rétta hlut stelpna. En þarf ekki að rétta hlut stráka?

### Ekkert frést af aðgerðum

Bráðlega taka gildi lög um að konur skuli skipa 40% sæta í stjórnum stærri fyrirtækja á Íslandi. Menn hljóta að telja slíkt til bóta fyrir þjóðfélagið. Frá ESB koma skilaboð um að beita fjársektum til að ná þessu fram. Ekkert hefur þó frést af aðgerðum til að rétta hlut stráka í skólakerfinu.

Kristín Jóhannesdóttir kvikmyndaleikstjóri sagði nýlega: „Örfá hlutverk í myndum karla eiga sem sagt að skapa okkur kvenímyndir í þessum öfluga miðli… Þetta er ekki aðeins ójöfnuður og óréttlæti, heldur hættuástand sem hamlar eðlilegri framþróun greinarinnar og það sem meira er, samfélagsins alls… Þetta er þjóðfélagsmein. Þjóðfélag verður aldrei heilt með karlagildi ein í öndvegi.“

Ég tek undir með Kristínu, en mér finnst hún þó taka djúpt í árinni. Ef það sem hún lýsir er hættuástand, hvaða orð á þá að hafa um það að skólakerfið sé óðum að komast í hendur annars kynsins? Varla verður þjóðfélagið heilt með kvennagildi ein í öndvegi í skólakerfinu svo notuð séu hennar orð.

Ýmsir telja að strákar þurfi öðruvísi kennslu en stelpur og að karlkennarar séu líklegri til að henta strákum. Líklega er þó best fyrir bæði stráka og stelpur að hafa kennara af báðum kynjum.

Abigail James, doktor í kennslusálfræði, er hlynnt kynjaskiptingu í skólum, telur slíkt báðum kynjum til hagsbóta. En þá er spurningin hvort konur eigi að kenna stelpum og karlar strákum? James telur að bæði kynin þurfi að kynnast kennurum af báðum kynjum. Sé það rétt þarf að hækka hlutfall karlkennara í íslenskum skólum.

Allt hnígur að því að brýnt sé að spyrna við fótum og bregðast af einurð við slöku gengi stráka í skólakerfinu.

# Stærsta sjávarútvegshöfnin

SJÁVARÚTVEGUR



Hjálmar Sveinsson
stjórnarformaður Faxaflóahafna

Gamla höfnin í Reykjavík hefur tekið miklum breytingum undanfarin ár og áratugi eins og borgarbúar vita. Höfnin var upphaflega gerð á árunum 1912 til 1917. Þá voru garðarnir tveir lagðir, Ingólfsgarður og Norðurgarður, sem mynda mynni hafnarinnar með fallegu gulu vitunum hvorum á sínum enda.

Harpa stendur á landfyllingu við Ingólfsgarð en gegnt henni, hinum megin við hafnarmynnið, eru hús HB Granda á landfyllingu við Norðurgarð. Fyrirtækið er nú að byggja kæligeymslu á landfyllingunni. Þar verður geymslurými fyrir allt að 6.000 tonnum af fiski sem verður hægt að flytja beint þaðan, með svokölluðum brettaskipum, til áfangastaða erlendis í stað þess að keyra fiskinn í gámum í gegnum miðbæinn inn í Sundahöfn. Það mun létta á þungaumferð á Mýrargötu og Geirsgötu.

HB Grandi hefur í samráði við Faxaflóahafnir og Samband íslenskra myndlistarmanna efnt til samkeppni meðal myndlistarmanna um myndlistarverk sem eiga að prýða austurgafl geymslunnar. Lögð verður áhersla á að svæðið á landfyllingunni austur af kæligeymslunni verði aðlaðandi almenningsrými.

Það er magnað að standa þarna við Norðurgarðinn, þar sem kæligeymslan er að rísa, og horfa á marglita glerbrynju Hörpu rísa upp úr sjónum. Segja má að þarna við gamla hafnarmynnið standi tvær meginstoðir íslensks samfélags hvor gegnt annarri: Menningin og sjávarútvegurinn.

### Verðmætasköpun í Vesturhöfn

Gamla höfnin var alhliða fiski- og flutningahöfn allt til ársins 1968. Þá færðust vöruflutningar inn í Sundahöfn. Undanfarin ár hefur öll fiskvinnsla verið flutt frá austurhluta hafnarinnar yfir í vesturhlutann.

Það vill gleymast að á vesturbakka Gömlu hafnarinnar er einhver stærsta fiskihöfn landsins. Á síðasta ári var 108.000 tonnum af sjávarafla landað í Reykjavík. Ætla má að um 70-75 þúsund tonnum hafi verið landað í Gömlu höfninni en um 40.000 í Sundahöfn.

Helstu útvegsfyrirtæki landsins landa afla sínum í Gömlu höfninni: HB Grandi, Brim og Ögurvík. Ekki má gleyma að nefna minni fyrirtæki eins og Fiskkaup, Toppfisk, Aðalbjörgu og Sindrafisk. Sum þeirra eru fjölskyldufyrirtæki þar sem mikilvæg reynsla og þekking hafa safnast í gegnum ættliði.

Takmarkaðar aflaheimildir, hátt verð og miklar kröfur á neytendamarkaði hafa orðið til þess að íslensku sjávarútvegsfyrirtækin leita nú allra leiða til að nýta hvert kíló sem best og hámarka verðmæti þess. Það hefur leitt til þess að íslensk sjávarútvegsfyrirtæki eru í fremstu röð í heiminum þegar kemur að verðmætasköpun og fullnýtingu aflans. Lykill að þessari farsælu þróun er frjótt samstarf við íslensk hátæknifyrirtæki við þróun á vélum, hugbúnaði, tækjum, og veiðarfærum.

Af tæplega 170 fyrirtækjum sem starfrækt eru á Grandanum og í Örfirisey tengjast 60 sjávarútvegi beint eða óbeint. Í september á síðasta ári opnuðu Íslenski sjávarklasinn og Faxaflóahafnir „Hús Sjávarklasans“ í Bakkaskemmu við Grandagarð 16. Tilgangurinn er að efla samvinnu tækni- og þjónustufyrirtækja sem tengjast sjávarútvegi. Þar eru nú þegar 11 fyrirtæki. Stefnt er að tvöföldun á þessu rými í Bakkaskemmu þannig að í húsinu verði rösklega 20 fyrirtæki. Að loknum framkvæmdum verður Hús Sjávarklasans mjög öflug tækni- og þjónustumiðstöð í sjávarútvegi, líklega sú stærsta sinnar tegundar í Norður-Atlantshafi.

**➜ Það vill gleymast að á vesturbakka Gömlu hafnarinnar er einhver stærsta fiskihöfn landsins. Á síðasta ári var 108.000 tonnum af sjávarafla landað í Reykjavík. Ætla má að 70-75 þúsund tonnum hafi verið landað í Gömlu höfninni...**

### 143 milljónir matarskammtar

Það er eins og að koma inn í sótthreinsaðan skurðsal þegar maður gengur inn í fiskvinnslusal HB Granda á Norðurgarði. Gestir setja bláa plastpoka yfir skóna, net yfir hárið og sérstaka skegggrisju ef þeir eru skeggjaðir. Þeir þvo hendur sínar fyrst úr sápuvatni og úða svo á þær sótthreinsandi vökva. Og starfsfólkið er einmitt eins og skurðlæknar sem hafa tekið fullkomnustu tækni í þjónustu sína. Í einum salnum er röntgen- og leysiskurðarvél sem fjarlægir beinagarða úr karfaflökum á augabragði og hárnákvæmt. Ekki eitt einasta gramm fer til spillis. Þetta er íslensk hugvitssmíð, einstök í heiminum. Vélin er hönnuð og smíðuð af litlu hátæknifyrirtæki sem heitir Valka.

Frystihúsið er sérhæft í karfa- og ufsavinnslu. Á síðasta ári fóru í gegnum það 16.000 tonn af fiski. Helstu markaðir eru í Frakklandi og Belgíu. Hausar og bein eru þurrkuð og flutt til Nígeríu. Fimm frystiskip fyrirtækisins lönduðu 21.800 tonnum við Norðurgarð. Sá afli var seldur til Evrópu, Englands og Japan. Sala afurða frá frystihúsinu á Norðurgarði og sala á sjófrystum afurðum nam samtals 15,3 milljörðum króna. Ef allt þetta magn er reiknað í 200 g matarskammta eru það 143 milljónir matarskammtar. Bráðhollir auðvitað.

Segja má að allt það magnaða hugvit, þekking, verðmætasköpun sem á bækistöðvar sínar í Vesturhöfninni hafi fallið svolítið í skuggann af flottu glerbrynjunni á Hörpu á Austurbakkanum. Það er hreinasti óþarfi. Reykvíkingar hafa ríka ástæðu til að vera stoltir af stærstu sjávarútvegshöfn landsins.

# Stúdentar auglýsa eftir norrænu velferðinni

HÚSNÆÐI



Davíð Ingi Magnússon
hagsmuna- og lánasjóðsfulltrúi SHÍ

Þegar þetta er skrifað eru þúsund stúdentar á biðlista eftir íbúð á Stúdentagarða Félagsstofnunar stúdenta. Það er mikið í fámennu samfélagi og fleiri en íbúar Stykkishólms, Grundarfjarðar og Bolungarvíkur svo örfá dæmi séu tekin.

Því miður sér ekki fyrir endann á biðlistunum og stúdentar þurfa því að leigja sér húsnæði á dýrasta stað landsins þar sem meðaltal fermetraverðs á leiguíbúð eru 2.500 kr. Ef útreikningar mínir standast kostar því 125.000 kr. að leigja 50 fermetra kjallarakytru. Það er nægilega stór biti til að kafna á þegar námslánin eru einungis 140.600 kr. á mánuði. Ef við opnum augun, þó það sé ekki nema örlítið, þá liggur það í augum uppi að dæmið gengur ekki upp.

Fyrst námslánin eru ekki hækkuð, hvað er þá til ráða?

Markmið laga nr. 138/1997 um húsaleigubætur er að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra leigjenda og draga úr aðstöðumun á húsnæðismarkaðnum. Þar sem námsmenn eru tekjulægsti hópur samfélagsins með 32.009 kr. minna til ráðstöfunar en atvinnulausir teljum við að breytinga sé þörf.

Snemma á árinu 2012 var send breytingartillaga frá Stúdentaráði Háskóla Íslands á lögum um húsaleigubætur. Í stuttu máli sagt var breytingunni ætlað að koma til móts við húsnæðisvanda námsmanna með því að skilyrði til greiðslu húsaleigubóta til námsmanna væru rýmkuð. Rýmkunin fólst í því hagræði að ef tveir stúdentar eða fleiri leigja saman á almennum markaði þá hlýtur hver og einn húsaleigubætur í stað einungis einfaldra húsaleigubóta á hverja íbúð líkt og kerfið segir til um í dag.

Sveitarfélögin, þá sérstaklega Reykjavíkurborg, þurfa ekki að óttast að verða fyrir miklum útgjöldum þó að svigrúmið til húsaleigubóta verði aukið.

### Augljóst ósamræmi

Í fyrsta lagi eiga ekki allir stúdentar lögheimili í Reykjavík þrátt fyrir að þeir búi og stundi sitt nám þar en samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga um húsaleigubætur hljóta námsmenn húsaleigubætur í því sveitarfélagi sem þeir eiga lögheimili, ekki búsetu. Því munu þeir stúdentar sem búa í Reykjavík en eiga lögheimili í öðru sveitarfélagi hljóta húsaleigubætur úr sínu „heima“ sveitarfélagi.

Í öðru lagi ef stúdentinn ákveður að búa í Reykjavík þá greiðir hann sitt útsvar til Reykjavíkur.

**➜ Þar sem námsmenn eru tekjulægsti hópur samfélagsins með 32.009 kr. minna til ráðstöfunar en atvinnulausir teljum við að breytinga sé þörf.**

Í þriðja lagi verslar stúdentinn í því sveitarfélagi þar sem hann stundar nám og styrkir því sveitarfélagið til muna.

Sveitarfélög, ríkisstjórnin og stúdentar eru sammála um að í hinum fullkomna heimi myndu allir stúdentar sem það vilja búa á stúdentagörðum. Stúdentar sem þar búa fá samkvæmt núverandi lögum fullar húsaleigubætur en framboðið á íbúðunum er einfaldlega ekki nægilegt. Því neyðast stúdentar til þess að leigja saman dýrar íbúðir á almennum markaði og fá þá ekki fullar húsaleigubætur heldur þurfa að deila þeim með meðleigjanda sínum. Þarna er augljóst ósamræmi.

Allir eru sammála um að stúdentar eigi rétt á því að búa á stúdentagörðum. Er þá ekki sanngjarnt að koma til móts við þá eitt þúsund stúdenta sem eru á biðlista í dag og eru að leigja á rándýrum almennum markaði í Reykjavík og veita þeim fullar húsaleigubætur?

Við auglýsum eftir norrænu velferðinni sem okkur var lofað fyrir fjórum árum.

TOURIST GUIDE

**Leiðsögumenn**

**Aðalfundur Félags leiðsögumanna verður haldinn á Restaurant Reykjavík í kvöld kl: 20:00, fimmtudaginn 28.febrúar.**

Stjórnin.

Félag leiðsögumanna
Mörkinni 6, 108 Reykjavík
S: 588-8670




**Fermingarbæklingurinn kemur út í dag!**

Honum verður dreift inn á öll heimili landsins sem samþykkja fjölpóst.

IKEA®

**Verslun opin 11-20 alla daga** - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - **www.IKEA.is**

# „Út úr skápnum“

ESB-AÐILD



Jón Bjarnason
alþingismaður

**➜ Með landsfundarsamþykkt sinni núna um áframhaldandi aðlögun og aðildarvinnu að ESB er gengið þvert á grunngildi og hugsjónir...**

„Á sama tíma kom VG út úr skápnum sem einhvers konar krataflokkur með áherslur á kvenfrelsi og umhverfismál. Það er ekki að sjá á samþykktri stjórnmálaályktun flokksins að hann sé róttækur vinstri flokkur, sem er samt sú skilgreining sem margir flokksmenn hans vilja kenna sig við.“

Þannig kemst leiðarahöfundur Fréttablaðsins í dag (27. febrúar 2013) að orði og ræður sér ekki fyrir kæti yfir kúvendingu landsfundar Vinstri grænna á stefnuskrá flokksins. Með því að samþykkja áframhald aðlögunar að ESB og klára það ferli er flokkurinn (VG) „allt í einu orðinn möguleiki í þriggja flokka stjórn með Bjartri framtíð og Samfylkingu“.

Og ritstjóri Fréttablaðsins er bjartsýnn fyrir hönd ESB-sinna: „Að lokum er ljóst að innan bæði Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks eru margir Evrópusinnar. Þeir gætu ákveðið að kjósa áframhaldandi viðræður.“

Og skiljanlega ræður ritstjórinn sér ekki fyrir kæti eftir niðurlægingu landsfundarins gagnvart þeim hugsjónum sem VG var stofnað um en leiðaranum lýkur þannig: „Hins vegar er möguleg þriggja flokka stjórn tveggja keimlíkra frjálslyndra jafnaðarmannaflokka og vinstriflokks, sem er að mörgu leyti hættur að haga sér eins og vinstriflokkur, með áframhaldandi aðildarviðræður sem aðalmál. Þetta verður athyglisvert.“

**Það er mikil alvara á ferð**

Rétt er að rifja upp að Vinstrihreyfingin – grænt framboð var stofnuð til að standa vörð um frjálst og fullvalda Ísland og berjast gegn umsókn og aðild að ESB og á þeim forsendum fórum við, frambjóðendur VG, í kosningarnar 2009 og unnum stórsigur.

Því miður var sú stefna og þau kosningaloforð brotin með umsókninni að ESB vorið 2009. Því ferli átti hins vegar að vera lokið vel innan kjörtímabilsins samkvæmt yfirlýsingu margra þeirra sem guldu já við að senda umsóknina til ESB.

Með landsfundarsamþykkt sinni núna um áframhaldandi aðlögun og aðildarvinnu að ESB er gengið þvert á grunngildi og hugsjónir Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, hugsjónirnar sem flokkurinn var einmitt stofnaður um. Er nema vona að kratarnir gleðjist. Jafnframt er sú staðreynd herhvöt til okkar allra, þeirra sem hafna þessu ferli og vilja standa vörð um frjálst og fullvalda Ísland.

**ESB hefur sitt á hreinu**

Afstaða ESB er og hefur alltaf verið ljós:

„Í fyrsta lagi er mikilvægt að undirstrika það að hugtakið samningaviðræður getur verið misvísandi. Aðildarviðræður snúast um skilyrði fyrir og tímasetningar á upptöku umsóknarlands á reglum ESB, framkvæmd þeirra og beitingu. Um þessar reglur verður ekki samið.“

„First, it is important to underline that the term „negotiation“ can be misleading. Accession negotiations focus on the conditions and timing of the candidate's adoption, implementation and application of EU rules – some 90,000 pages of them. And these rules ... are not negotiable.“

Það á ekki að „kíkja í pakkann“ eða fara með blekkingar gagnvart þjóðinni þegar fullveldi hennar er annars vegar.

*http://ec.europa.eu/enlargement/pdf/publication/enl-understand_en.pdf*

# Á hækjum flóttans

ESB-AÐILD



Þorvaldur Þorvaldsson
trésmiður og formaður Alþýðufylkingarinnar

**➜ Til að bæta lífskjör hér á landi þarf fyrst og fremst að auka jöfnuð.**

Þriðjudaginn 19. febrúar birtist í Fréttablaðinu grein eftir Þröst Ólafsson undir yfirskriftinni „Á vængjum óttans“. Þar heldur hann því fram á óvenju ósvífinn hátt að andstaðan við aðild að Evrópusambandinu byggist á tilfinningum og trúarsetningum en skynsemisrök mæli með aðild. Hann gerir ekki tilraun til að rökstyðja þetta álit á neinn hátt heldur spinnur út frá því eins og það sé sjálfgefið. Þar með er hann búinn að gera sína skoðun að trúarsetningu og það er aðeins ein af mörgum þversögnum í greininni.

Sannleikurinn er sá að skynsemisrökin mæla eindregið gegn aðild að ESB fyrir stærstan hluta þjóðarinnar, fyrir alþýðuna. Þau benda ekki til aukinnar velferðar og velgengni innan ESB. Þvert á móti er það stefna ESB að auka markaðsvæðingu og einkarekstur í velferðarkerfinu til hins ýtrasta. Fyrir tveimur árum var t.d. Dönum skipað að skera niður opinber framlög til velferðarmála um 30 milljarða danskra króna alveg óháð því hvort ríkiskassinn þyrfti á því að halda.

**Efnahagslegur vígvöllur**

Evrópusambandið er einn efnahagslegur vígvöllur þar sem þeir ríkustu geta hindrunarlítið lagt undir sig allt sem tönn á festir og notað það til að auka enn á ójöfnuðinn. Fyrir nokkrum árum voru uppi mikil áform um að gera Ísland að miklu fjármálaveldi sem myndi skáka öðrum fjármálamiðstöðvum. Það fór ekki vel eins og flestum er ljóst. Það er ekkert sem bendir til þess að Ísland kæmist betur frá efnahagsvígvelli Evrópusambandsins. Fleira bendir til að við lentum í svipaðri stöðu og Grikkir, sem eru þvingaðir til að taka stærri og stærri „lán“ á verri og verri kjörum til að bjarga bönkunum meðan fólkið sveltur.

Til að bæta lífskjör hér á landi þarf fyrst og fremst að auka jöfnuð. Til þess þarf meira af félagslegum lausnum og að vinda ofan af markaðsvæðingu á innviðum samfélagsins. Það mun einnig renna stoðum undir stöðugleika og styrk gjaldmiðilsins. Til að þetta nái fram að ganga þurfum við á sjálfstæði okkar að halda til að geta tekið lýðræðislegar ákvarðanir í þágu yfirgnæfandi meirihluta þjóðarinnar.

Það þarf því engan ótta til að beita sér gegn aðild að ESB. Bara skynsemi. Það sem aðildarsinnar óttast hins vegar er að þeim takist ekki að blekkja okkur inn í sambandið áður en það leysist upp í innri mótsetningum fyrir allra augum. Þess vegna reyna þeir að flýja veruleikann til að blekkja almenning. Langsótt málskrúð Þrastar Ólafssonar er eins konar hækjur þess flótta.

# Öruggt dreifikerfi – líka á Suðurnesjum

RAFORKA



Þórður Guðmundsson
forstjóri Landsnets

**➜ Flutningsvirki eru vissulega inngrip í náttúruna hvort heldur er með loftlínum eða jarðstrengjum. Þau eru samt nauðsynleg, enda er flutningskerfið í vissum skilningi lífæð samfélagsins og því mikilvægt að slíkir innviðir séu traustir.**

Viðbrögð í framhaldi af ósk Landsnets um að tiltekin landréttindi verði tekin eignarnámi vegna Suðurnesjalínu 2 voru að mörgu leyti fyrirsjáanleg. Hörð gagnrýni Landverndar kemur til dæmis ekki á óvart þar sem hamrað er á því að ákvörðun um að reisa línuna tengist stóriðju í Helguvík. Því er til að svara að óvissa ríkir um stóriðjuframkvæmdirnar en hvað sem stóriðju líður er brýnt að styrkja flutningskerfið og auka öryggi þess í þágu íbúa og fyrirtækja á Reykjanesi.

Í rammaáætlun um virkjanir eru nokkrir virkjunarkostir í nýtingarflokki á Reykjanesi og af þeim sökum nauðsynlegt að byggja flutningsmannvirki sem geta flutt orkuna frá þeim til kaupenda hennar. Nýja línan fellur ágætlega að þessum þörfum og mun jafnframt nýtast til flutnings fyrir kaupendur orkunnar hvort sem þeir verða í Helguvík eða annars staðar á Reykjanesi. Í því ljósi er mér ómögulegt að skilja fullyrðingu um að Landsnet ætli að ráðast í milljarðafjárfestingar að nauðsynjalausu!

Landsnet gegnir því lagalega hlutverki að tryggja öruggt og hagkvæmt raforkukerfi á Íslandi en um leið að gæta að umhverfisáhrifum nauðsynlegra flutningsvirkja. Flutningsvirki eru vissulega inngrip í náttúruna hvort heldur er með loftlínum eða jarðstrengjum. Þau eru samt nauðsynleg, enda er flutningskerfið í vissum skilningi lífæð samfélagsins og því mikilvægt að slíkir innviðir séu traustir.

**Sveigjanleiki og öryggi**

Landsnet leggur mikið upp úr því að reisa línur meginflutningskerfisins þannig að þær hafi næga flutningsgetu til að mæta þörfum framtíðarinnar. Sé tekið mið af þeim virkjunum sem fyrirhugaðar eru í rammaáætlun er betri kostur að nota 220 kV línur fyrir meginflutningskerfið frekar en línur með lægri flutningsgetu. Þannig þjónar ein 220 kV lína sama hlutverki og fleiri línur á lægri spennu, sem verður að teljast jákvætt með tilliti til umhverfis. Jafnframt skiptir miklu máli að lítill munur er á sjónrænum áhrifum af 220 kV og 132 kV línum. Að meðaltali eru 220 kV línur 3-4 metrum hærri en 132 kV línurnar. Öflugar línur auka sveigjanleika kerfisins verulega og öryggi flutnings sömuleiðis. Þetta getur skipt sköpum í illviðrum eða þegar náttúruhamfarir verða.

Í grein eftir framkvæmdastjóra Landverndar í Fréttablaðinu 22. febrúar segir að samkomulag hafi orðið um nokkur mikilvæg atriði í svokallaðri jarðstrengjanefnd sem skilaði stjórnvöldum niðurstöðu fyrir skömmu. Honum finnst undarlegt að Landsnet kannist ekki við það, þrátt fyrir að forstjóri fyrirtækisins hafi undirritað skýrsluna. Því er til að svara að Landsnet tekur heilshugar undir þau atriði sem samkomulag var um og mun að sjálfsögðu hafa þau til hliðsjónar. Það staðfesti ég í viðtali í hádegisfréttum Rúv 20. febrúar sl. Hér fer því Landvernd með rangt mál. Engu að síður mótaði nefndin enga stefnu um lagningu jarðstrengja, sem var samt meginverkefni hennar. Stjórnvöld og Alþingi verða hér að taka af skarið, rétt eins og stjórnvöld víðast hvar í Evrópu hafa gert.

Í vetur hafa orðið tíðari truflanir í flutningskerfinu vegna veðurs en á undanförnum áratug. Í þeim hafa veikleikar kerfisins komið betur í ljós og afar brýnt að ráðast í styrkingar til að tryggja afhendingaröryggi rafmagns sem víðast á landinu. Það mun taka mörg ár að bæta ástandið og mikilvægt að hefja framkvæmdir sem fyrst. Fyrir framhaldið er því brýnt að Alþingi móti stefnuna.

# Sofið á verðinum í áfengismálum

SAMFÉLAG



Árni Gunnlaugsson
lögmaður í Hafnarfirði

**➜ Engin skörp skil eru á milli hófdrykkju og ofneyslu áfengis og oftast er áfengi eins og eitt bjórglas kveikjan að notkun annarra eiturlyfja.**

Fyrir jólin birtust á heilsíðum blaða kynningar á jólabjór og léttvínum, sem að mínum dómi eru dulbúnar áfengisauglýsingar, en þær eru bannaðar lögum samkvæmt. Slíkur áróður hlýtur að laða fólk til drykkjuskapar og auka áfengisvandann. Það er því aldrei nógsamlega varað við þeim hættum og margvíslegu tjóni, sem áfengi og önnur vímuefni valda. Tilgangur með skrifum þessum er að vekja athygli á nauðsyn baráttu gegn áfengisbölinu og hvetja til aukinnar bindindissemi.

Það veldur vonbrigðum að í skrifum stjórnmálaleiðtoga um áramótin og frambjóðenda fyrir prófkjör flokkanna var ekki lögð áhersla á baráttu gegn eiturlyfjum, en af þeim veldur áfengi mestum skaða. Þótt enginn stjórnmálaflokkur hér á landi hafi ákveðna stefnu í áfengismálum ættu ráðamenn að geta sýnt í orði og verki jákvæðan hug til þeirra mála sem og með því að afnema vínveitingar á vegum hins opinbera eins og Vilhjálmur Hjálmarsson gerði í sinni ráðherratíð og eftir var tekið.

Því miður virðast stjórnvöld sofa á verðinum í því alvarlega samfélagsvandamáli, sem hér um ræðir. Þannig er óbreytt verð á bjór og léttvíni á þessu ári ekki fallið til þess að draga úr áfengisdrykkju og ekki til framgangs þeirri ályktun, sem gerð var á fundi Norðurlandaráðs á sl. ári um að minnka áfengisneyslu á næstu árum.

**Viðvaranir lækna.**

Á sama hátt og fólk er hvatt til að hætta reykingum og stunda hreyfingu er ekki síður mikilvægt heilsunnar vegna að forðast áfengi. Meðal þeirra lækna, sem fyrr á árum vöruðu við áfengisdrykkju var Helgi Ingvarsson yfirlæknir. Hann sagði: „Alkóhólið er meira þjóðfélagsböl og meiri sjúkdómsvaldur en nokkurt annað efni.“

Og frægur enskur læknir, William Gull, komst í skýrslu sinni til enska þingsins um áfengismál svo að orði: „Menn líða mikið tjón á heilsunni við stöðuga áfengisneyslu. Þótt í hófi sé skemmir það vefi líkamans, eyðileggur heilsuna og andlega hæfileika. Ég þekki varla nokkra áhrifameiri orsök hinna ýmsu sjúkdóma en áfengið.“

Óttar Guðmundsson geðlæknir telur í blaðaviðtali að stór hluti þeirra sem reyna sjálfsvíg séu undir áhrifum áfengis og að eina róttæka forvörnin gegn sjálfsvígum mundi vera áfengisbann.

Þá hefur Kristinn Tómasson, yfirlæknir Vinnueftirlitsins, í erindi um áhrif lyfja og áfengis á vinnufærni bent á að í dag tengist veikindaþátturinn hjá aldurshópnum 29-55 ára áfengisneyslu.

**Ummæli þjóðarleiðtoga**

Öllum er hollt að læra af lífsreynslu annarra. Þannig hefur Tage Erlander, fv. forsætisráðherra Svíþjóðar og leiðtogi sænskra jafnaðarmanna, sagt að loknum löngum stjórnmálaferli: „Ég iðrast þess að hafa ekki staðið í baráttunni gegn áfenginu meðan ég var starfandi stjórnmálamaður með góðu fordæmi eins og gamli kóngurinn. Ef ég væri að byrja minn pólitíska feril myndi ég lifa sem alger bindindismaður og mæla með lífi án áfengis.“ Þá var Kjell Bondevik, fv. forsætisráðherra Noregs, ómyrkur í máli um afstöðu sína til áfengis þegar hann sagði: „Áfengi er eyðingarafl sálar og líkama.“ Og ekki gleymast varnaðarorð Ólafs Jóhannessonar, fv. forsætisráðherra, þegar hann í áramótaávarpi hvatti til baráttu gegn áfengistískunni. Allt tal áfengisvina um vínmenningu er hið mesta öfugmæli, enda „gerir áfengið ekkert nema illt“ eins og Tolstoj komst að orði. Og sjálfur Goethe sagði: „Ef ég gæti rekið áfengi burt úr heiminum væri ég alsæll.“

**Hófdrykkja engum til góðs**

Mikilsvirtur hæstaréttardómari sagði í viðtali 1952: „Hófdrykkja er vægast sagt engum til góðs og kostar einstaklinginn og þjóðfélagið stórfé.“ Síðan hefur áfengisneysla hér á landi margfaldast og tjónið af hennar völdum að sama skapi.

Engin skörp skil eru á milli hófdrykkju og ofneyslu áfengis og oftast er áfengi eins og eitt bjórglas kveikjan að notkun annarra eiturlyfja. Þá hafa rannsóknir hér á landi leitt í ljós að tveir af hverjum tíu, sem byrja að neyta áfengis, eru taldir verða ofdrykkju að bráð eða lenda í vandræðum vegna drykkju sinnar.

Hætt er við að menn afsali valdi yfir sjálfum sér með notkun vímuefna. Hvernig getur það verið eftirsóknarvert að skerða dómgreind, spilla heilsu sinni og eiga það á hættu að valda sjálfum sér og öðrum slysum og annarri ógæfu vegna áfengisnotkunar? Hvað sárast er þegar áfengisnotendur raska heimilisfriði og brjóta þann rétt barna að njóta friðsæls og heilbrigðs fjölskyldulífs. Svo harkalega er vegið að rétti barna í þeim efnum, að full ástæða er til að tryggja hann í stjórnarskrá líkt og vilji er til um önnur mikilvæg málefni.

Eina örugga ráðið gegn því að lenda í klóm Bakkusar er að meina honum aðgang í sitt líf og hafa bindindishugsjónina að leiðarljósi.

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ



## BIÐST AFSÖKUNAR

**Leikkonan Anne Hathaway hefur gefið út yfirlýsingu vegna Prada-kjólsins sem hún klæddist á Óskarsverðlaunahátíðinni. Hún átti að klæðast kjól frá Valentino en hætti við á síðustu stundu. Hún segist sjá eftir því að hafa valdið Valentino hugarangri með þessu enda höfðu forsvarsmenn merkisins tilkynnt fjölmiðlum að Hathaway ætlaði að vera í Valentino-kjól á rauða dreglinum.**






FRANSKUR ANDI Andri Davíð Pétursson veitingastjóri við barinn á Loftinu þar sem franskur gestabarþjónn hristir kokkteila úr frönskum eðalvínum fram á sunnudagskvöld. MYND/ANTON

# FRANSKUR SJARMI

**LOFTIÐ LOUNGE KYNNIR** *Það verður líf og fjör á Loftinu á næstu dögum. Þá galdrar franskur gestabarþjónn fram framandi kokkteila á heimsmælikvarða.*

Gestir kokkteilbarsins á Loftinu munu njóta sannrar franskrar gestrisni þegar gestabarþjónninn Alexandre Lambert tekur við stjórnartaumunum á barnum næstu daga.

„Alexandre er frækinn franskur barþjónn sem kemur til okkar beint af barnum Louise á Hótel François í bænum Cognac sem dregur nafn sitt af hinu eina sanna koníaki. Alexandre hefur á síðustu árum skapað sér nafn meðal færustu barþjóna Frakklands og unnið til fjölda verðlauna,“ segir Andri Davíð Pétursson, veitingastjóri Loftsins.

Með Alexandre kemur margt spennandi og ekta franskt.

„Þar má nefna sérinnflutt vín eins og tekíla sem hefur verið látið þroskast á Sauternes-eikartunnum frá Château d‘Yquem, Dry Curaçao, Lillet Blanc og hinn einstaka líkjör L‘Espirit de Jaune sem er búinn til úr blómum af vínþrúgum. Stemningin á barnum hjá Alexandre verður því afar frönsk og vitaskuld verður boðið upp á Camus-koníak og G‘Vine-gin sem er að mestu búið til úr koníaksþrúgum.“

Á Loftinu er hlýleg stemning og ljúft að dreypa á framandi kokkteilum í afslöppuðu andrúmslofti.

„Þegar líður á kvöldið færist aðeins meira fjör í tónlistina og á laugardagskvöldið þeytir KGB Soundsystem skífum. Þá skapast jafnan þétt og skemmtileg partístemning á Loftinu,“ upplýsir Andri og ráðleggur stærri hópum á að panta borð.

„Allir sem vilja gleðjast með okkur yfir komu Alexandre Lambert fá höfðinglegar móttökur. Íslendingar voru lengi vel aftarlega á merinni þegar kom að kokkteilmenningu en Frakkarnir kunna hana upp á tíu. Því verður franskt fjör og fagmennska á Loftinu með Lambert.“

Sérvalinn franskur kokkteilaseðill verður á boðstólum Loftsins frá klukkan 16 fimmtudag til sunnudag. Sérvaldir kokkteilar að hætti Alexandre verða á Happy Hour-tilboði á 1.000 krónur milli 16 og 19.

Loftið er á 2. hæð í Austurstræti 9. Borðapantanir í síma 551-9400. Sjá www.facebook.com/loftidbar



**MEISTARI** Fáir standast Alexandre Lambert snúning þegar kemur að kokkteilum.


























# FATAHÖNNUN Í ÝMSUM MIÐLUM

**HÖNNUNARMARS** *Ellefu fatahönnunarfyrirtæki sýna vor-, sumar- og haustlínur sínar fyrir árið 2013 á HönnunarMars en þó verður engar flíkur að sjá.*

**HÖNNUN** Heiða Jónsdóttir er listrænn stjórnandi sýningar Fatahönnunarfélags Íslands. MYND/DANÍEL

Þetta verður meira eins og hefðbundin listsýning en tískusýning. Innihaldið er tíska en það verða engin föt," segir Heiða Jónsdóttir, listrænn stjórnandi sýningarinnar RAMMAGERÐ/FRAMED sem Fatahönnunarfélag Íslands stendur fyrir á HönnunarMars.

Á sýningunni munu ellefu íslensk fatahönnunarfyrirtæki sýna fjölbreytileika starfs fatahönnuða og vinnuferli þeirra gegnum tískuteikningar, sem unnar verða í mismunandi miðlum í samvinnu við listamenn. Þau fyrirtæki sem skara fram úr í íslenskri fatahönnun í dag voru valin inn á sýninguna.

„Við Ragnheiður Axel verkefnastjóri völdum fyrirtæki sem okkur þóttu framúrskarandi og sýna einnig breidd. Þetta eru ólík fyrirtæki sem öll hafa náð langt og eru með því besta sem er að gerast í fatahönnun á Íslandi í dag. Þau eru einnig öll meðlimir í Fatahönnunarfélagi Íslands. Við lögðum upp með að hönnuðirnir sýndu nýjustu línu fyrirtækisins í gegnum tískuteikningar og sýndu þar með nýja hlið á fatahönnun á Íslandi. Tískuteikning sem miðill hefur ekki verið rótgróinn hér á landi en undanfarið hefur þó verið gróska í tískuteikningum. Það hittir til dæmis svo skemmtilega á að sama dag og við opnum opnar Helga Björnsson einnig sýningu á tískuteikningum á Kex. Fólk getur þá farið á tvær tískuteikningasýningar samdægurs en það er ekki oft sem það er hægt," segir Heiða.

Þetta er í fyrsta sinn sem Félag fatahönnuða sýnir starf fatahönnuða á þennan hátt en markmið félagsins er að kynna nýjar hliðar á faginu á HönnunarMars á hverju ári. Rammagerð verður opnuð í Artíma Gallerí á Skúlagötu 28 miðvikudaginn 13. mars klukkan 16 og stendur til 25. mars.

Þau fatahönnunarfyrirtæki sem taka þátt í RAMMAGERÐ/FRAMED eru meðal annars EYGLO með verk unnið af Emil Ásgrímssyni, Hildur Yeoman með eigið verk, JÖR by GUÐMUNDUR JÖRUNDSSON með verk unnið í samstarfi við Sindra Má Sigfússon og Örvar Þóreyjarson Smárason, Kron by KronKron, MUNDI, STEINUNN og REY svo einhverjir séu nefndir. Nánar má forvitnast um RAMMAGERÐ/FRAMED á Facebook.

■ heida@365.is

# FAGRAR Í VALENTINO

Rauði dregillinn á Óskarsverðlaunahátíðinni væri ekki samur ef vantaði rauðan kjól frá Valentino. Tískuspekúlantar urðu ekki fyrir vonbrigðum í ár enda skörtuðu bæði Hilary Swank og Sally Field fagurrauðum kjólum frá hönnuðinum vinsæla. Kjólarnir þóttu æði líkir og svipaðir þeim sem söngkonan Rihanna klæddist á Grammy-verðlaunahátíðinni fyrr í mánuðinum. Allar eru þær þó glæsilegar á að líta að venju.



HILARY SWANK SALLY FIELD RIHANNA

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Jónína María Hafsteinsdóttir, jmh@365.is,** s. 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson, sverrirbs@365.is,** s. 512 5432
**Elsa Jensdóttir, elsaj@365.is,** s. 512-5427 | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# 25% afsláttur

## aðeins þessa helgi

COSMO

Kringlunni




# SPRENGING Í SÖLU Á NETINU

**MET** *Árið 2012 varð metár í sölu tískufatnaðar á netinu. Sérstaklega á tilboðsdögum eins og Black Friday, Cyber Monday og öðrum slíkum dögum. Netsalan eykst stöðugt og er farin að skipta miklu máli í heildarveltu fyrirtækja.*

Bandarískar tískubúðir eru sífellt að auka sölumöguleika sína með því að nýta sér netið. Verslanir óska eftir netföngum viðskiptavina við sölu á netinu og eru ófeimnar við að nota þau þegar kynna þarf tilboð. Stórar verslanir eins og Gap, Old Navy, Victoria's Secret, Macys og margar fleiri verslanakeðjur nýta vel þennan sölumöguleika.

Verslanir um allan heim hafa tekið upp þennan sölumáta og eru duglegar að byggja upp netsölur. Í Bandaríkjunum hafa sömuleiðis skotið upp á netinu afsláttarsíður eins og CouponCodes4u.com þar sem hægt er að fá afslætti af alls kyns vörumerkjum undir einum hatti.

**ÁHRIFAMIKIÐ**

Samkvæmt nýrri bandarískri könnun viðurkenna 55% kvenna að þær kaupi tískufatnað vegna áhrifa frá tískusíðum fjölmiðla, jafnvel þótt þær noti aldrei vöruna. Þær vilja klæðast nýjustu tísku og þar er netið áhrifamikið. Auðvelt er að ota ákveðnum flíkum að viðskiptavininum, til dæmis í gegnum Facebook.

Það er ekki gott að segja hversu mörg prósent kvenna í heiminum versla á netinu en talið er að um 27% fólks í öllum heiminum noti þennan viðskiptamáta. Sá hópur stækkar stöðugt. Stærsti hópurinn sem verslar í gegnum netið kemur frá Asíu, flestir frá S-Kóreu og Kína. Þá hefur orðið risastökk í netsölu í Póllandi eftir að fleiri heimili þar netvæddust. Stærstu verslanir í Bandaríkjunum bjóða upp á sendingar um allan heim, þar á meðal til Íslands.

**HEIMSBÚÐIN**

Margir líta á netsölu sem stærsta „outlet" heimsins, sérstaklega þar sem nettilboð eru algeng. Netkaup spara auk þess tíma. Það þarf ekki að aka á dýru bensíni milli verslana og þramma síðan á milli þeirra í stórum verslunarmiðstöðvum. Þá getur fólk verslað á þeim tíma dags sem hentar best. Það eru þó ekki bara fatnaður sem fólk kaupir í gegnum netið því eftirspurn eftir rafbókum hefur aukist mikið undanfarið. Með tilkomu spjaldtölva og snjallsíma hafa áskriftir að hinum ýmsu tímaritum og dagblöðum færst yfir á netið.

Vinsælasta netsala í heimi er Amazon.com sem hefur verið starfandi frá árinu 1995. Stöðugt er verið að bæta vöruúrval á síðunni og hefur salan meira en þrefaldast undanfarin ár. Yfir hundrað milljón heimsóknir eru á síðuna í hverjum mánuði en Target hefur 23,2 milljónir heimsókna og Best Buy hefur 18,3 milljónir. Stærstu söludagar á netinu eru föstudagur og mánudagur eftir þakkargjörðarhátíðina í Bandaríkjunum.

**AUKNING Í BRETLANDI**

Í Bretlandi er sala í gegnum netið stöðugt að aukast. Á síðasta ári jókst hún um að minnsta kosti 14%. Forsvarsmenn stórfyrirtækisins John Lewis sögðu í samtali við BBC í janúar að sala á vefnum hefði aukist mikið á síðasta ári og væri nú 25% af allri sölu verslunarinnar. Sprenging varð í sölu hjá versluninni þegar hún opnaði netútsölu klukkan fimm á aðfangadag. Samkvæmt frétt í The Guardian í febrúar höfðu notendur greiðslukorta hjá Barclay-bankanum eytt 12% meiru á netinu árið 2012 en árið á undan. Fatnaður var fyrirferðarmikill í netsölu en einnig alls kyns rafmagnsvara. Enn einn þátturinn sem einnig hefur tekið mikinn kipp á netinu eru ódýrir hlutir eins og bíómiði (8%) og skyndibiti (26%). Þannig má segja að netið sé sífellt að breyta lífi hins venjulega manns og tækifærin stöðugt að aukast og batna í gegnum tölvuna.

■ elin@365.is





**RISA OUTLET** Margir líta á netsölu sem stærsta „outlet" heimsins, sérstaklega þar sem nettilboð eru algeng.


Kjólar skokkar - ný sending




FLASH

Sjá fleiri myndir á

Laugaveg 54,
sími: 552 5201


## VIÐ SITJUM EFTIR

Kristján Már Hauksson, kerfis- og internetmarkaðsfræðingur hjá Nordic eMarketing, segir að Íslendingar séu á eftir í netsölu miðað við aðrar þjóðir. „Hugsanlega er það vegna þess að það er ekki nægjanlegur skilningur á uppsetningu á netsíðunni og engin þolinmæði til að klára verkið. Það má þó bæta því við að Íslendingar eru „stökkva út í búð" fólk þar sem stuttar vegalengdir eru á milli staða. Annar vinkill er hversu mikið fólk notar netið til að sækja upplýsingar á erlendum vefsíðum um vöru sem það fer síðan og kaupir úti í búð. Þetta fólk kynnir sér vel vöruna og les umsagnir um hana áður en það fer og kaupir, þetta eru viðskiptavinir sem kallast „horfir og kaupir á netinu" og „horfir og kaupir í búð". Verslunareigendur þurfa að gera sér grein fyrir að netkynslóð er að vaxa úr grasi," segir Kristján Már. „Örfá fyrirtæki hafa gert sér grein fyrir þessari þróun og má þar nefna Elko og IKEA. Sumar heimasíður eru þó flóknar og líta fremur út eins og vörulager. Nokkrar vefverslanir hafa verið settar upp hér á landi og eru að gera það gott á vefnum. Ég get nefnt dæmi um nordicstore.is sem byrjaði í bílskúr og er að gera það mjög gott. Sú verslun selur út um allan heim og er gjaldeyrisskapandi. Vefurinn er landamæralaus."




**SÉRFRÆÐINGURINN** Kristján Már Hauksson segir að íslensk netkynslóð sé að vaxa úr grasi.

# KJÓLAR DÍÖNU BOÐNIR UPP

**PRINSESSUKJÓLAR** *Nokkrir af þekktustu kjólum Díönu prinsessu af Wales verða boðnir upp hjá Kerry Taylor uppboðshúsinu 19. mars.*



**MERKILEGUR DANS** Díana prinsessa var í svörtum flauelskjól þegar hún dansaði við John Travolta í Hvíta húsinu 1985.



**GLITRANDI GLAMÚR** Sægrænn kjöldkjóll úr smiðju Catherine Walker sem Díana klæddist í opinberri heimsókn í Austurríki árið 1989.



**PALLÍETTUKJÓLL** Catherine Walker hefur verið í miklu uppáhaldi hjá Díönu prinsessu. Þessi vínrauði flauelskjóll er eftir hana og var Díana í honum í opinberri heimsókn í Ástralíu og á frumsýningu myndarinnar Back to the Future árið 1985.



**SVART FLAUEL** Svartur flauelskjóll eftir Bruce Oldfield. Í þessum kjól sat Díana fyrir á ljósmynd sem tekin var af Snowdon lávarði. Hún var einnig í honum á galasýningu Les Misérables í Barbican Centre í október 1985.



**VÍNRAUÐUR DRAUMUR** Þessum vínrauða kjól eftir Catherine Walker klæddist Díana prinsessa í opinberri heimsókn til Kóreu árið 1992. Hún var einnig í honum á frumsýningu kvikmyndarinnar Steel Magnolias í febrúar 1990.



**PALLÍETTUKJÓLL** Þessum fílabeinslita pallíettukjól úr krepefni klæddist Díana í opinberri heimsókn í Brasilíu í apríl 1991.



**Í HVÍTA HÚSINU** Þessi dimmblái kjöldkjóll er eftir Victor Edelstein. Honum klæddist Díana í opinberum kvöldverði í Hvíta húsinu í nóvember 1985. Þá dansaði prinsessan við leikarann John Travolta.



**Æpandi litaðir feldir voru meðal þess sem Tom Ford sýndi í London. Sýningin þótti afturhvarf til tíunda áratugarins þegar Ford var upp á sitt besta.**

# FORD HORFIR TIL GULLÁRA FORTÍÐAR

„Ég er orðinn svo leiður á minimalisma. Nú er ég með lítið barn heima og heimilið er fullt af litum,“ sagði fatahönnuðurinn Tom Ford meðal annars, til útskýringar á hressilegri lita- og munsturgleði sem einkenndir haust- og vetrarlínu hans 2013 en hann sýndi í London í vikunni sem leið. Þetta var fyrsta stóra sýning Toms Ford undir eigin nafni og fór hann um víðan völl í sterkum litum, miklu flúri, feldum og útsaumuðum hnéháum stígvélum við mittisjakka í ýktum stærðum. Í flíkunum mátti sjá sebramunstur og svartar blúndur í bland við æpandi litaða loðfeldi og teiknimyndaleg munstur á kjólum. Þótti lína Fords endurhvarf til gullára hans snemma á tíunda áratugnum þegar hann vann fyrir Gucci.






# DEKUR OG MATUR Í FALLEGRI NÁTTÚRU

**HÓTEL ÖRK KYNNIR** *Hótel Örk er vel staðsett og þangað hafa margir leitað sér til yndis og afslöppunar í gegnum árin. Margt er í boði fyrir gesti á hótelinu og gönguleiðir í nágrenninu einstaklega fallegar.*

Hótel Örk hefur margt spennandi að bjóða einstaklingum sem hópum. Ekki er verra að hótelið er aðeins í 45 km fjarlægð frá Reykjavík. Eftir að Suðurstrandarvegur var opnaður er sömuleiðis orðið stutt til Keflavíkurflugvallar eða að fara í dagsferðir um Reykjanesið. Geir Gígja, sölu- og markaðsstjóri hótelsins, segist vera stoltur af því að bjóða upp á svo mikla afþreyingu sem raun ber vitni. „Við erum með sundlaug, heita potta, pool-borð, borðtennisborð og sjö mismunandi funda- og veislusali. Hér er níu hola golfvöllur og nýlega bættist við fótboltagolfvöllur sem er einstaklega skemmtilegur fyrir hópa í hvata- eða óvissuferðum,“ segir Geir Gígja.

Hótel Örk hefur vel búna veislusali sem eru ákjósanlegir fyrir allar tegundir af veislum. Algengt er að halda árshátíðir, brúðkaup, fermingar eða stórafmæli á hótelinu. „Við erum með 85 vel útbúin herbergi og getum því tekið stóra hópa í gistingu. Það er sömuleiðis margt um að vera í kringum hótelið. Ferðaþjónustufyrirtæki í Hveragerði sérhæfa sig í að skipuleggja ratleiki og aðra afþreyingu fyrir ferðamenn. Þar að auki er náttúran ákaflega falleg og margar frábærar gönguleiðir. Það er einstakt að hægt sé að ganga að heitum hverum í stuttum gönguferðum,“ segir Geir enn fremur. „Þá er stutt að fara í skemmtilegar dagsferðir frá okkur, til dæmis hinn vinsæla gullna hring.“

Erlendir ferðamenn koma á hótelið árið um kring en Íslendingar eru þó fleiri yfir vetrartímann. Hótelið hefur verið með skipulagða dagskrá fyrir eldri borgara sem kallast Sparidagar sem hafa verið eftirsóttir. Boðið er upp á morgunhreyfingu, bingó, félagsvist, sundleikfimi, leiksýningar, gönguferðir, kvöldvökur og fleira. Þetta hefur verið vinsælt hjá eldra fólki af öllu landinu. Á hótelinu er snyrti- og nuddstofa svo gestir geta leyft sér dekur meðfram skemmtidagskránni.

Veitingastaðurinn á Hótel Örk leggur áherslu á góðan mat við allra hæfi. „Það er vinsælt hjá pörum að koma um helgar, slappa af og njóta þess að borða góðan mat. Við erum stutt frá borginni en þó í afslappaðri og fallegri náttúru,“ segir Geir.

Á heimasíðu hótelsins www.hotelork.is má kynna sér tilboð, matseðla og ýmsa viðburði sem í boði eru.



**HERBERGI** Á hótelinu eru 85 vel útbúin herbergi.



**MATURINN** Mjög góður veitingastaður er á Hótel Örk sem býður upp á ljúffenga rétti.



**HVERAVELLIR** Heitar laugar eru víða um land. Lista yfir þær er að finna á sundlaugar.is NORDICPHOTOS/GETTY

# HEITAR LAUGAR Á ÍSLANDI

Á vefnum sundlaugar.is er að finna margvíslegan fróðleik um sundlaugar landsins auk tengla á flestar þeirra. Þar má einnig finna upplýsingar um þær heitu náttúrulegu laugar sem er að finna á landinu, skipt upp eftir svæðum. Við hverja laug eru upplýsingar um hvort fólk megi baða sig í lauginni, hvort rukkað sé fyrir aðgang og hvort hætta sé á að fólk geti brennt sig.

Einnig eru gefnir upp GPS-punktar svo fólk geti ratað á staðinn auk fleiri upplýsinga um sögu, staðhætti og aðstöðu á staðnum. Þá er hægt að setja athugasemdir við laugarnar þar sem fólk getur mælt með, hælt eða lastað.

Sem dæmi um heitar laugar á hálendi má nefna Landmannalaugar, Hveravelli, Víti við Öskjuvatn, Hveragil og Laugafellslaug.



**NOTALEGT** Heita laugin í Landmannalaugum. MYND/VILHELM

# SAMEINAST Í DORGVEIÐI

**VEITT GEGNUM ÍS** *Víða um land er hægt að stunda dorgveiði gegnum ís. Dorgveiði er fyrirtaks fjölskylduskemmtun þar sem börn eiga jafna möguleika á fiski á við þá fullorðnu. Ekki þarf dýran og flókinn búnað til að hefja dorgveiði.*

Dorgveiði gegnum ís hefur verið stunduð lengi hérlendis. Minna hefur þó farið fyrir henni á suðvesturhorni landsins undanfarin ár sökum veðurfars en þeim mun meira í öðrum landshlutum, ekki síst á Norðurlandi. Mývetningar og nærsveitarmenn hafa í áratugi stundað dorgveiði og þangað venja Matthías Þór Hákonarson og Jónas Jónasson komu sína. Þeir reka saman veiðibúðina Veiðivörur á Akureyri auk þess að reka ferðaþjónustufyrirtæki. Þeir félagar hafa að sögn Matthíasar í nokkur ár reynt að fá fleiri Íslendinga til að stunda dorgveiði enda fjölskylduvæn skemmtun og svo er alltaf gott að fá nýveiddan silung yfir veturinn. „Svo framarlega sem fiskur er í vatninu og ísinn er mannheldur er hægt að veiða á vatni. Yfirleitt er um staðbundinn urriða og bleikju að ræða og það er nóg pláss fyrir fleiri veiðimenn á öllum aldri. Ég hef stundað dorgveiði af kappi síðan 2005, bæði þar sem við stýrum skipulögðum túrum og einnig með fjölskyldunni. Þegar kemur að dorgveiði eru nefnilega allir jafnir, börn og fullorðnir. Krakkar eiga jafn mikla möguleika á að setja í góðan fisk og þeir fullorðnu enda þarf maður ekki að vera góður kastari í dorgveiði. Þetta snýst því um heilbrigða skemmtun.“

Matthías er vel kunnugur vötnum á Norðurlandi og hefur mest veitt undanfarin ár í Kringluvatni og Langavatni, sem bæði eru í Reykjahverfi milli Húsavíkur og Mývatns. „Svo erum við alltaf að prófa ný vötn til að auka fjölbreytnina. Við höfum lítið getað prófað vötn á suðvesturhorni landsins í vetur þar sem þar er engan mannheldan ís að finna þessar vikurnar. Um þessar mundir þarf helst að fara upp á Holtavörðuheiði eða Arnarvatnsheiði til að finna mannheldan ís ef lagt er upp í veiðitúr frá suðvesturhorninu en það gæti breyst síðar í vetur.“

Það þarf ekki flóknar og dýrar veiðigræjur til að stunda dorgveiði. Matthías segir þó að best sé að nota sérstakar dorgveiðistangir og ísbor til að gera gat á ísinn. „Svo þurfa veiðimenn að vera vel klæddir og oft getur verið gott að vera með tjald því það tekur bæði vindkælinguna og myndar skjól þannig að betur sést hvað fer fram undir ísnum. Fiskurinn tekur yfirleitt á hvítmaðk, rækju og makríl. Hann er síðan á ýmsum stöðum í vatninu. Stundum er hann ofarlega og stundum við botninn. Veiðimenn þurfa því að prófa sig áfram eftir dýpt og veiðistöðum á vatninu. Það er misjafnt hvar hann liggur og svo er það auðvitað misjafnt eftir vötnum.“

Matthías hvetur þá sem vilja kynna sér dorgveiði að hafa samband við næstu veiðibúð. Þar er iðulega hægt að fá upplýsingar um hvaða vötn eru heppileg fyrir dorgveiði í nágrenninu. Þrátt fyrir að vötnin séu ekki öll opin yfir vetrartímann er oft auðsótt mál að fá leyfi til að stunda dorgveiði í samráði við veiðiréttareiganda.



**GRILLVEISLA Á ÍSNUM** Það er lítið mál að slá upp grillveislu á ísnum eftir góða veiði. MYND/MATTHÍAS ÞÓR HÁKONARSON



**VEITT GEGNUM ÍS** Matthías Þór Hákonarson veiðir hér á Kringluvatni í Reykjahverfi með syni sínum. MYND/MATTHÍAS ÞÓR HÁKONARSON



**GÓÐIR VEIÐIMENN** Börn eiga jafnmikla möguleika á fiski og þeir fullorðnu. MYND/MATTHÍAS ÞÓR HÁKONARSON



**GAMAN SAMAN** Fullorðnir og börn geta stundað dorgveiði saman. MYND/MATTHÍAS ÞÓR HÁKONARSON

# Enginn afsláttur af gæðum

**Ísleifur Jónsson ehf. að Draghálsi var stofnuð árið 1921 og er því ein elsta starfandi byggingarvöruverslun landsins. Allan þann tíma hefur fyrirtækið selt hreinlætistæki, dælur, stýringar og efni til pípulagna í hæsta gæðaflokki.**

Ísleifur Leifsson, sölustjóri Ísleifs Jónssonar ehf., er afkomandi stofnanda fyrirtækisins en alls hafa fimm ættliðir komið að rekstrinum á einn eða annan hátt. „Sum viðskiptasamböndin hafa varað allan þennan tíma eða í meira en 90 ár. Ísleifur Jónsson ehf. er til dæmis elsti samstarfsaðili Ideal Standard í heiminum,“ segir Ísleifur.

### Enginn afsláttur af gæðum

Að sögn Ísleifs er aldrei gefinn afsláttur af gæðum enda bjóði íslenskar aðstæður ekki upp á slíkt. „Hiti og þrýstingur í kerfum íslenskra húsa býður ekki upp á þá áhættu að notast við léleg gæði. Því hefur markmið okkar öll þessi ár verið að selja vönduð tæki sem endast. Enda værum við ekki að reka þetta fyrirtæki á sömu kennitölu í 90 ár nema fyrir gott orðspor.“

### Nýr sýningarsalur

Nýlega opnaði fyrirtækið glæsilegan sýningarsal í húsakynnum sínum að Draghálsi 14-16. „Við endurnýjuðum samstarfssamninginn við Duravit og tókum að okkur sölu og þjónustu við Færeyjar og Grænland. Af því tilefni opnuðum við þennan bjarta og glæsilega sýningarsal.“ Þar getur fólk skoðað glæsilegt úrval helstu vörumerkja Ísleifs Jónssonar ehf. eins og Duravit, Hansgrohe, Ideal Standard, Kaldewei, Macro og Franke og fleiri. „Auðvitað sveiflast tískan til í þessu eins og öðru; hvort handlaug sé í borði, á borði eða undir plötu. Hins vegar fara gæðin aldrei úr tísku. Við bjóðum eingöngu upp á gæðatæki sem þurfa þó ekki að kosta of mikið samanborið við gæðin sem fylgja.“

### Innbyggð skolskál

Ísleifur segir að Duravit sé gert hátt undir höfði í sýningarsalnum en þar má sjá Sensowash-salerni. „Sensowash er með innbyggðri skolskál. „Í löndum eins og Japan og víðar er svona búnaður nánast einráður enda leysir hann ýmis frárennslismál.“ Mörgum kann að þykja þetta undarlegt og ólíkt okkar menningu en kostirnir eru margir og ókostirnir fáir. „Fólk sem farið er að eldast og þarf aðstoð á salerni einhverra hluta vegna getur þannig bjargað sér sjálft með svona tæki og dvalið lengur heima við án aðstoðar.“

### Fagmennska og þekking

Hjá Ísleifi Jónssyni ehf. starfar fjöldi faglærðra manna með áratuga reynslu af pípulögnum og baðtækjum. „Ég var á kynningu um daginn og við stóðum fjórir saman frá fyrirtækinu og spjölluðum saman. Allt í einu fattaði ég að á meðal okkar var um 150 ára samanlögð reynsla í þessum geira. Það er nú töluvert.“ Þá hefur Ísleifur Jónsson ehf. ávallt sinnt fræðslumálum og boðið til sín pípurum, arkitektum, tæknifræðingum og háskólanemum til að kynna fyrir þeim helstu nýjungar í bransanum. „Það er mikilvægt að þeir sem starfa í þessum geira viti hvað er að gerast hvað varðar tækni og þróun. Enda eykur það líkur á vönduðum og réttum vinnubrögðum.“

Nánari upplýsingar um fyrirtækið og vörur þess er að finna á heimasíðu þess www.isleifur.is og á Facebook.



Klósettin bíða í röðum eftir því að verða skoðuð í nýjum sýningarsal á Draghálsi.

DURAVIT






Velkomin í stórglæsilegan sýningarsal okkar að Dragháls 14-16.

ÍSLEIFUR JÓNSSON
Dragháls 14 - 16
110 Reykjavík
Sími 4 12 12 00
Fax 4 12 12 01
www.isleifur.is



**LÁRÉTT STURTUBAÐ**
Þessi óvenjulega sturta er hugarsmíð verkfræðinga hjá fyrirtækinu Dornbracht. Þessi sturta er búin tækninni „Ambiance Tuning Technique“ sem gerir fólki kleift að njóta mismunandi hita og þrýstings í sturtunni.

# Í sturtu með stæl

Venjuleg sturtuferð getur breyst í ótrúlega upplifun, í það minnsta ef sturturnar eru eitthvað líkar þeim sem sjá má hér fyrir neðan. Átján stútar, fiskabúr og ilmolíumeðferðir eru meðal þess sem finna má í þessum glamúrsturtum.

**FISKABÚR Í BAÐI**
Plano Acquario-sturtuna hönnuðu Giulio Gianturco og Mario Tessarollo fyrir Cesena. Í sturtunni er innbyggt fiskabúr og því hægt að skemmta sér við að skoða litríkar sjávarverur meðan kroppurinn er þrifinn. Þeir sem ekki eru hrifnir af fiskabúrum gætu jafnvel skipt því út fyrir sjónvarp.



**OMEGA-STURTAN**
Morphosis Omega-sturtukerfið frá Jacuzzi er í raun gufubað hannað af hönnunarfyrirtækinu Pininfarina. Í tækinu er að finna gufu, ilmkjarnaolíumeðferð og nuddkerfi. Auk þess er í því ljósakerfi. Hver og ein Omega-sturta er númeruð og merkt, í henni er vinnuvistvænt sæti úr tekki.



**ÁTJÁN STURTUHAUSAR**
Sérhver hluti líkamans fær á sig vatn í þessari lúxussturtu. Um það sjá átján sturtuhausar sem buna út vatni úr mismunandi áttum. Þessa tilteknu sturtu má finna í Broadmoor-heilsuhótelinu í Colorado í Bandaríkjunum. Þó ekki inni á herbergjunum heldur í heilsulind hótelsins.



**SNÚNINGSSTURTA/BAÐ**
Þessi sérstæða bað- og sturtueining kallast Rotator og er hönnuð af hinum fræga hönnuði Ron Arad. Þessu listræna baði er hægt að snúa um 180 gráður þannig að úr verði sturta.



**RIGNIR AÐ NEÐAN**
Viteo-garðsturtan er skemmtilega sérstök. Hún er hönnuð af Danny Venlet og á upplifunin af sturtunni að líkjast því að standa í gosbrunni.



**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Sigurjón Viðar Friðriksson sigurjon@365.is s. 512 5447
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.



Guðmundur segir fyrirtæki eins og Flest-Verk lengi hafa vantað en þar eru allir iðnaðarmenn á einum stað. MYND/VALLI

# Við sjáum um allt

Flest-Verk býður heildarlausnir fyrir baðherbergið en starfsmenn fyrirtækisins eru sérhæfðir í endurgerð baðherbergja og gera að meðaltali upp 200 baðherbergi á ári. Í apríl opnar verslun að Bæjarlind 4 þar sem allt sem viðkemur baðherbergjum verður á boðstólum.

„Við gerum allt frá a til ö, rífum út, færum til lagnir og fleira án þess að húseigendur þurfi að lyfta litlafingri,“ segir Guðmundur H. Reynisson, sölustjóri Flest-Verk ehf., sem sérhæfir sig í endurgerð baðherbergja. „Við hófum reksturinn 2010 og höfum verið að gera upp að meðaltali 200 baðherbergi á ári.“ Guðmundur segir fyrirtæki af þessari gerð hafa sárvantað á Íslandi. „Akkúrat svona þjónustu, þar sem allir iðnaðarmenn eru á einum stað. Þá erum við í samstarfi við trausta innlenda birgja sem eru með alla flóruna í flísum, baðtækjum og fleiru.“

Guðmundur segir framkvæmdir yfirleitt ganga fljótt fyrir sig. „Ef til stendur að breyta öllu taka breytingarnar að meðaltali um tvær vikur, svo hratt gengur þetta.“ Nú standa yfir miklar breytingar hjá fyrirtækinu Flest-Verk. „Við ætlum að opna nýja verslun að Bæjarlind 4 í Kópavogi í apríl, þar sem gamli Players-barinn var áður. Búðin verður troðfull af flísum, baðtækjum og hugmyndum fyrir fólk í leit að öllu því sem þarf fyrir baðherbergið.“


Fibo baðplötur

Einfalt og fljótlegt

Fibo-Trespo

Nýir veggir á einni helgi !
Fylgdu einföldum samsetningar leiðbeiningum á bls: 34-35 í bæklingi og þú tryggir einstakan árangur sem endist og endist.
Plöturnar má festa beint á milliveggjagrind, eða á tilbúna veggi.
Sleipt og sterkt yfirborðið þolir vel bæði vatn, raka og hitastigsbreytingar.
Fibo sturtuplötur eru 60 x 240cm.
Hvort sem baðið er lítið eða stórt gefa veggplöturnar valfrelsi og lúxus á viðráðanlegu verði.





Fibo fæst hjá:
ÞÞ & CO
Byggingavöruverslun
Þ. ÞORGRÍMSSON & CO
Ármúla 29 · 108 Rvk · 512-3360 · korkur.is

Ekki súr, farðu úr

Hreinn og beinn ...í sturtu!

# Verð í sturtu!







## Napoli

*Sturtuklefi með gufu.**

**169.000,-** *90x90x215 cm*

**179.000,-** *100x100x215 cm*

## Porto

*Sturtuklefi með buslubotni.**

**139.000,-** *90x90x215 cm*

## Bianco

*Sturtuklefi án gufu.**

**139.000,-** *90x90x215 cm*

**149.000,-** *100x100x215 cm*







## Catalina

*Catalina 15. 150x83x68 cm*

**155.000,-** *Sérpöntun*

*Catalina 16. 160x83x68 cm*

**163.000,-** *Sérpöntun*

*Catalina 17. 170x83x68 cm*

**171.000,-**

## Marina

*157x157x67 cm*

**252.000,-**

## Castello

*Samstæða, sturta og bað.**
*130x130x225 cm*

**341.000,-**

Gleðilegt verð!

Sól í sinni
í sturtunni þinni

**Reykjavíkurvegur 64,**
**220 Hafnarfjörður. Sími: 565-5566**

**www.sturta.is allan sólarhringinn!**

sturta.is

***2ja ára ábyrgð. 3 ár ef klefinn er uppsettur af starfsmanni á vegum Sturta.is**
**Napoli, Bianco og Porto eru á leiðinni til landsins og verða seldar í forsölu gegn staðfestingu.**
**Castello og Catalina verða í sýningarsal.**



## LAUSN FYRIR WC-PAPPÍR

**Á litlum** baðherbergjum er oft lítið pláss til að geyma aukarúllur af salernispappír. Á þessari mynd er skemmtileg hugmynd sem hægt er að útfæra upp á eigin spýtur með réttu körfunni eða kaupa eina hjá Pottery Barn í gegnum netið fyrir 43 evrur, fyrir utan gjöld og kostnað.

Ofan í körfunni er hægt að geyma rúllur en á kefli sem sett er á milli „handfanga" hangir rúllan sem er í notkun. Karfan er handgerð bastkarfa og hægt er að fá hana í tveimur litum hjá potterybarn.com undir Perry Paper Holder. Þvottakörfur fást í stíl.



## HÆTTUR HEITA VATNSINS

**Vatnið sem** notað er til húshitunar hér á landi er oft í kringum 70 til 80 gráður. Því skal umgangast það af varúð til að forðast brunaslys. Algengustu slysin verða í baðkörum, sturtum, vöskum og í skúringafötum með heitu vatni.

**Blanda skal** vatnið strax þegar látið er renna í bað frekar en að ætla að blanda köldu vatni í það heita eftir á.

**Athugið að** það getur tekið tvær til fjórar mínútur fyrir vatnið að ná fullum hita eftir að skrúfað hefur verið frá. Því er ekki að marka hitann fyrr en búið er að renna smá stund.

**Fylgjast þarf** stöðugt með hitastiginu þegar látið er renna í heita potta eða baðker.

**Ekki nota** heitara vatn í uppvaskið en þú þolir. Það þarf tiltölulega lágan hita til að leysa upp fitu.

**Fötur með** heitu vatni eru í hættulegri hæð fyrir lítil börn. Þau geta stigið í föturnar eða velt þeim yfir sig.

*Upplýsingar fengnar af www.hsveitur.is*



## FÚGUR OG SAMSKEYTI

**Flest baðherbergi** eru flísalögð. Oftast er hægt að halda flísunum hreinum með sápu og volgu vatni. Þá eru til sérstök hreinsiefni til að eiga við kalk sem gjarnan safnast upp auk þess sem sumum gagnast að nota vatnsblandaðan matarsóda eða vatnsblandað edik til að ná burt erfiðum blettum.

**Fúgurnar á** milli flísanna geta þó verið erfiðari viðfangs. Oft myndast blettir á þeim og þá getur þurft að hreinsa burt með sérstökum hreinsiefnum sem fást í flísaverslunum. Eins eru til sérstök fúgustrokleður sem skila góðum árangri.

**Í öllum** votrýmum þarf svo sérstakt silíkonkítti á milli ólíkra flata eins og veggja og baðkars eða steinveggs og timburveggs. Þessi silíkonkítti þurfa að vera mygluvarin þannig að óæskileg óhreinindi setjist ekki í þau. Hins vegar eiga þau það til að rýrna og þarf að endurnýja þau reglulega. Þetta skiptir líka máli upp á leka sem getur verið vandamál á baðherbergjum. Algengt er að farið sé að sjá á silíkoninu eftir um það bil tvö til fimm ár. Það er því gott að eiga efnið við höndina. Þetta er hins vegar atriði sem margir horfa fram hjá við viðhald á baðherbergjum.






16 LIÐA ÚRSLIT Í
MEISTARADEILDINNI
Hvaða lið komast áfram? Hvaða risaveldi falla úr leik?
UEFA CHAMPIONS LEAGUE
2 SPORT HD
MARS ER MAGNAÐUR
Marsmánuður er helmassaður á Stöð 2 Sport. Endalaust úrval af frábærum fótbolta, körfubolta og handbolta auk þess sem Formúla 1 hefst á ný með ótrúlega spennandi Ástralíukappakstri. Vertu með og finndu kraftinn á Stöð 2 Sport í mars!
2 HD
FÁÐU MEIRA ÚT ÚR SJÓNVARPINU
Ert þú með HD sjónvarp? Tryggðu þér aðgang að frábærri dagskrá í bestu mögulegu myndgæðum.
FORMÚLAN HEFST 17. MARS
VINSÆLASTA KAPPAKSTURSKEPPNI ALLRA TÍMA HEFST Á NÝ!
Nýtt keppnistímabil byrjar með hvelli í Ástralíu!
EVRÓPU DEILDIN
Gylfi Þór og félagar í Tottenham mæta Inter í 16 liða úrslitum Evrópudeildarinnar.
DOMINO´S DEILDIN
Bestu körfuboltalið landsins eigast við í úrslitakeppni í Domino's deildinni.
SPÆNSKI BOLTINN
Setur Messi enn eitt markametið í Spænska boltanum?
ÞÝSKI HANDBOLTINN OG MEISTARADEILDIN
Fylgstu með Strákunum okkar í keppni bestu handboltaliða heims.
Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is | Verslanir Vodafone | Verslanir og þjónustuver Símans 800 7000
2 SPORT HD

# SJÓÐHEIT MALAGA

**SPÁNN** *Íslenskir sóldýrkendur eru spænsku borginni Malaga að góðu kunnir. Nú hefur borgin fengið uppreisn æru og þykir ein sú mest heillandi á Spáni.*

Malaga er í Andalúsíu, heimahéraði þriggja mikilla menningarborga. Fyrst ber að nefna Sevilla, höfuðvígi nautaats, flamengós og arkitektúrs Mára, svo Granada með Alhambra-höllina og loks Córdóba sem er fræg fyrir mósaík. Í skugganum hefur fjórða borg Andalúsíu, Malaga, verið kunnust fyrir flugvöll sinn þar sem sjö milljónir ferðamanna lentu í fyrra.

Þótt langflestir ferðalangar fari rakleiðis af flugvellinum yfir í nærliggjandi sólarparadísina Costa del Sol eiga margir Íslendingar minningar um heimsókn yfir í Malaga til að versla í risakringlunni El Corte Inglés eða upplifa rammspánskt nautaat.

Í dag hefur Malaga tekið heljarstökk inn í framtíðina því framboð afþreyingar og menningar hefur gert Malaga eina mest spennandi menningarborg á Spáni. Borgaryfirvöld sækja nú fast að Malaga verði Menningarborg Evrópu árið 2016 og víst er borgin vel að því komin. Ekki þarf að líta lengra en fimmtán ár aftur í tímann þegar ekkert safn var í Malaga en nú eru þau yfir tuttugu talsins og slá hinum borgunum við. Þar má nefna allt frá vínsafni yfir í stórfenglegt safn listaverka Picassos sem hýst er í höllu þar sem rómverskar rústir fundust í kjallaranum. Þess má geta að listmálarinn Pablo Picasso og Hollywood-leikarinn Antonio Banderas eru frægustu synir Malaga. Dekrað er við nautnir og bragðlauka í Malaga því miðbærinn er sneisafullur af freistandi tapas-börum og veitingahúsum sem keppa auðveldlega við fínustu meistaraeldhús Sevilla. Meðal munngæla í Malaga eru fínustu steikur af pönnum Michelin-kokka, nútímalegar útfærslur tapas-rétta, uxahalahamborgarar, sniglakrókettur, sérrí-gazpacho, kornhænuegg og ansjósur með basilíku.



**MALAGA Á SPÁNI** Alls lentu sjö milljónir ferðamanna á Malagaflugvelli í fyrra. Fyrirheitna landið var Costa del Sol en æ fleiri gera sér ferð til Malagaborgar vegna fjölbreyttar menningar og unaðslegra veitingastaða. NORDIC PHOTOS/GETTY




# GÖNGUM VEL UM LANDIÐ

*Ef allir leggjast á eitt er hægt að vernda náttúruna og ásýnd landsins og tryggja að fólk fái notið fegurðar þess til framtíðar.*

Með hækkandi sól er fólk meira á faraldsfæti og vert að minna á góða umgengni við landið. Gróðursvæði eru víða viðkvæm. Íslenskur jarðvegur er grófur, laus í sér og auðrofinn. Sár eru lengi að gróa vegna stutts vaxtartíma gróðurs auk þess sem vatn og vindar geta aukið rof.

**AKSTUR**
Akið ekki utan vega. Ökutæki getur markað sár í landið sem erfitt er að afmá. Akstur utan vega er bannaður með lögum en leyfilegt er að aka utan vega þegar jörð er snævi þakin og frosin.



**GÖNGULEIÐIR**
Heimilt er að fara gangandi um óræktað land. Styttið ykkur ekki leið yfir afgirt land, tún eða einkalóðir og virðið reglur um umferð á svæðum þar sem verið er að vernda dýralíf og gróður. Fylgið merktum göngustígum. Stígarnir eru gerðir til þess að auka öryggi fólks og vísa því rétta leið og draga úr álagi á viðkvæma náttúru.

Landeigendum ber að tryggja að ferðamenn komist meðfram vatnsbökkum og strönd og eftir þjóðleiðum og skipulögðum stígum. Við farartálma skulu vera prílur eða hlið. Umferð um vötn og ár er háð leyfi rétthafa. Vatnsbakkar og hólmar eru oft mikilvæg búsvæði og því ber að ganga þar um af gætni.

**ÚTREIÐAR**
Hestamönnum ber að fylgja reiðstígum. Hugið að jarðvegi og gróðri á ferð utan reiðstíga. Í hálendisferðum ber að hafa fóður meðferðis. Næturhólfum skal valinn staður á ógrónu landi. Sérstaka gát ber að sýna við stóðrekstur.

**VEIÐAR**
Ráðstöfun veiðileyfa og nýtingarréttur eru í höndum veiðirétthafa sem venjulega eru landeigendur, veiðifélög eða upprekstrarfélög. Þetta á við um ár, vötn og við strendur. Rétt er að spyrjast fyrir um veiðirétt.

Handhöfum veiðikorts er heimilt að veiða fugla utan eignarlanda. Rétthöfum er heimilt að ráðstafa veiðirétti innan sinna landareigna. Leyfi til veiða á ákveðnum tegundum eru bundin árstíma.

**BERJATÍNSLA**
Heimilt er að tína ber, sveppi, fjörugróður og aðrar jurtir en ef tínt er í miklum mæli innan eignarlanda þarf til þess leyfi. Heimilt er að tína ber og jurtir á þjóðlendum og afréttum. Athugið að nokkrar jurtir sem vaxa í íslenskri náttúru eru fágætar og friðaðar og óleyfilegt er að skerða þær.
Heimild: http://www.visiticeland.com/

## NOKKUR FERÐARÁÐ

**Eftirfarandi ráð til ferðalanga eru tekin af vefsíðunni www.travellerspoint.com.**

**1. Afrit af vegabréfinu**
Til öryggis gæti verið ráð að taka afrit af vegabréfinu og geyma í netpóstinum þínum, ásamt afriti af flugmiðanum og símanúmerinu sem hringja á í ef greiðslukort týnist. Með þessu móti ættirðu að geta komist yfir allar upplýsingar ef þú týnir vegabréfinu á ferðalagi.

**2. Dreifðu verðmætum**
Geymdu greiðslukort og peninga ekki á sama stað. Hafðu þessa hluti í hvorn í sínum vasa, eða hvorn í sinni handtöskunni. Þannig eru minni líkur á að þú standir allslaus eftir ef þjófar verða á vegi þínum.



**3. Það léttasta neðst**
Þegar raðað er í bakpoka skal pakka léttustu hlutunum neðst og þeim þyngstu efst. Óhrein föt er tilvalið að setja neðst í pokann. Þó er gott að pakka þeim hlutum sem þú notar oftast efst.

**4. Ef taska týnist**
Þegar margir ferðast saman gæti verið sniðugt að deila fötum milli taskna. Þannig ættu allir að eiga föt til skiptanna ef einhver taskan skilar sér ekki á áfangastað.

**5. Pakkaðu skónum í sokkana**
Til að halda innihaldi ferðatöskunnar hreinu er sniðugt að pakka skóm inn í gamla sokka og svo inn í plastpoka.

**6. Upprúlluð föt rúmast betur í ferðatöskum og bakpokum.**
Ef þeim er rúllað með eldhúspappír á milli krumpast þau síður.

## Tilkynningar

# Dagforeldranámskeið

Í lok mars mun Miðstöð símenntunar í Hafnarfirði bjóða upp á starfsréttindanámskeið fyrir verðandi dagforeldra.

**Upplýsingar í síma 585 5860 eða senda fyrirspurnir á simenntun@hafnarfjordur.is**

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Kynningarfundur á Ferðamálastefnu Hafnarfjarðarbæjar

Fimmtudaginn 28.febrúar kl. 17.00 verður Ferðamálastefna Hafnarfjarðarbæjar kynnt í Bungalowinu við Vesturgötu 32. Að kynningu lokinni munu Ferðamálasamtök Hafnarfjarðar standa fyrir hugarflugsfundi.

**Allir velkomnir.**

*Menningar- og ferðamálanefnd Hafnarfjarðar*

# Aðalfundur

**Aðalfundur Rauða krossins í Reykjavík verður haldinn fimmtudaginn 14. mars 2011, kl. 17:00 í húsnæði deildarinnar að Laugavegi 120 – 5 . hæð. Gengið er inn frá Rauðarárstíg**

Á dagskrá verða venjuleg aðalfundarstörf samkvæmt lögum félagsins.

Á dagskrá verður m.a. lögð fram tillaga til lagabreytinga sem kynntar verða einni viku fyrir aðalfundinn á heimsíðunni www.redcross.is/reykjavik

***Framkvæmdastjóri***

Rauði krossinn
Reykjavík

## fasteignir

Fasteignasala Kópavogs
Ábyrgð, reynsla & góð þjónusta



Guðmundur Þórðarson
Hdl. lögg. fasteignasali

# Grænihjalli 19



Anton Karlsson kynnir gott 250 fm raðhús á góðum stað, steinsnar frá allri þjónustu. Eignin skiptist í tvær hæðir. Glæsilegt útsýni, suður garður með sólpalli og setlaug. Bílskúr 31 fm. Verð: Tilboð
Skipti skoðuð á minni eign! Nánari upplýsingar veitir Anton Karlsson sölufulltrúi í síma 771 8601/517 2600
anton@fastko.is



Anton Karlsson, Sölufulltrúi
771 8601

**Vegna mikillar sölu vantar fleiri eignir á skrá.**

Fasteignasala Kópavogs • Hamraborg 14a • S 517 2600

ÁS FASTEIGNASALA

Fjarðargötu 17, Hf.
Sími 520 2600
as@as.is
www.as.is



Eiríkur Svanur Sigfússon
lögg. fasteignasali

## SÆBÓLSBRAUT 22 - KÓPAVOGI




**OPIÐ HÚS Í DAG KL. 16:45-17:15**

Sérlega fallegt miðjuraðhús með aukaíbúð í kjallara með sérinngangi. Húsið er alls 309,5 fm og skiptist í 173,1 fm aðalíbúð, 26,8 fm bílskúr og 109,6 fm aukaíbúð (auðvelt að opna aftur á milli hæða). 5 rúmgóð svefnherb. Svalir og verönd. Frábært fjölskylduhús á góðum stað. **Verð 52.9 millj. Eiríkur Svanur löggiltur fasteignasali tekur á móti gestum, s. 862-3377.**

FOLD FASTEIGNASALA

Viðar Böðvarsson viðskiptafræðingur og lögg. fast.

**Laugavegi 170, 2. hæð • Opið virka daga kl. 9:00-17:00**
**Sími 552 1400 • Fax 552 1405 • www.fold.is • fold@fold.is**

# Laugardalur og nágrenni Einbýlishús óskast!

Er með trausta og fjársterka kaupendur að stóru og vel staðsettu einbýlishúsi í Laugardalnum.
Leitað er að reisulegu og glæsilegu húsi en eignin má líka þarfnast endurnýjunar og viðhalds.
Staðgreiðsla í boði fyrir rétta eign.
Einnig gætu verið skipti á glæsilegu minna sérbýli í hverfinu.

**Önnur hverfi sem koma til greina eru í póstnr. 101 og 107.**

Allar nánari upplýsingar gefur:
**Einar Guðmundsson**
**Lögg. fasteignasali**
**s. 896-8767.**

## Kynning á lýsingu verkefnis og drögum að breytingu Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009-2025

### Efnistaka og varnargarðar í Múlakvísl

Sveitarstjórn Mýrdalshrepps hefur samþykkt að kynna lýsingu skipulagsverkefnis skv. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, ásamt matslýsingu í samræmi við lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana. Í kjölfar kynningar á lýsingu verða kynnt drög að breytingu á Aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2009-2025 ásamt umhverfisskýrslu í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Öll gögn verða aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins (www.vik.is). Lýsing á skipulagsverkefnis verður aðgengileg frá og með 28. febrúar og drög að aðalskipulagsbreytingu verða aðgengileg 4. mars.
Breytingin á aðalskipulagi snýr að nauðsynlegum framkvæmdum vegna áforma Vegagerðar að endurbyggja þau mannvirki, brú, veg og varnargarða, sem skemmdust eða eyðilögðust í jökulhlaupi sem kom í Múlakvísl á Mýrdalssandi 9. júlí 2011 og rauf þar Hringveginn. Breyting á skipulagi felur m.a. í sér stækkun efnistökusvæða og gerð varnargarða.
Ábendingar og athugasemdir við lýsingu verkefnis og drög að skipulagsbreytingu skal senda til sveitarstjóra á netfangið sveitarstjori@vik.is. Einnig er hægt að senda athugasemdir merktar Aðalskipulag Mýrdalshrepps á póstfangið, Skrifstofa Mýrdalshrepps, Austurvegi 17, 870 Vík. Frestur til að gera athugasemdir eða koma með ábendingar við lýsingu og drög að aðalskipulagsbreytingu er til og með **15. mars 2013.**

***Ásgeir Magnússon sveitarstjóri.***

# Boltinn á Xinu 977
## – alla virka daga kl. 11 - 12




## atvinna

## Íslenskukennsla við Sorbonneháskóla

Staða íslenskukennara við Sorbonneháskóla í París er laus til umsóknar. Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. september 2013. Ráðning er tímabundin til þriggja ára með möguleika á endurráðningu til jafnlangs tíma. Krafist er M.A. prófs í íslensku. Æskilegt er að umsækjendur hafi lokið kennararéttindanámi og hafi reynslu af því að kenna íslensku sem annað eða erlent mál. Umsækjendur þurfa að geta kennt íslenskt mál og bókmenntir og fjallað um íslenskt samfélag. Æskilegt er að þeir hafi búið á Íslandi undanfarin ár. Kunnátta í frönsku er nauðsynleg. Mögulegt er að stunda framhaldsnám við skólann með kennslu.

Umsóknir, sem greini frá námi og störfum umsækjenda, ásamt skýrslu um ritsmíðar og rannsóknir, skulu sendar til Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, stofu Sigurðar Nordals, pósthólf 1220, 121 Reykjavík, fyrir 15. mars 2013.

Nánari upplýsingar veitir Úlfar Bragason rannsóknarprófessor í síma 562 6050.

***Reykjavík 25. febrúar 2013***
***Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum***

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

## Stuðningsheimili fyrir karlmenn

**Velferðarsvið Reykjavíkurborgar leitar að rekstraraðilum stuðningsheimilis fyrir karlmenn að Miklubraut 18.**

Velferðarsvið Reykjavíkurborgar auglýsir eftir áhugasömum aðilum til að taka að sér rekstur stuðningsheimilis fyrir karlmenn að Miklubraut 18. Um er að ræða úrræði sem rekið hefur verið í Reykjavík á undanförnum árum en samningur við núverandi rekstraraðila rennur út á næstu mánuðum.

Markmið með rekstri stuðningsheimilisins er að bjóða einstaklingum sem hætt hafa neyslu áfengis og vímuefna öruggt heimili, stuðning og aðhald á meðan þeir aðlagast samfélaginu á nýjan leik. Endurhæfing og stuðningur fer fram í nánu samstarfi við heimilismenn með það að markmiði að auka lífsgæði þeirra og möguleika á að ná tökum á lífi sínu.

Þjónustusamningur til 3ja ára verður gerður við þann aðila sem valinn verður til að reka þjónustuna.

Leitað er eftir einstaklingum eða félagasamtökum sem hafa reynslu af þjónustu við fólk sem á við margháttaða félagslega erfiðleika að stríða með sérstakri áherslu á reynslu af vinnu með fólk sem á við áfengis- og vímuefnavanda að etja.

Daglegur rekstur og þjónusta er í höndum þjónustusala en til daglegs reksturs teljast t.d. starfsmannamál, almennur rekstur húsnæðis og eldhúss auk annarrar þjónustu.

Reykjavíkurborg leggur til húsnæði fyrir reksturinn. Gert er ráð fyrir 8 rýmum.

Þjónustusali þarf að tryggja að starfsemin sé ætíð mönnuð nægilega mörgum starfsmönnum.

Frekari upplýsingar veitir Birna Sigurðardóttir, verkefnisstjóri á Velferðarsviði, netfangið birna.sigurdardottir@reykjavik.is

**Áhugasamir skili inn umsókn um verkefnið ásamt kostnaðarmati fyrir 11. mars 2013.** Umsóknum ber að skila til skrifstofu Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík eða á netfangið; birna.sigurdardottir@reykjavik.is.

**Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.**

Vissir þú að...
börn eiga rétt á læknisaðstoð og heilbrigðisþjónustu.

Barnaheill
Save the Children á Íslandi

# DEBENHAMS




## CLINIQUE dagar í Debenhams

Glæsilegur kaupauki fylgir ef keyptar eru vörur frá Clinique fyrir 6.500 kr eða meira.*

- Take The Day Off Augnfarðahreinsir 50 ml
- 7 Day Scrub Cream Rinse-Off Formula 30 ml
- Youth Surge SPF 15 Moisturizer 15 ml
- Quickliner For Eyes Intense Augnblýantur Svartur
- High Impact Varalitur og Gloss saman
- High Impact Maskari 3.5 ml

**Meðan birgðir endast*
*Verðgildi kaupauka 16.570 kr*




**NÝTT**
Nýja Repairwear Laser Focus Augnkremið tekur á öllum vandamálum augnsvæðisins og gefur augnsvæðinu hressandi og unglegra útlit.

CLINIQUE
Ofnæmisprófað. 100% ilmefnalaust.

Finndu okkur á facebook

Gerðu lífið skemmtilegra

DEBENHAMS – Lífstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR

# Í baráttunni í 42 ár

Kristinn Pedersen er að ljúka sínum 42 ára starfsferli í lögreglunni og endar hann á hinu háa Alþingi. Óvíða hefur hann þó meiðst meira en þar.




**ÞINGLÖGGAN** „Ég get ekki hugsað þá hugsun til enda ef þetta fólk hefði komist inn á þingið,“ segir Kristinn um níumenningana sem hann lenti í að stöðva í desember 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Nú vinna menn ekki lengur í löggunni en til 65 ára aldurs, samkvæmt lag-anna hljóðan, og ég er að ná því marki,“ segir Kristinn Pedersen lögreglumaður og kveðst algerlega tilbúinn að hætta. Hann lærði upphaflega vélvirkjun og vann í smiðju um tíma. „En ég átti kunningja í löggunni sem sögðu að ég ætti að hvíla mig á vélvirkjuninni og koma í lögguna og hér er ég búinn að vera að hvíla mig í 42 ár!“ Hann kveðst þó hafa haft fyrir stórri fjölskyldu að sjá og verið í alls konar aukavinnu, meðfram vaktavinnu í lögreglunni, meðal annars að pakka og keyra út Wrangler-gallabuxur og í dyravörslu á kvöldin. „Það var ekki mikill afgangur af tíma í þá daga,“ rifjar hann upp.

Lögreglunni var skipt í almenna deild og umferðarlögregludeild þegar Kristinn byrjaði og hann hóf störf í almennri deild. „Svo er ég búinn að koma víða við, í slysarannsóknum, almennum rannsóknum, fíkniefnadeild og vegaeftirliti. Það var gott að breyta til, þess vegna hef ég enst svona lengi,“ lýsir hann. Aðalbreytinguna á starfi lögreglunnar segir Kristinn vera þá að þurfa að fást við hinn harða heim fíkniefnaneytenda. „Menn vissu hvar þeir höfðu þessa ölvuðu menn en það er erfiðara að reikna út fíkniefnafólkið,“ segir hann.

Hvað kom svo til að hann byrjaði í þinginu? „Það var fyrir átta árum að Geir Jón Þórisson kallaði mig upp til Böðvars Bragasonar sem spurði mig hvort ég vildi ekki taka að mér að vera í þinginu. Þeir vildu að ég ætti rólega daga áður en ég hætti. Svo eru bara búnar að vera bardagar síðan. Enda sagði Geir Jón í gríni: „Það er alveg saman hvar við látum þig, Kiddi. Þú gerir allt vitlaust þar sem þú ert!“

Kristinn kveðst þó yfirleitt hafa getað talað fólk til þegar til ágreinings hafi komið á vettvangi þannig að hann hafi sloppið sæmilega vel. Eitt það erfiðasta hafi verið að stöðva „níumenningana“ sem ætluðu að storma inn í þingið í desember 2008 og voru reyndar um 30 talsins. „Ég get ekki hugsað þá hugsun til enda ef þetta fólk hefði komist inn á þingið, í því ástandi sem það var. Það hefði kostað eitthvað miklu meira en það gerði,“ segir hann og kveðst hafa verið eini lögreglumaðurinn í húsinu þá, eins og alltaf. „Svo eru þingverðir í annars konar þjónustu sem eiga ekki að þurfa að standa í slagsmálum en stóðu sig alveg svakalega vel í þessum átökum sem stóðu yfir í alveg hálftíma.“

Kristinn kveðst hafa þurft að heimsækja lækna eftir þessa atburði, nýlega hafi hann útskrifast eftir fingurbrot en eftir sé að laga hné og ökkla í samt lag. En þrátt fyrir að geta átt von á skyndiátökum, ölvun og ýmiss konar rugli af gestum Alþingis segir hann þingið góðan vinnustað. „Starfsfólk Alþingis er úrvalsfólk og ég hef eignast marga góða kunningja innan þingmannahópsins, þannig að ég hef margs að sakna héðan.“ gun@frettabladid.is

---

†



Faðir minn, tengdafaðir, afi og fósturfaðir,

**JÓN DANÍELSSON**
**fyrrverandi skipstjóri,**
**Dunhaga 15, Reykjavík,**

lést þann 19. febrúar sl. Útför hans fer fram frá Neskirkju í dag, fimmtudag, 28. febrúar kl. 15.00.

**Örn D. Jónsson**
**Steinunn Arnardóttir**
**Ágústa Arnardóttir**
**Pétur Emilsson**
**Laufey Guðjónsdóttir**
**Leópold Kristjánsson**
**Einar Þorsteinn Arnarson**
**Edda Sigurðardóttir**

---

†



Yndislegi eiginmaður minn, faðir okkar, stjúpfaðir, afi og langafi,

**GUÐMUNDUR SIGURVIN HANNIBALSSON**
**frá Hanhóli í Bolungarvík,**

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja mánudaginn 25. febrúar. Útförin fer fram frá Grindavíkurkirkju mánudaginn 4. mars kl. 14.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Arnþrúður Margrét Jónasdóttir**

---

†



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og langalangamma,

**ÁSRÚN RAGNA ÞÓRÐARDÓTTIR**
**Hrafnistu í Kópavogi,**
**síðast til heimilis að Kópavogsbraut 1b,**

verður jarðsungin frá Kópavogskirkju föstudaginn 1. mars kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarfélög.

**Steinunn Karlsdóttir**
**Jóhann Karlsson**
**Ragnheiður Björnsdóttir**
**Þorbjörg Karlsdóttir**
**Þórir Ingason**
**barnabörn, langömmubörn og langalangömmubarn.**

---

†



Kæru ættingjar og vinir, við þökkum ykkar samúð og hlýhug við andlát og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**ÞÓRÖNNU RÓSU VALDIMARSDÓTTUR (STELLU)**
**Strikinu 8, Garðabæ.**

Nærvera ykkar var ómetanleg. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki í Holtsbúð Garðabæ fyrir alla alúð og frábæra umönnun. Guð blessi ykkur öll.

**Guðrún Stefánsdóttir**
**Felix Jóhannesson**
**Arnþrúður Stefánsdóttir**
**Gunnar Þór Stefánsson**
**Hanna Stefánsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÓSKAR ÖRN HÁLFDÁNARSON**
**Hrannargötu 6, Ísafirði,**

lést á gjörgæsludeild LSH Fossvogi sunnudaginn 24. febrúar. Útför hans fer fram frá Ísafjarðarkirkju laugardaginn 2. mars kl. 14.00.

**Dagný Jóna Jóhannsdóttir**
**Sigurður G. Óskarsson**
**Sigríður Laufey Sigurðardóttir**
**Guðbjörn Þór Óskarsson**
**Jónína Sigríður Jónsdóttir**
**Hálfdán Óskarsson**
**Sigríður Hrönn Jörundsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†



Innilegar þakkir færum við fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**INGIBJARGAR SIGURÐARDÓTTUR**
**Lækjasmára 8, Kópavogi.**

**Hinrik Lárusson**
**Lárus Hinriksson**
**Freygerður Anna Baldursdóttir**
**Sigurður Hinriksson**
**Elsa Jenný Halldórsdóttir**
**Guðbjörg Hinriksdóttir**
**Bryndís Hinriksdóttir**
**Konráð Konráðsson**
**Sigrún Hinriksdóttir**
**Þórir Gíslason**
**Ingibjörg Hinriksdóttir**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---

†



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**ANNA ÓLAFSDÓTTIR**
**Suðurlandsbraut 58, Reykjavík,**
**áður Hraunbæ 71,**

andaðist á Landakotsspítala 21. janúar sl. Útför hennar hefur farið fram.

**Sigurbjörg Jóhannsdóttir**
**Ólafur Jóhannsson**
**Guðrún Halldóra Sveinsdóttir**
**Theodór Jóhannsson**
**Helga Erla Þórisdóttir**
**og fjölskyldur.**

---

†



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SIGRÍÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR**
**Elliheimilinu Grund,**
**síðast til heimilis að Árskógum 8, Reykjavík,**

lést á Elliheimilinu Grund 19. febrúar sl. Hún verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 1. mars nk. og hefst athöfnin kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarfélög.

**Sigrún I. Benediktsdóttir**
**Guðmundur Örn Ragnarsson**
**Ólína Erlendsdóttir**
**Rúnar Benediktsson**
**Hrefna Sigurðardóttir**
**Margrét Ragnarsdóttir**
**Albert Sævar Guðmundsson**
**Þorvaldur Benediktsson**
**Rósa Ólafsdóttir**

---

†



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**GÍSLA S. JÓNSSONAR**
**Logafold 52, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á krabbameinsdeildum Landspítalans við Hringbraut og heimahjúkrun Karítasar fyrir góða umönnun.

**Simona Simonsen**
**Esther Gísladóttir**
**Gunnlaugur V. Einarsson**
**Ingunn Gísladóttir**
**Dan Sommer**
**Eva Ruth Gísladóttir**
**Ásgeir Páll Gústafsson**
**og barnabörn.**

---

†



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, tengdadóttir, amma og systir,

**ANNA KARELSDÓTTIR**
**áður til heimilis á Kveldúlfsgötu 14, Borgarnesi,**

lést á Sólvangi 17. febrúar. Hún verður jarðsungin frá Grafarvogskirkju föstudaginn 1. mars kl. 13.00. Hugheilar þakkir fær starfsfólk Roðasala fyrir umönnun hennar og hlýhug. Starfsfólk á 2. hæð Hjúkrunarheimilisins Sólvangs fær sérstakar þakkir fyrir alúð, faglega umönnun, hlýju, vináttu og stuðning í veikindum hennar. Þeim sem vilja minnast Önnu Karelsdóttur er bent á minningarsjóð Sólvangs.

**Gestur Már Sigurðsson**
**Harpa Þorleifsdóttir**
**Guðný Sigurðardóttir**
**Maríanna Sigurðardóttir**
**Tómas Bentsson**
**Rut Ingimarsdóttir**
**ömmubörn og systkini.**

---

†



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**SIGURÐUR LÁRUSSON**
**frá Grundarfirði**
**Álfhólsvegi 99, Kópavogi,**

lést sunnudaginn 24. febrúar á Landspítalanum í Fossvogi. Útför hans fer fram frá Hjallakirkju í Kópavogi þriðjudaginn 5. mars kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Parkinsonsamtökin á Íslandi.

**Elín Dagmar Valdimarsdóttir**
**Ragnheiður K. Sigurðardóttir**
**Jón Erlendsson**
**Helga Gróa Sigurðardóttir**
**Jan E. Bjerkli**
**Halldóra Dröfn Sigurðardóttir**
**Einar Vilhjálmsson**
**Guðrún M. Sigurðardóttir**
**Valdimar Sigurðsson**
**Halla Norland**
**Elínborg Sigurðardóttir**
**Arnar Geir Nikulásson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **512 5000**.

# Whirlpool

# HÁGÆÐA UPPÞVOTTAVÉL



Fæst bæði hvít og úr stáli!

**Whirlpool 6thSense PowerClean** uppþvottavélin er öflugur vinnuhestur sem nær að þvo óhreinasta leirtau, potta eða pönnur án þess að þurfi að skola fyrst. Í baki vélarinnar eru 32 háþrýstistútar sem sprauta vatni með meiri krafti en áður hefur þekkst í uppþvottavélum. 6th Sense skynjarar skynja hve óhreinir hlutirnir eru í vélinni og stýra vatnsþrýstingi eftir því.



**6TH SENSE MEÐ GUFUÞVOTTI**
6th Sense skynjar óhreinindi í vélinni og stillir vatnsstyrk og þvottatíma til að tryggja hámarks árangur. Hægt er að bæta við gufu sem nær enn betur erfiðustu óhreinindum.

**MJÖG HLJÓÐLÁT**
Vélin er vel einangruð og afar hljóðlát. Á venjulegu kerfi er vélin aðeins 43 desibel, og svo er einnig hægt að stilla á sérstakt SuperSilent næturkerfi sem dregur úr vatnsstyrk og er vélin þá aðeins 39 desibel.

**GREEN GENERATION**
Vélin er afar sparneytin bæði á vatn og rafmagn enda í Green Generation línunni frá Whirlpool. Vélin er í orkuflokki A++ og fær A í einkun fyrir bæði þvotthæfni og þurrkhæfni.

**10 ÞVOTTAKERFI**
Hægt er að velja um 10 mismunandi þvottakerfi 40-70°, meðal annars 6th Sense sjálfvirkt kerfi, 30 og 80 mínútna hraðkerfi, gufukerfi og sótthreinsikerfi.

**MIKLIR MÖGULEIKAR**
Hægt er að koma miklu fyrir í vélinni og þar sem PowerClean stútarnir sprauta vatni úr baki vélarinnar þá má raða pottum og pönnum upp á rönd og þannig koma meiru fyrir í vélinni.

6th sense · A++ · Green Generation · Power Clean · AquaSteam

**Whirlpool ADPU8773 - HVÍT**
Kr. **129.995**
Verð áður 149.995

**Whirlpool ADPU8773 - STÁL**
Kr. **139.995**
Verð áður 159.995

Whirlpool er stærsti framleiðandi heimilistækja í heiminum

**Heimilistæki** ht.is

*UMBOÐSMENN UM LAND ALLT*

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 30 **AKUREYRI** S: 460 3380 • KAUPVANGI 6 **EGILSSTÖÐUM** S: 414 1735 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

# TROÐFULL BÚÐ AF TILBOÐUM



5.989

TONI&GUY

**Toni&Guy TGIR1919**
Keilujárn með 32mm - 19mm Tourmaline keramík plötum. Mjótt í miðjunni. Hámarkshiti 200°. 360°snúningur á kapli. 3m snúra.




49.989

**Luxor 24LED900**
24" HD LCD sjónvarp með 1366x768 punkta upplausn. Stafrænn DVB-T móttakari. USB, HDMI, Scart, VGA, hótelstillingu o.fl.



2.989

PHILIPS

**Philips HP8103**
1400w EasyCare hárblásari með 2 hraðastillingum.



17.989

Panasonic

**Panasonic DMCFS28**
Með 14,1MP upplausn, Venus Engine IV, IA, AF Tracking, MEGA O.I.S hristivörn í LEICA DC 28mm linsu, 4x Optical og 8x Digital Zoom I.R, 2.7" LCD skjá, HD hreyfimyndatöku, 70MB minni, SD/SDHC kortarauf ofl.



17.989

## 10" SPJALDTÖLVA MEÐ TÖSKU

**Sharper Image M18A**
10" spjaldtölva með 1.2GHz Cortex A8 örgjörva, 8GB minni, 4GB Flash minni og 4GB MicroSD minniskorti sem fylgir. Snertiskjár með 1024x600p upplausn. Android 4.0 Ice Cream Sandwich. Myndavél að framan og aftan. Allt að 10 klst. á rafhlöðu. Taska og heyrnartól fylgja.




23.989

**AOC E2250SWDAK**
Stílhreinn og flottur 1920 x 1080 WLED skjár. VGA og DVI tengi. 5ms svartími og 20.000:1 skerpa.



7.989

PHILIPS

**Philips HP4669**
SalonStraight Pro sléttujárn með Keramic Thourmaline plötum. Pro styling hiti að 215°. Ion tækni. Stafræn hitastilling.



17.989

Seagate

**Seagate Expansion 2TB USB 3**
Vandaður USB 3.0 flakkari frá Seagate. Stílhrein og flott hönnun.



14.989

PHILIPS

**Philips AJ3270D**
Flottur FM/AM útvarpsvekjari með iPod/iPhone vöggu. Stór LCD skjár. Stigvaxandi hringitónn. 2 vekjarar. Svefnrofi. Stillir tímann við Iphone/Ipod.

Made for iPod iPhone iPad



29.989

elna

**Elna ELNA220EX**
Saumavél með 15 sporgerðir. Sporatafla og stilliskífa. Nál stillanleg frá miðju. 4 gerðir saumfóta. Overlock. Íslenskur leiðarvísir.



29.989

CASIO

**Casio CTK3200**
5 áttunda hljómborð með LCD skjá, 61 nótu, ásláttarnæmni, 400 hljóðum, 150 ryþmum, 48 nótna pólífóníu, 110 lögum, 3ja skrefa kennslu, LCD skjá og Pitch bend hjóli. Tengi: USB, MIDI, heyrnatól, MP3 og fótstig. Spennubreytir fylgir.




64.989

**Luxor 32LCD800**
32" HD LCD sjónvarp USB, 2x HDMI, VGA, Composite, CVBS, og Audio út. S/PDIF Digital coaxial og heyrnartólstengi. Common Interface lesari. Hótelstilling.



29.989

JBL

## SOUNDBAR HEIMABÍÓ

**JBL SB100**
Glæsilegt 60w SoundBar heimabíókerfi með Dolby Digital. HARMAN Display Surround. Bass Boost. RCA og Optical tengi. Lærir á fjarstýringu sjónvarpsins. Má festa á vegg.

**Vatnsheld myndavél**



14.989

Nikon

**Nikon S30**
Högg- og vatnsheld 10 megapixel myndavél með og 2,7" LCD skjá. NIKKOR linsa. 4x fókusvörn. 5x Optical og 4x Digital Zoom. Rafræn titringsjöfnun. HD hreyfimyndataka. 47MB minni og kortarauf. USB. Íslenskur leiðarvísir.

# 0% VEXTIR Í 12 MÁNUÐI !

*Aðeins 3,5% lántökukostnaður og 340 kr. í færslugjald á mánuði*

# FERMINGARFJÖR

## 10 heppnir fá 10“ spjaldtölvu




**Ofurverð fyrir Intel i3 !**

Takmarkað magn á þessu galna verði. Asus gæðafartölva með 15,6“ skjá og hröðum i3 örgjörva, Intel GMA HD 3000 skjákorti, 4GB vinnsluminni og 320GB hörðum diski. Sterkbyggð og flott fartölva með USB3.0 sem margfaldar gagnaflutningshraða og HDMI fyrir bestu mynd og hljómgæði í sjónvarpi eða hljómtækjum. Windows 7 Home Premium.

**Allir sem versla í Max í mars fyrir 3.000 kr eða meira geta sett nafnið sitt í pott !**

**Fyrir páska er svo dregið úr og hljóta 10 heppnir viðskiptavinir 10“ spjaldtölvu í páskaglaðning.**

MAX RAFTÆKI

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

SÍMI 412 2200

BEINT Á MÓTI IKEA

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** umrót, **6.** tveir eins, **8.** árkvíslir, **9.** mánuður, **11.** þófi, **12.** framburður, **14.** sáldra, **16.** býli, **17.** vefnaðarvara, **18.** angan, **20.** tveir eins, **21.** stígur.

**LÓÐRÉTT**
**1.** útmá, **3.** í röð, **4.** vegklæðning, **5.** frostskemmd, **7.** heilladrjúgur, **10.** kæla, **13.** hnoðað, **15.** skynfæri, **16.** strit, **19.** eldsneyti.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** rask, **6.** ff, **8.** ála, **9.** maí, **11.** il, **12.** árset, **14.** salla, **16.** bæ, **17.** tau, **18.** ilm, **20.** gg, **21.** slóð.

**LÓÐRÉTT: 1.** afmá, **3.** aá, **4.** slitlag, **5.** kal, **7.** farsæll, **10.** ísa, **13.** elt, **15.** auga, **16.** bís, **19.** mó.





TYGGÐU EXTRA
EFTIR HVERJA MÁLTÍÐ

Rannsóknir sýna að notkun sykurlauss **Extra** eykur munnvatnsframleiðslu, jafnar sýrustig, heldur tönnunum hreinum og stöðvar sýklaárásir á þær. **Extra** minnkar upptöku hitaeininga og dregur það úr streitu í amstri hversdagsins.

Tannlæknafélag Íslands mælir með notkun xylitols sem aðalsætuefnis í tyggigúmmíi


# Hótel Reykjavík

**BAKPANKAR**
Björns Þórs Sigbjörnssonar



Mögnuð breyting hefur orðið á miðborg Reykjavíkur á tiltölulega skömmum tíma. Þar sem áður voru verslanir eru veitingastaðir og þar sem áður voru fjölmennir vinnustaðir eru hótel.

**FYRIR** minna en aldarfjórðungi var eitt hótel í miðborginni og reksturinn í slíkum vandræðum að útlit var fyrir að honum yrði hætt. Um tíma stefndi í að Alþingi eignaðist hótelið og breytti í skrifstofur fyrir þingmenn en af því varð ekki. Reykjavíkurborg, sem þá laut stjórn Davíðs Oddssonar, var á móti, keypti hótelið og seldi aftur nokkrum árum síðar. Davíð og fleiri gátu illa hugsað sér að ekkert hótel yrði í bænum. Enda er sú höfuðborg aum sem ekki státar af hóteli í miðborg sinni. Síðan eru sem sagt liðin tæp 25 ár og Hótel Borg í blóma.

**Í** raun er stutt síðan að í Reykjavík voru fjögur hótel sem eitthvað kvað að. Auk Borgarinnar voru það Loftleiðir, Holtið og Saga. Ég veit ekki hve mörg hótelin í borginni eða á höfuðborgarsvæðinu eru í dag. Ég er ekki viss um að ég geti talið svo hátt.

**Á** reitnum milli Aðalstrætis og Pósthússtrætis eru fimm hótel og í seilingarfjarlægð að minnsta kosti önnur fimm og sennilega gott betur. Á teikniborðinu eru alla vega tvö af stærri gerðinni og eitt til, ofarlega á Laugaveginum. Það þarf svo ekki að spyrja hvernig starfsemi verður komið á fót í húsakynnum Landsbankans í Austurstræti þegar hann hefur reist sér nýjar höfuðstöðvar eða í húsinu þar sem nú er Héraðsdómur Reykjavíkur þegar það apparat verður komið þangað sem það á heima; upp í Tún.

**VIÐ** öll þessi hótel bætast svo hostelin, gistiheimilin og lúxusíbúðirnar og hvað þau nú heita öll formin af gistirými sem standa ferðamönnum til boða. Og ég er bara að tala um miðborgina.

**ENN** mun bætast við þegar nýbyggingar LSH verða teknar í notkun því hvað ætla menn að gera við Landakot og Borgarspítalann og jafnvel Vífilsstaði annað en að breyta í hótel? Tímabundin blankheit komu í veg fyrir að Heilsuverndarstöðin við Barónsstíg yrði að hóteli fyrir nokkrum misserum og þó að Landlæknir hafi nú hreiðrað þar um sig er sjálfsagt ekki fullreynt hvað það varðar. Þá er líklegt að fyrr en vari rísi hótel við Kringluna. Teikningarnar eru til. Og stórhuga menn eru vitaskuld að spá í það sama við Smáralind.

**VONANDI** halda útlendingar áfram að koma til Íslands. Alþingi mun aldrei hafa þörf fyrir svona mikið skrifstofurými.

## MYNDASÖGUR

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




Þú tekur á því
CORNY
6 x Cocos
CORNY
6 x Schoko
Hollur & bragðgóður
heilsubiti




# Mótandi hugvekja

MYNDLIST ★★★☆☆

**Gæfusmiður**
Eirún Sigurðardóttir
**LISTASAFN ASÍ**

Einstaklingurinn og hið fyrirframgefna umhverfi og hlutverk sem hann fæðist inn í er útgangspunktur í sýningunni Gæfusmiður, eftir Eirúnu Sigurðardóttur. Til að fjalla um þetta notar listamaðurinn ýmsar myndlíkingar, s.s. Doka-steypumót (mótin sem notuð eru til að byggja hús en hverfa svo þegar búið er að steypa húsið), spil (menn fá misjöfn spil til að moða úr) og sand.

Hugmyndin um kyngervi, það er hvort einstaklingurinn upplifir sig sem karlkyns eða kvenkyns, spilar einnig rullu.

Titill sýningarinnar vísar til orðatiltækisins „Hver er sinnar gæfusmiður", en um leið er spurt; „Er hver sinnar gæfusmiður?"

Listamaðurinn setur fram í verkum sínum og í texta í sýningarskrá hugmyndir um að svo sé ekki, við fæðumst inn í ákveðið mót sem erfitt getur verið að brjótast út úr, þó mótin séu huglæg.

Þessar hugmyndir eiga einnig samhljóm í vangaveltum um frelsi einstaklinga til athafna og skorður sem þar eru settar.

Í anddyri sýningarinnar er gestum þó boðið upp á það einstaka tækifæri að velja sér kyn/mót með táknrænum hætti, með því að ganga inn í karllaga eða kvenlaga inngang inn á sýninguna. Eftir að kyn hefur verið valið tekur við hringferð um safnið, en sýningin er sett upp eins og ferðalag og minnir á tölvuleik.

Í aðalsal safnsins er innsetningin Yfirborð sem samanstendur af háum Doka-plötuveggjum en á gólfi fyrir framan Doka-mótin liggja tvær hjólapumpur og slöngur eru tengdar við pumpurnar sem liggja yfir veggina og niður í sandgryfju hinum megin veggjarins. Sandhrúgan á samkvæmt listamanninum að tákna samfélagið okkar þar sem við einstaklingarnir erum sandkornin. Pumpurnar geta pumpað einhverju inn í samfélagið og haft þannig áhrif á það.

Áfram heldur ferðin og í ganginum þegar gengið er út úr aðalsalnum og niður á neðri hæð eru þrjú verk. Fyrst má sjá lítið barn reyna að setja grunnform í þar til gerð göt í kunnuglegu leikfangi í verkinu Fyrsta gerð (lengi býr að fyrstu gerð). Næst tekur við ljósmynd af karlmanni með kvenlega hárgreiðslu haldandi á lítilli Dokaplötu í verki sem heitir Efniviður. Í verkinu Í hendi þér (þú hefur það/lífið í hendi þér – eða hvað?) saumar karlmaður með saumavél en kona sagar með bandsög í Dokaplötu. Þarna skipta kynin um hlutverk og leikið er með klisjuna um kvenna- og karlastörf.

Niðri í gryfju er síðan myndband af listamanninum, útiteknum, að anda út með munninum á lauf, en inn með nefinu. Á gólfinu er moldarflötur. Þetta verk heitir Undirstaða. Moldin gæti verið vísun í upphaf og endi alls, hringrás lífsins. Af moldu ertu komin, að moldu skaltu aftur verða. Öndun listakonunnar í vídeóinu er enda ákveðin hringrás, út um munn, inn um nef, o.s.frv.

Í arinstofu er síðan myndbandsverkið Spil á hendi með fjórum manneskjum við spilaborð að gefa til skiptis úr sama spilastokknum, sem minnir okkur á að það fá allir jafn mörg spil á hendi til að moða úr – það sitja allir við sama borð – eða hvað?

Það er margt gott í þessari sýningu. Hugmyndin um ósýnilegu mótin sem móta okkur er falleg hugleiðing sem á erindi í umræðuna, sýningin er sjónrænt sterk og lausnir í framsetningu eru skemmtilegar. Ókostur sýningarinnar liggur í of mörgum augljósum skilaboðum, þannig að manni líður eftir sýninguna eins og það vanti enn eitthvað upp á til að sýningin geti talist fullkláruð.

**Þóroddur Bjarnason**



**SAMFÉLAGSMÓT** Í anddyri sýningarinnar er gestum þó boðið að velja sér kyn/mót með táknrænum hætti, með því að ganga inn í karllaga eða kvenlaga inngang inn á sýninguna.
FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

**NIÐURSTAÐA:** Áhugaverð grunnhugmynd um einstaklinginn og samfélagið en líður fyrir of margar opnar tilvísanir og myndlíkingar.



**ÚR PUNCH** Sýningin Punch sækir meðal annars innblástur í aldagamla sögu, sem frasinn „slapstick" er dreginn af. „Það er hálf óhugnanlegt en þessi saga er talin barnasaga og venjulega leikin með tveimur handbrúðum," segir Tryggvi, sem er hér lengst til vinstri.

# Gleðin í gerviblóðinu

## Leikhópurinn Sticks and Stones veltir fyrir sér ofbeldi sem skemmtun í Punch.

Hvað er það sem laðar okkur að ofbeldi? Við þessa spurningu glímir leiksýningin Punch sem norræni leikhópurinn Sticks and Stones setur upp í Norðurpólnum á Seltjarnarnesi í kvöld.

„Sýningin fjallar um sviðsett ofbeldi sem afþreyingu, hvort sem um ræðir framkvæmd þess eða að horfa á það," segir Tryggvi Gunnarsson, leikstjóri verksins. „Ofbeldið er gert að eins konar leik þar sem afleiðingarnar eru engar. Við getum hvort eð er skipt um stöð þegar við höfum fengið nóg. En eitthvað hlýtur að sitja eftir og við vildum velta fyrir okkur spurningunni hvar liggja mörkin? Hvenær fáum við nóg?"

Verkið er byggt á aldagamalli sögu af Punch og Judy, í sögunni drepur Punch alla þá sem á vegi hans verða. Hann hefst handa á eigin barni, og endar á því að drepa sjálfan djöfulinn.

„Það er hálf óhugnanlegt en þessi saga er talin barnasaga og venjulega leikin með tveimur handbrúðum," segir Tryggvi. „Punch er þá með spýtu og lemur alla til dauða sem standa í vegi hans. Þaðan er frasinn „slap-stick" kominn, nema hvað þegar þetta er sett í búning barnaleikrits þá er ekkert fyndið við ofbeldið." Tryggvi áréttar þó að ekki sé um barnasýningu að ræða eða brúðuleikhús. „Þetta erum bara við á sviðinu að rýna í þessa þörf sem við höfum til að skemmta með limlestingum og gerviblóði," segir Tryggvi. „Já, og svo eru þúsund skopparaboltar þarna líka."

Auk Tryggva skipa leikhópinn Sticks and Stones leikararnir Ingrid Rusten frá Noregi, Piet Gitz-Johansen frá Danmörku og Lisa Hjalmarson frá Svíþjóð, sem sér um búninga og leikmuni. Verkið er á ensku.

Það var sýnt á Akureyri um síðastliðna helgi. Þrjár sýningar eru áætlaðar í Norðurpólnum auk þess sem það verður sýnt í Noregi og Danmörku í sumar.

Vissir þú að...
Barnaheill
Save the Children á Íslandi
Foreldrar bera megin ábyrgð á að stuðla að líkamlegum, andlegum og félagslegum þroska barna sinna.


VERÐHRUN
Í OUTLET 10
Bolur: 3.995.-
Hlýrabolir frá: 995.-
Pleður stuttbuxur: 4.995.-
Blazer: 3.995.-
Blazer: 4.995.-
Bolur: 2.995.-
T-shirt: 2.995.-
Jakki: 3.995.-
Bolur: 1.995.-
Skyrta: 2.995.-
Blazer: 4.995.-
Lefties gallabuxur: 8.995.-
5 units buxur: 4.995.-
Buxur: 4.995.-
Kjóll: 2.995.-
Kjóll: 2.995.-
Kjóll: 3.995.-
Adidas peysur: 3.995.-
Kjóll: 3.995.-
Kjóll: 4.995.-
Fullt af geggjuðum tilboðum, fyrstur kemur fyrstur fær !!!
+ + + OUTLET 10 + + +
merki fyrir minna
OPIÐ: MÁN - FÖS 11 - 18, LAUGARDAG 11 - 18
SUNNUDAG 12 - 17 erum á facebook
OUTLET 10
+++ merki fyrir minna +++
FAXAFENI 10 - s. 578 7977

# E.L. James dregur úr kynlífinu í næstu bók

Höfundur Fimmtíu grárra skugga er ekki með framhald á Skuggaþríleiknum á prjónunum.



E.L. James, höfundur metsölubókarinnar Fimmtíu grárra skugga og tveggja framhaldsbóka, segir að kynlífinu verði stillt í hóf í næstu skáldsögu sinni.

James ræddi við blaðamann New York Post í veislu á vegum Vanity Fair eftir Óskarsverðlaunahátíðina á sunnudag. Þar sagðist hún vera að vinna að bók „sem verður ekki nærri því jafn krassandi og líklega gefin út undir öðru höfundarnafni“.

James hefur varist frétta um efni næstu bókar sinnar fyrir utan að það sé ástarsaga. Hún segir hins vegar ólíklegt að hún eigi eftir að skrifa fleiri bækur um söguhetjurnar í Skuggaþríleiknum, Anastasiu Steele og Christian Grey.

„Aldrei að segja aldrei en þau sitja á hakanum í bili. Ég er með nokkrar aðrar sögur sem mig langar að skrifa fyrst,“ skrifaði hún á heimasíðu sína á dögunum.

Þeir sem komust á bragðið með bókum James um BDSM-kynlíf þurfa þó ekki að örvænta. Breska forlagið Headline hefur tryggt sér útgáfuréttinn á þríleik eftir Tara Sue Me sem gengur undir heitinu Submissive, sem gæti útlagst Undirgefni á íslensku. Fyrsta bókin, Dominant, eða Ráðandi, fjallar um eldheitt samband forstjórans Nathaniels og bókasafnsfræðingsins Abby og hefur vakið mikla athygli á netinu.




# Voru djöflarnir geimfarar?

BÆKUR

**Boðskapur Lúsífers**
Tom Egeland. Kristín R. Thorlacius þýddi.
JPV-ÚTGÁFA

Norðmaðurinn Tom Egeland skrifar bækur í svipuðum dúr og Dan Brown og var reyndar fyrri til að skrifa um hjónaband Jesú Krists og Maríu Magdalenu og afkomendur þeirra, en vill þó ekki meina að Brown hafi stælt sig og stolið plottinu. Sumar hugmyndir séu bara í andrúmsloftinu og algengt að höfundar grípi þær á sama tíma.

Boðskapur Lúsífers er fjórða bók Egelands sem kemur út á íslensku og sem fyrr er það albínóinn Björn Beltö, norskur fornleifafræðingur, sem er í hlutverki spæjarans. Að þessu sinni finnur hann hluta forns handrits í Kænugarði og lendir um leið í hringiðu djöfladýrkunar, alþjóðlegrar rannsóknar sem rekin er af CIA og ástarsambandi við dularfulla konu frá Amsterdam. Inn í söguna fléttast svo saga ítalsks djöflafræðings sem horfið hafði af yfirborði jarðar um 1970 eftir að hafa fengið í hendur svipað handrit.

Það skortir ekkert á æsilega atburði í Boðskap Lúsífers, morðin reka hvert annað og Beltö er á stöðugum flótta, dauðhræddur um líf sitt. Grimmdarverkin falla þó algerlega í skuggann af „fræðitextum“ ýmiss konar sem smátt og smátt raðast saman í ótrúlega sögu sem ansi erfitt er að trúa og hrífast með í. Grunnspurning rannsóknarinnar er: hver var Lúsífer? Hvaðan kom hann? Hver var hlutverk hans? Og eins og gefur að skilja þarf að spinna allhressilega til að koma kenningu höfundarins og lausn gátunnar heim og saman. Eflaust bráðskemmtilegar pælingar fyrir þá sem hrífast af slíkum fræðum, en ansi seigar undir tönn fyrir efasemdamenn.

Stærsti galli sögunnar sem glæpasögu er þó hve lítil spenna er í henni. Hún fer hressilega af stað og til að byrja með er lesandinn spenntur fyrir því hvaða öfl það eru sem etja kappi við Beltö um handritið, myrða samstarfsfólk hans og hafa greinilega komið ítalska djöflafræðingnum fyrir kattarnef 30 árum fyrr. Þegar á líður fer þó hinn „fræðilegi“ hluti sögunnar að taka æ meira pláss, botninn dettur úr spennusögunni og eftir standa ansi langsóttar kenningar um orsakir trúarinnar á að Lúsífer hafi verið fallinn engill. Mikil vonbrigði fyrir spennufíkla.

Friðrika Benónýsdóttir

**NIÐURSTAÐA:** Forvitnileg saga sem fer vel af stað en leiðist smám saman út í ansi langsóttar kenningar og spennan gufar upp.



## Byssusýning um helgina

Árleg byssusýning Veiðisafnsins á Stokkseyri í samvinnu við verslunina Vesturröst verður haldin 2. og 3. mars. Þar verður fjölbreytt úrval skotvopna til sýnis svo sem haglabyssur, rifflar, skammbyssur og herrifflar, ásamt ýmsu frá landskunnum söfnurum, þar á meðal Sverri Scheving Thorsteinssyni, Sigurði Ásgeirssyni, Einari frá Þverá og Drífu-haglabyssur frá Jóni Björnssyni heitnum frá Dalvík.

Jóhann Vilhjálmsson byssu- og hnífasmiður verður á staðnum og félagar úr Bogveiðifélagi Íslands kynna sína starfsemi.



**MEÐ BYSSUSÝNINGU** Páll Reynisson stendur fyrir hinni árlegu byssusýningu á Stokkseyri.

# Kynnti Winehouse fyrir heróíni

Fyrrverandi eiginmaður söngkonunnar sálugu Amy Winehouse, Blake Fielder-Civil, opnaði sig um hjónabandið í viðtali við sjónvarpsmanninn Jeremy Kyle fyrir stuttu. Þar viðurkenndi hann til dæmis að hafa kynnt Winehouse fyrir heróíni í fyrsta sinn, eiturlyfi sem hún ánetjaðist og dró hana til dauða sumarið 2011. „Auðvitað sé ég eftir þessu í dag og ég geri mér grein fyrir því að ég ber einhverja ábyrgð á dauða hennar."

Fielder-Civil er edrú í dag og á tvö börn með núverandi eiginkonu sinni. Hann giftist Winehouse í Miami árið 2007 og parið skildi 2009 eftir stormasamt hjónaband.



**OPNAÐI SIG UM HJÓNABANDIÐ** Blake Fielder-Civil viðurkenndi í sjónvarpsviðtali að hann bæri einhverja ábyrgð á dauða söngkonunnar Amy Winehouse eftir að hafa kynnt hana fyrir heróíni. NORDICPHOTOS/GETTY

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FIMMTUDAGUR 28. FEBRÚAR 2013**

### Félagsvist

**20.00** Félagsvist Rangæinga og Skaftfellinga verður haldin í Skaftfellingabúð, Laugavegi 178. Allir velkomnir og gott með kaffinu.

### Upplestur

**18.00** Illugi Gunnarsson les 21. Passíusálminn í Grafarvogskirkju í tilefni föstunnar.

### Uppákomur

**12.15** Teiknimyndahöfundurinn Hugleikur Dagsson velur og segir frá uppáhaldsverki sínu á sýningunni Flæði á Kjarvalsstöðum.

### Bókmenntir

**20.00** Menningarmiðstöðin Gerðubergi heldur bókakaffi, í samstarfi við Borgarbókasafn Reykjavíkur, Gerðubergssafn. Jón Björnsson hefur umsjón með kaffinu og fær í heimsókn til sín þær Sigrúnu Óskarsdóttur, Unni Guttormsdóttur og Jónínu Einarsdóttur.

### Málþing

**15.00** Sveitafélagið Hornafjörður efnir til ráðstefnu um orkumál á Hótel Höfn í Hornafirði. Aðgangur er ókeypis.

### Tónlist

**21.00** Hljómsveitin Skálmöld heldur tónleika í félagsheimilinu Hnífsdal. Tónleikarnir eru hluti af Íslandstúr hljómsveitarinnar sem gengur undir yfirskriftinni Myrkur, kuldi, ís og snjór 2013. Miðaverð er kr. 3.000.

**21.00** Hljómsveitin Ylja heldur tónleika á Café Rosenberg.

**21.00** Bandaríski gítarleikarinn Aaron Walker spilar á Græna hattinum á Akureyri ásamt Birni Thoroddsen og fleirum.

**22.00** Magnús Einarsson heldur tónleika í minningu George Harrison í tilefni af 70 ára afmæli hans. Fram koma góðir gestir en tónleikar verða haldnir á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

**23.00** Hljómsveitin Hellvar heldur óvenjulega tónleika á Gamla Gauknum. Tilefni tónleikana er að kveðja gítarleikarann Baldur Sívertsen, sem flytur nú til Berlínar. Klaus hitar upp fyrir hljómsveitina og aðgangur er ókeypis.

### Leiðsögn

**20.00** Sirra Sigrún Sigurðardóttir tekur þátt í leiðsögn og ræðir við gesti um sýningu sína, Brot, í Hafnarborg.

### Fyrirlestrar

**17.15** Fjórða og síðasta erindið um Tímann verður haldið í Bókasafni Kópavogs. Sigríður Kristjánsdóttir jarðeðlisfræðingur talar og aðgangur er ókeypis.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is og einnig er hægt að skrá þá inni á visir.is.*






# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




300 KRÓNA VERÐLÆKKUN

**1079** KR. KG

OS BRAUÐOSTUR
VERÐ ÁÐUR 1379 KR.KG




**259** KR. 770g

MYLLU HEIMILISBRAUÐ

KJÖT Á GÓÐ... BÓNUS KJÖ...



**1195** KR. KG

KS FROSIÐ LAMBALÆRI

KJÖT Á GÓ... ÐI Í BÓNUS KJÖ...




**1398** KR. KG

KF FERSKT KRYDDAÐ HEIÐA-LAMBALÆRI

## BÓNUS GRILL-GRÍSAKJÖT

BÓNUS Grillkjöt



**1298** KR. KG

BÓNUS KRYDDAÐUR GRÍSAHNAKKI

**1298** KR. KG

BÓNUS KRYDDAÐAR GRÍSAKÓTILETTUR




**1198** KR. KG

ALI BAYONNESKINKA
1.FLOKKUR ÚR GRÍSALÆRI

## ÓDÝRUSTU KJÚKLINGABRINGURNAR Í BÓNUS

**1579** KR. 900 GR

EUROSHOPPER FROSNAR 900 GR




## BÓNUS ÍS 2 LTR.

SÚKKULAÐI-VANILLU-JARÐARBERJA




**359** KR. 2 ltr

100% UNGNAUTAGÚLLAS




**2198** KR. KG

## FROSIN ÍSLENSK BLEIKJA



**1498** KR. KG

norðanfiskur

*FROSIN* BLEIKJA BREINHREINSUÐ M.ROÐI




**198** KR. 200 G

BÓNUS RIFIN PIZZABLANDA




**398** KR.500G

BÓNUS KAFFI 500 gr

100% UNGNAUTASNITSEL




**2198** KR. KG

## SJÓFRYST ÝSUFLÖK



**1259** KR. KG

norðanfiskur

*SJÓFRYST* ÝSUFLÖK ROÐ & BEINLAUS

100% UNGNAUTAHAKK




**1398** KR. KG




**198** KR. 2 LTR.

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS EKKERT BRUÐL

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS




# Samkvæmt könnun tímaritsins „Frjáls verslun" á vinsældum fyrirtækja árið 2013, hlaut Bónus **langflest atkvæði** matvöruverslana.

Takk fyrir valið og stuðninginn íslenskir neytendur.
**Starfsfólk Bónus**

BÓNUS EKKERT BRUÐL

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur



## TÓNNINN GEFINN

Trausti Júlíusson



**FURÐUVERA** Chimera útgáfan heitir eftir skepnu úr grískri goðafræði.

# Innlifun með Thurston, Kim og Yoko

Eitt af eftirminnilegustu atriðunum á Iceland Airwaves 2011 var Chimera-kvöldið í Norðurljósasal Hörpu. Þar kom Yoko Ono fram ásamt Plastic Ono Band, en einnig nokkur önnur nöfn sem tengjast útgáfunni sem sonur Yokoar, Sean Ono Lennon, stofnaði ásamt kærustunni Charlotte Kemp Muhl árið 2009.

Chimera er nafnið á eldspúandi furðuveru úr grískri goðafræði. Hún er ljón að framan, geit í miðju og dreki að aftan. Með svona nafn er hægt að gera hvað sem er og það kemur engum á óvart að Chimera helgar sig tilraunkenndri tónlist að stórum hluta, þó að inn á milli leynist poppaðri hlutir. Á meðal listamanna útgáfunnar eru Sean sjálfur (kvikmyndaplatan Alter Egos er nýkomin út), stúlknadúettinn Kemp & Eden og japanska parið MI-GU sem einmitt spilaði í Hörpunni. Sú plata sem hefur vakið hvað mesta athygli er samt samstarfsplata Yokoar Ono, Thurstons Moore og Kim Gordon úr Sonic Youth.

Platan, sem heitir einfaldlega YOKOKIMTHURSTON, er fyrsta samstarfsverkefnið sem kemur út með Kim og Thurston frá því að þau slitu samvistum eftir 27 ára samband. Þau hafa lengi verið miklir aðdáendur Yokoar. Á plötunni eru sex verk, sem flest eru nálægt tíu mínútum að lengd. Þetta er innlifunarkennd spunatónlist. Yoko syngur (eins og henni einni er lagið) og Kim og Thurston búa til misháværar gítarhljóðmyndir undir. Í laginu Running The Risk lesa þau svo tilviljanakennt upp úr blaðagreinum. Mjög í anda hugmyndalistar Yokoar. Platan hefur fengið misjafna dóma, enda er Yoko ekki allra. Breska blaðið Wire gaf henni samt mjög góða dóma.

Yoko varð áttræð um daginn, en er enn á fullu. Hún treður reglulega upp með Ono Bandinu og mun sjá um að velja atriðin á Meltdown-tónlistarhátíðina í London í sumar.











**ÞRIÐJA PLATAN** Kate Nash gefur út sína þriðju plötu, Girl Talk, eftir helgi. NORDICPHOTOS/GETTY

# Syngur um hvernig það er að vera kona

### Þriðja plata ensku tónlistarkonunnar Kate Nash, Girl Talk, kemur út eftir helgi.

Enska tónlistarkonan Kate Nash gefur út sína þriðju plötu, Girl Talk, eftir helgi. Hún segir plötuna vera „yfirlýsingu um hvernig það er að vera kona“.

Nash fæddist í London árið 1987 og var móðir hennar írsk en faðirinn enskur. Eftir að hafa gengið í kaþólskan skóla ákvað hún að læra leiklist. Hún sótti um inngöngu í hinn virta leiklistarskóla Bristol Old Vic en fékk ekki inngöngu. Sagan segir að skömmu síðar hafi hún dottið í stiga og fótbrotnað. Þegar hún var heima að jafna sig keypti mamma hennar gítar handa henni og byrjaði hún í framhaldinu að snúa sér að tónlistinni.

Ísland kemur við sögu í uppgangi hennar því eftir að hafa sett tónlist sína inn á Myspace fóru hjólin að snúast. Fyrsta smáskífan hét Caroline´s a Victim og var tekin upp á Íslandi af Valgeiri Sigurðssyni. Lagið náði vinsældum á Myspace og var gefið út af Moshi Moshi árið 2007.

Annað smáskífulag hennar Foundations náði öðru sæti á breska smáskífulistanum og skömmu síðar kom út fyrsta platan, Made of Bricks, á vegum Fiction Records. Hún náði efsta sæti á breska listanum og í framhaldinu var Nash kjörin besti kvenkyns tónlistarmaðurinn á Brit-verðlaununum.

Næsta plata, My Best Friend Is You, kom út 2010 og var Bernard Butler, fyrrum gítarleikari Suede, upptökustjóri hennar. Hann hafði áður verið einn af upptökustjórum Rockferry, fyrstu plötu Duffy. Nash sendi frá sér þrjár smáskífur af þeirri plötu en engin þeirra náði álíka vinsældum og Foundations. Hæst náði platan áttunda sæti á breska listanum.

Í fyrra kom svo út EP-platan Death Proof sem var nefnd í höfuðið á samnefndri kvikmynd Quentins Tarantino en leikstjórinn er í miklu uppáhaldi hjá henni.

Auk tónlistarferilsins hefur Nash verið að færa sig upp á skaftið í leiklistinni. Hún fór með lítið hlutverk í Greeting From Tim Buckley, sem fjallar um tónlistarmanninn Jeff Buckley, og hún leikur einnig í myndunum Syrup og The Powder Room.

freyr@frettabladid.is

**1**

Fyrsta plata Katie Nash, Made of Bricks, náði efsta sæti breska listans.

## Styður við bakið á góðum málefnum

Kate Nash er mikill mannvinur og hefur lagt sitt af mörkum til stuðnings hinum ýmsu málefnum. Hún notaði Myspace og Facebook til að vekja athygli á ungri stúlku sem hafði misst báðar hendurnar og aðstoðaði við söfnun fyrir gervihöndum á eBay. Í uppþotunum í Englandi árið 2011 safnaði hún peningum fyrir þá sem misstu heimilið í Tottenham og hún studdi einnig við bakið á hljómsveitinni Pussy Riot þegar hún var fangelsuð í Rússlandi. Nash er einnig nýkomin heim frá Gana þar sem hún var sendiherra fyrir bandarísku góðgerðarsamtökin Plan International USA.

## 21.2.2013 → 27.2.2013



### LAGALISTINN

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Ásgeir Trausti | *Nýfallið regn* |
| ▲ | 2 | Rihanna / Mikky Ekko | *Stay* |
| ▲ | 3 | Eyþór Ingi | *Ég á líf* |
| ▲ | 4 | Valdimar | *Yfir borgina* |
| ▼ | 5 | Retro Stefson | *Julia* |
| ▼ | 6 | Frank Ocean | *Lost* |
| ▲ | 7 | Moses Hightower | *Háa C* |
| ▲ | 8 | Lumineers | *Stubborn Love* |
| ▼ | 9 | Bruno Mars | *Locked Out of Heaven* |
| ▼ | 10 | Jónas Sigurðsson | *Fortíðarþrá* |

### TÓNLISTINN

| | Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Ásgeir Trausti | *Dýrð í dauðaþögn* |
| ▲ | 2 | Retro Stefson | *Retro Stefson* |
| ▼ | 3 | Ýmsir | *Söngvakeppnin 2013* |
| ▲ | 4 | Valdimar | *Um stund* |
| ▶ | 5 | Raggi Bjarna | *Dúettar* |
| ▲ | 6 | Hjaltalín | *Enter 4* |
| ▶ | 7 | Skálmöld | *Börn Loka* |
| ▲ | 8 | Jónas Sigurðsson | *Þar sem himin ber við haf* |
| ▼ | 9 | Of Monsters and Men | *My Head Is an Animal* |
| ▼ | 10 | Moses Hightower | *Önnur Mósebók* |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.



DEBENHAMS
Gerðu lífið skemmtilegra
2 í pakka
Verð áður kr. 3.790,-
Verð nú kr. 3.022,-
Verð áður kr. 3.990,-
Verð nú kr. 3.192,-
20%
AFSLÁTTUR
af öllum dömu, herra og barna sundfötum
Gildir út sunnudag
Opið í kvöld til 21:00
Finndu okkur á facebook
DEBENHAMS SMÁRALIND
KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR


KON-TIKI

★☆☆☆☆
**A Good Day to Die Hard**
„Ófyrirgefanleg afskræming á klassískri seríu. Þetta er búið.“

★★★★☆
**Hvellur**
„Prælskemmtileg og fróðleg mynd um stórmerkilegan atburð.“

★★★★★
**Kon-Tiki**
„Ógleymanleg mynd um hreint út sagt ótrúlegan atburð.“

★★★★☆
**Jack Reacher**
„Fantagóður formáli þess sem gæti orðið góð sería.“

★★★★☆
**The Last Stand**
„Schwarzenegger stenst endurtökuprófið með glæsibrag.“

★★★★☆
**Amour**
„Besta mynd Haneke til þessa.“

★★★☆☆
**Lincoln**
„Spielberg fyrirgefst hestamyndin, en hann getur gert betur en þetta.“

★★★☆☆
**XL**
„Eftirminnileg frammistaða Ólafs Darra ber uppi vel gerða mynd, sem nær því þó ekki að teljast afbragðsgóð.“

# Argo aftur í bíóhúsin

Óskarsverðlaunamyndin sýnd í takmarkaðan tíma.

Stórmyndin Argo hlaut þrenn verðlaun á Óskarsverðlaunahátíðinni síðastliðið sunnudagskvöld, þar á meðal sem besta myndin. Í tilefni af því tóku Sambíóin myndina aftur til sýninga í bíóhúsum sínum síðastliðinn mánudag og verður hægt að sjá hana á hvíta tjaldinu í takmarkaðan tíma.

Myndin, sem var frumsýnd hér á landi 9. nóvember síðastliðinn, er byggð á sannri sögu og segir frá því þegar íranskir uppreisnarmenn hertóku bandaríska sendiráðið í Teheran þann 4. nóvember árið 1979. Það er Ben Affleck sem fer með aðalhlutverkið í myndinni auk þess sem hann leikstýrir henni og framleiðir hana, en athygli vakti að hann hlaut ekki tilnefningu til Óskarsins fyrir leikstjórnina.


Á SÍÐASTA SÉNS Björn Thors fer með hlutverk drykkfellds blaðamanns í kvikmyndinni Þetta reddast. Börkur Gunnarsson leikstýrir myndinni og skrifar einnig handritið að henni.

# Blaðamaður á ystu nöf í lífi og starfi

Kvikmyndin Þetta reddast verður frumsýnd annað kvöld. Þetta er fyrsta íslenska kvikmynd Barkar Gunnarssonar, sem byggir handritið á eigin reynslu.

Íslenska kvikmyndin Þetta reddast verður frumsýnd í Sambíóunum annað kvöld. Myndin er fyrsta íslenska mynd Barkar Gunnarssonar, en áður hefur hann leikstýrt tékknesku myndinni Sterkt kaffi sem var frumsýnd árið 2004.

Myndinni er lýst sem raunsærri gamanmynd og segir frá ungum blaðamanni sem kominn er á síðasta séns, bæði í vinnunni og í sambandinu, vegna óhóflegrar drykkju. Björn Thors fer með hlutverk blaðamannsins Villa sem reynir að bjarga sambandi sínu með því að bjóða kærustunni í rómantíska ferð á Búðir. Babb kemur í bátinn þegar ritstjóri blaðsins sendir Villa í vinnuferð í Búrfellsvirkjun sömu helgi og ferðin á Búðir var áætluð. Þar sem Villi er kominn á síðasta séns í vinnunni ákveður hann að slá tvær flugur í einu höggi og sameina vinnuferðina og rómantísku helgina með kærustunni. Með önnur hlutverk fara Guðrún Bjarnadóttir, sem leikur kærustu Villa, Jón Páll Eyjólfsson, Maríanna Clara Lúthersdóttir, Halldór Gylfason, Ingvar E. Sigurðsson, Edda Björgvinsdóttir og Katla María Þorgeirsdóttir.

Myndin var tekin upp í Reykjavík og við Búrfellsvirkjun sumarið 2009. Börkur segir eftirvinnslu myndarinnar hafa verið tímafreka og það útskýri hvers vegna myndin hafi ekki verið frumsýnd fyrr en núna. „Myndin var eiginlega alveg tilbúin árið 2010. Þá var ákveðið að fínisera nokkrar senur í klippiherberginu, þar sem hún festist í dágóðan tíma. Nú er hún orðin aðeins betri og allir sáttir,“ sagði Börkur í viðtali við Fréttablaðið í janúar.

Börkur hefur starfað sem blaðamaður á hinum ýmsu miðlum og byggir handritið á reynslu sinni í blaðamannaheiminum. Hann segir alla miðla eiga sinn alka og telur að flestir muni kannast við týpuna sem Björn leikur. - sm






# Afmælisbarn og hetja frá Baab

Framtíð Jeffs Chang og mannkynsins er í hættu í frumsýningum helgarinnar.

21 árs afmælisdagur Jeff Chang kemur upp degi fyrir mikilvægasta próf lífs hans, inntökuprófið í læknisfræði. Þar sem hann er undir mikilli pressu úr ýmsum áttum, aðallega frá föður sínum, að gera góða hluti í prófinu ákveður hann að fresta öllum afmælisfögnuði þar til prófið er afstaðið. Vinir hans eru þó ekki alveg sammála þeim fyrirætlunum hans og sannfæra Jeff um að kíkja aðeins upp úr bókunum og koma með sér út í einn bjór til að skála fyrir deginum. Eins og við er að búast dregur þessi eini bjór töluverðan dilk á eftir sér og áður en Jeff veit af er öll framtíð hans í hættu. Myndin ber heitið 21 and Over og kemur frá þeim sömu og skrifuðu Hangover-myndirnar, The Change-Up og Ghosts of a Girlfriends Past til að nefna nokkrar. Myndin skartar Twilight-leikaranum Justin Chon í aðalhlutverki.

Þrívíddarteiknimyndin Flóttinn frá Jörðu verður einnig frumsýnd um helgina. Myndin fjallar um hetjuna Scorch Supernova frá plánetunni Baab. Scorch er dáður af eigin kyni, Bláverjum, sem vita þó fæstir að flestöll hans hetjuverk skrifast á yngri bróður hans, Gary. Þegar neyðarkall berst frá plánetunni Jörð býðst Scorch til að taka að sér verkefnið þrátt fyrir að Gary styðji ákvörðunina ekki enda Jörðinni stjórnað af mönnum, verum sem ekki er vel við geimverur. Scorch tekur þó engum sönsum og heldur af stað. Hann er ekki fyrr lentur á Jörðinni en hann er handsamaður og nú er það á herðum Gary að koma honum til bjargar. Myndin er sýnd með íslensku og ensku tali. - trs


EINN BJÓR Vinir Jeffs Chang sannfærðu hann um að fagna afmælisdeginum með einum bjór, daginn fyrir inntökuprófið í læknisfræði. Hlutirnir fóru þó að sjálfsögðu ekki eins og ákveðið hafði verið.

**21 and over**
kemur frá þeim sömu og skrifuðu Hangover-myndirnar, The Change-Up og Ghosts of a Girlfriends Past til að nefna nokkrar.

GOÐI

netto
Kræsingar & kostakjör



# VERÐSPRENGJA!
## BLANDAÐ SÚPUKJÖT
## 599 KR/KG

**www.netto.is** | Mjódd · Salavegur · Hverafold · Akureyri · Höfn · Grindavík · Reykjanesbær · Borgarnes · Egilsstaðir · Selfoss |
Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.

# Kettir eiga stóran sess í hjörtum fólks

Friðrik J. Martell og Sólrún Gunnarsdóttir komu á fót síðunni Kattavaktin á Facebook. Þar getur fólk auglýst eftir týndum köttum og fengið aðstoð við leitina.

Friðrik J. Martell sálfræðinemi og eiginkona hans, Sólrún Gunnarsdóttir fiðluleikari, standa að baki síðunni Kattavaktin sem er á samskiptamiðlinum Facebook. Síðan telur 525 meðlimi og er markmið hennar að deila upplýsingum um týnda ketti.

Friðrik og Sólrún eru búsett í Vesturbæ Reykjavíkur þar sem mikið er um ketti. „Raunin er sú að kettir eiga mjög stóran sess í hjörtum margra og í hverfi eins og Vesturbænum er mikið af fólki sem þekkir nágrannakettina vel. Okkur datt í hug hvort það væri ekki sniðugt að virkja þetta fólk í leitinni að týndum köttum,“ útskýrir Friðrik þegar hann er inntur eftir því hver hvatinn hafi verið að baki stofnun síðunnar. Hann segir fólk duglegt að fylgjast með færslum inni á síðunni og veit til þess að einn köttur hafi skilað sér heim vegna hennar.

„Fólk er mjög duglegt að fylgjast með og nú er til dæmis verið að skipuleggja leit að einum ketti sem hvarf úr hverfinu. Sá hefur verið týndur í um tvær vikur og nýverið bárust fréttir af honum í slæmu ástandi við Eiðistorg. Við hjónin erum ekki bílandi þannig við nýtum gjarnan göngutúrana okkar í að svipast um eftir týndum köttum.“

Hjónin eiga sjálf tvo ketti; kettlinginn Bilbó og hinn sjö ára gamla Svein. Báðir kettirnir eru innikettir en að sögn Friðriks slapp Sveinn eitt sinn út skömmu eftir að þau höfðu tekið hann að sér. „Við könnumst við áhyggjurnar sem fylgja því að týna ketti. Þeir eru mikilvægir fjölskyldumeðlimir og margir upplifa tilfinningalega krísu þegar kettirnir týnast. Sérstaklega þegar fólk veit ekki hvað varð um dýrin og skilur ekkert í því af hverju þeir birtast ekki á síðu Kattholts eða hjá Lögreglunni þrátt fyrir að vera örmerktir.“

Áður en Friðrik hóf nám í sálfræði nam hann mannfræði við Háskóla Íslands. Hann viðurkennir að þessi sterku tengsl sem fólk myndar við dýrin sín veki áhuga hans. „Ég er nú ekki kominn nógu langt í sálfræðináminu til að rannsaka þetta efni en þetta tengist áhugasviðinu,“ segir hann að lokum.

sara@frettabladid.is



**AÐSTOÐAR VIÐ LEIT Á KÖTTUM** Friðrik J. Martell og eiginkona hans, Sólrún Gunnarsdóttir, starfrækja síðuna Kattavaktina á Facebook. Þangað getur fólk leitað hafi það týnt ketti sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

**525**

meðlimir eru skráðir á Facebook-síðuna Kattavaktin

# Gæti þurft að greiða 23 milljónum bætur

Lögsókn gegn Apple verður tekin fyrir á morgun.

Apple-fyrirtækið gæti þurft að borga meira en 23 milljónum áskrifenda iTunes skaðabætur vegna barna sem hafa keypt öpp eða hluti tengda öppum án þess að fá til þess leyfi frá foreldrum sínum. Frá þessu er greint á vef BBC.

Málið má rekja til lögsóknar frá því í apríl 2011. Þá krafðist maður að nafni Garen Meguerian skaðabóta vegna þess að níu ára gömul dóttir hans hafði, að hans sögn, keypt app-vörur fyrir um það bil 25.000 íslenskar krónur án hans vitneskju. Fleiri lögsóknir af svipuðum meiði fylgdu í kjölfarið en á þeim tíma gátu notendur slegið inn leyniorð og keypt app-vörur næstu fimmtán mínúturnar án þess að slá leyniorðið inn aftur. Síðan þá hefur stillingunum verið breytt og nú þarf að slá inn leyniorð fyrir hver kaup sem gerð eru.

Málið verður tekið fyrir í réttarsal í Kaliforníu á morgun.



**ÁN LEYFIS** Mörg börn virðast hafa keypt app-vörur í gegnum símann án þess að fá til þess leyfi hjá foreldrum sínum.






# Lengi lifir í gömlum glæðum

Fyrir um tveimur árum var ég með fyrirlestur um kynlíf aldraðra á Hrafnistu. Fyrirlesturinn var fyrir eldri borgara og starfsfólk. Mörgum kann að þykja þetta vera ákveðin mótsögn því oftar en ekki eru eldri borgarar taldir kynlaus krútt sem prjóna sokka og spila félagsvist. Kynlöngun á að vera þeim dauð úr öllum æðum og orð eins og „kynsjúkdómar“ og „smokkar“ slanguryrði nútímans. Sannleikurinn er hins vegar allt annar. Með framförum í læknavísindum og bættum lífsskilyrðum og mataræði getum við nú lifað lengur og gert þá kröfu um að lífið sé fullnægjandi til æviloka. Í fyrirlestrinum reifaði ég bakgrunnsupplýsingar um kynhegðun eldri borgara, að mestu byggðar á tölum frá útlöndum, en benti á að nýlega hefði eldri borgari greinst með klamydíu og það hér á Íslandi. Ég þarf kannski ekki að minna lesendur á að við eigum, jú, Norðurlandamet í kynsjúkdómasmiti og það er engin ástæða til að ætla að eldri borgarar séu ónæmir fyrir slíku. Þegar ég forvitnaðist um það hjá starfsfólkinu hvort kynsjúkdómaskoðun væri hluti af heilsufarsskoðun eldri borgara var fátt um svör. Engum datt hreinlega í hug að það þyrfti að huga að slíku. Vissulega minntust sumir starfsmenn á að það verða til ný sambönd á Hrafnistu en leiddu kannski ekki hugann að því að krumpuð typpi geta komist í reisn og að konur geta haft kenndir langt fram eftir aldri.

Þetta var hins vegar ekki mikilvægasta hugleiðingin í tengslum við kynlíf þeirra sem vitrari eru. Sjálfræði, næði og einkalíf voru framandi hugtök. Það að banka áður en ætt er inn í herbergin þótti sérstakt og gekk ég meira að segja svo langt að stinga upp á því að heimilisfólk gæti hengt miða á hurðarhúninn, ef það vildi alls ekki verða fyrir ónæði, ekki ósvipað því sem þekkist á flestöllum hótelum víða um heim. Starfsfólkið tók vel í þessa hugmynd því vissulega vill hver og einn einstaklingur geta átt sitt einkalíf þótt það þurfi ekki að tengjast kynlífi á neinn hátt. Nú veit ég ekki hvort þessi hugmynd hafi orðið að veruleika en ég vona að svo sé. Þá ber að taka fram að ættingjar geta verið þó nokkur hindrun. Sumum þykir óþægilegt, jafnvel óviðeigandi, að amma gamla eigi kærasta. Því langar mig að læða að ættingjum að virða sjálfræði og einkalíf þeirra sem eldri eru. Eftir að hafa lokið við puðið sem fylgir barnauppeldi, heimilisþrifum, hjónabandi og fjárhagskröggum langar afa bara að fá að eiga sína kærustu og horfa með henni á mynd og kannski kela smá. Reynum að sýna eldri borgurum okkar stuðning og nærgætni og munum að oft geta tilfinningar verið í spilinu. Við skulum ekki dæma þennan hóp sem einsleitan, slappan og getulausan. Svo væri ekki vitlaust að lauma nokkrum smokkum, og kannski sleipiefni, með í næstu heimsókn.



**KYNLÍF TAKTU ÞÁTT!**
Sendu Siggu Dögg póst og segðu henni frá vandamáli úr bólinu. Lausnin gæti birst í Fréttablaðinu.
kynlif@frettabladid.is



**MILLJÓN DALA MILAN** Þegar hafa milljónir dollara verið gefnar til UNICEF í nafni Milans Piqué Mebarak, nýfædds sonar Shakiru og Gerards Piqué. Þessi mynd var sett á síðu UNICEF í tengslum við söfnunina, en hún er sú fyrsta og eina sem birst hefur af honum hingað til. NORDICPHOTOS/GETTY

# Steypiboð Shakiru til styrktar UNICEF

Eins og flestir vita eignuðust söngkonan Shakira og fótboltastjarnan Gerard Piqué sitt fyrsta barn, soninn Milan Piqué Mebarak, þann 22. janúar síðastliðinn. Að bandarískum sið ákvað parið að halda steypiboð (e. baby shower) fyrir soninn en breytti þó örlítið út af vananum.

Venjulega mætir fólk í slík boð með gjafir barninu til handa. Shakira og Piqué ákváðu þó að nýta tækifærið til að aðstoða þá sem minna mega sín og hvöttu aðdáendur sína og vini til að kaupa svokallaðar Sannar gjafir UNICEF, sem eru lífsnauðsynleg hjálpargögn fyrir bágstödd börn. Í kjölfarið var fyrsta myndin af drengnum birt á heimasíðu UNICEF, en Shakira er velgjörðarsendiherra hjá samtökunum. Árangurinn fór fram úr björtustu vonum og nú þegar hafa milljónir dala verið gefnar í nafni Milans litla.

- trs




Merkjavörur frá:

COMPANYS Kultur gs skór galleri sautján eva

VÖRUR FRÁ: INWEAR | PART TWO | SAINT TROPEZ | SOAKED IN LUXURY | MALENE BIRGER | ILARIA NISTRI
MARITHE FRANCOIS GIRBAUD | GERALD DAREL | DKNY | DIESEL OG FLEIRI FALLEG MERKI



**FATÓ - ÚTSÖLU MARKAÐUR í kjallara evu laugavegi 26**

# Tekur starfið alvarlega

Leikarinn Daniel Day-Lewis skráði nafn sitt í sögubækurnar með því að vinna Óskarsverðlaunin í þriðja sinn sem besti aðalleikarinn fyrir hlutverk sitt í Lincoln. Aðeins Katherine Hepburn hefur náð betri árangri, eða fernum verðlaunum sem besta aðalleikkonan.



**„Ég hef ekki hugmynd um hvernig allt þetta gerðist. Ég veit að ég hef verið heppnari en ég hef nokkru sinni átt skilið á ævi minni.“**

*Day-Lewis þegar hann tók á móti Óskarnum.*

**„Það með hverjum hann vinnur er mikilvægur þáttur hvað varðar þá athygli og virðingu sem hlutverk hans fá.“**

*Michael Rosser, blaðamaður Screen International, við BBC.*

**„Það sem myndi draga miklu frekar úr mér kraft er að hoppa inn og út úr veröld sem við höfum lagt svo mikið á okkur að búa til.“**

*Day-Lewis um að halda sér í karakter á meðan á tökum stendur.*

**„Það er ótrúlegt hversu alvarlega hann tekur starf sitt. Við vitum hversu mikið hann leggur á sig. Hann er fullkomin blanda af enskum, klassískmenntuðum leikara og bandarískum „method“-leikara.“**

*Nick James, blaðamaður hjá Sight and Sound, í viðtali við BBC.*

**„Það hvernig hann vinnur er sveipað dulúð. Það hefur frést að hann hafi verið ávarpaður sem herra forseti á tökustað Lincoln og að hann hafi fengið starf sem slátrari eftir að hann tók að sér hlutverk slátrarans í Gangs of New York.“**

*Robbie Collin, blaðamaður hjá Daily Telegraph, við BBC.*

**„Hvorugt okkar leyfði sér að trúa því að þetta gæti gerst. Sérstaklega eftir að hann hafði unnið öll verðlaun fram að Óskarnum fyrir Gangs of New York en vann samt ekki. En einhvern veginn efaðist ég aldrei um að hann myndi vinna þrisvar.“**

*Tamasin Day-Lewis, systir Daniels, í Daily Telegraph um nýjustu Óskarsverðlaunin.*

**„Maður reynir að vinna grunnvinnuna og gefa ímyndunaraflinu lausan tauminn. Þegar það hefur tekist hefur maður enga hugmynd hvað gerist. Þannig að þessi aðferð heftir mann ekki heldur hefur þveröfug áhrif.“**

*Day-Lewis um aðferðafræðina þar sem hann sökkvir sér inn í persónuna.*

## FIMM AÐRIR DANIEL Í HOLLYWOOD



**DANIEL CRAIG** (James Bond)



**DANIEL RADCLIFFE** (Harry Potter)



**DANIEL BRÜHL** (Inglorious Basterds)



**DANIEL BALDWIN** (Homicide: Life on the Street)



**DANIEL STERN** (Home Alone)

## ÓSKARAR DAY-LEWIS OG ÓSKARSTILNEFNINGAR

- Lincoln *(2013)* - **SIGUR**
- There Will Be Blood *(2008)* - **SIGUR**
- Gangs of New York *(2003)*
- In the Name of the Father *(1994)*
- My Left Foot *(1990)* - **SIGUR**





**EINHLEYP Á NÝ** Leikkonan Michelle Williams og gamanleikarinn Jason Segel hafa slitið sambandi sínu.

NORDICPHOTOS/GETTY

## Er sambandið alveg búið?

Leikaraparið Jason Segel og Michelle Williams er hætt saman ef marka má nýjustu fréttir. Parið byrjaði saman í byrjun síðasta árs en var nokkuð lengi að staðfesta samband sitt opinberlega. Þau hafa ávallt haldið einkalífi sínu frá kastljósi fjölmiðla en síðast sást til parsins saman að fagna áramótunum í Mexíkó.

Á meðan á ástarsambandinu stóð hefur Segel kynnst dóttur Williams, Mathildu, vel en faðir hennar er leikarinn sálugi Heath Ledger. Ástæðan fyrir sambandsslitunum ku vera ströng dagskrá hjá báðum leikurunum en Williams er þessa dagana að kynna nýjustu mynd sína Oz: The Great and Powerful.






# Mjúkar línur frá hinu ítalska Missoni-húsi

Hönnun Missoni vakti athygli á tískuvikunni í Mílanó. Enn hefur ekkert spurst til forstjóra fyrirtækisins sem hvarf ásamt eiginkonu sinni í byrjun ársins.

Ítalska tískuhúsið Missoni var á meðal þeirra er sýndu haust- og vetrarlínur sínar á tískuvikunni í Mílanó um helgina. Línan þótti vel heppnuð, en flíkurnar minnti marga á náttfatnað og yfirhafnirnar á náttsloppa. Þessu var blandað saman við netaboli, -skó og -sokkabuxur og virkuðu andstæðurnar vel saman. Svörtum, gráum og hvítum litatónum var svo blandað saman við sterkari liti líkt og eiturgrænan, bláan og appelsínugulan.

Tískuhúsið er fjölskyldufyrirtæki og í byrjun janúar hvarf flugvél með Vittorio Missoni, forstjóra fyrirtækisins, eiginkonu hans, Mauriziu Castiglioni, og tveimur öðrum innanborðs undan strönd Venesúela. Í vikunni bárust þær fregnir að flugvélarflak hefði fundist við strönd eyjarinnar Curacao. Enn er óljóst hvort hér er komið flak flugvélarinnar sem Missoni og kona hans voru farþegar í. Hin fallega haustlína Missoni-tískuhússins var því sköpuð á heldur ömurlegum tíma í lífi fjölskyldunnar.

- sm



→ Í byrjun janúar hvarf flugvél með Vittorio Missoni, forstjóra fyrirtækisins, eiginkonu hans, Mauriziu Castiglioni, og tveimur öðrum innanborðs.




Chevrolet Spark LS 1.0 ▪ bensín ▪ bsk ▪ 5 dyra **Verð: 1.890 þús. kr.**
Chevrolet Spark LT 1.2 ▪ bensín ▪ bsk ▪ 5 dyra **Verð: 2.090 þús. kr.**

**Opið alla virka frá 9 til 18 og laugardaga frá 12 til 16**
**Verið velkomin í reynsluakstur og kaffi**

Bílabúð Benna
Sérfræðingar í bílum

Tangarhöfða 8 ▪ 590 2000 | Njarðarbraut 9 ▪ Reykjanesbæ ▪ 420 3330 | Bílaríki ▪ Glerárgötu 36 Akureyri ▪ 461 3636 | www.benni.is

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075

DENZEL WASHINGTON FLIGHT 2 ÓSKARSTILNEFNINGAR!
M.A. BESTA LEIKKONAN Í AUKAHLUTVERKI Vesalingarnir 8 ÓSKARSTILNEFNINGAR
ZERO DARK THIRTY
SÝND Í 3D(48 ramma) HOBBIT

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| FLIGHT | 6, 9 | 12 |
| ZERO DARK THIRTY | 9 | 16 |
| VESALINGARNIR | 6, 9 | 12 |
| THE HOBBIT 3D | 6(48R) | 12 |

SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is

JEREMY IRONS – EMMA THOMPSON – VIOLA DAVIS BEAUTIFUL CREATURES
MÖGNUÐ ÆVINTÝRAMYND BYGGÐ Á METSÖLUBÓKUNUM UM LENU SEM BÝR YFIR YFIRNÁTTÚRULEGUM KRÖFTUM
TILNEFND TIL 2 ÓSKARSVERÐLAUNA DENZEL WASHINGTON FLIGHT
BRÁÐSKEMMTILEG GAMANMYND THIS IS 40
3 ÓSKARSVERÐLAUN ÞAR Á MEÐAL BESTA MYNDIN ARGO
HE'S STILL DEAD BUT HE'S GETTING WARMER WARM BODIES

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| BEAUTIFUL CREATURES | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| BEAUTIFUL CREATURES VIP | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | VIP |
| FLIGHT | KL. 5:30 - 8 - 10:10 | 12 |
| WARM BODIES | KL. 8 - 10:10 | 16 |
| HANSEL AND GRETEL | KL. 8:20 - 10:50 | 16 |
| PARKER | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| FJÖLSKYLDUDAGAR TILBOÐ 590 KR. MIÐAVERÐ | | |
| MONSTERS INC ÍSLTAL3D | KL. 5:50 | L |
| WRECK-IT RALPH ÍSLTAL | KL. 5:50 | L |
| ÖSKUBUSKA Í VILLTA VESTRINU ÍSLTAL | KL. 6 | L |

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| BEAUTIFUL CREATURES | KL. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| FLIGHT | KL. 5:20 - 8 - 10:10 | 12 |
| ARGO | KL. 5:20 - 8 - 10:10 | 14 |
| WARM BODIES | KL. 5:50 - 8 | 16 |
| PARKER | KL. 10:30 | 16 |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| BEAUTIFUL CREATURES | KL. 8 - 10:40 | 12 |
| THIS IS 40 | KL. 5:10 - 8 - 10:45 | 12 |
| THE IMPOSSIBLE | KL. 8 | 12 |
| BULLET TO THE HEAD | KL. 10:20 | 16 |
| FJÖLSKYLDUDAGAR TILBOÐ 590 KR. MIÐAVERÐ | | |
| MONSTERS INC ÍSLTAL3D | KL. 5:50 | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| BEAUTIFUL CREATURES | KL. 8 | 12 |
| FLIGHT | KL. 10:20 | 12 |
| BULLET TO THE HEAD | KL. 8 - 10:20 | 16 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| BEAUTIFUL CREATURES | KL. 8 | 12 |
| FLIGHT | KL. 10:40 | 12 |
| THIS IS 40 | KL. 8 | 12 |
| BULLET TO THE HEAD | KL. 10:20 | 16 |

FJÖLSKYLDUDAGAR Í SAMBÍÓUNUM 590.kr miðinn*

SMÁRABÍÓ SUZUKI
TRAVIS PASTRANA NITRO CIRCUS 3D
AÐEINS EIN SÝNING! FÁIR MIÐAR EFTIR! MIÐASALA Á MIÐI.IS
HÁSKÓLABÍÓ
"FRÁBÆR!" - H.S.S., MBL
9/10 "SKYLDUÁHORF!" - T.V., BÍÓVEFURINN.IS
91% ROTTEN TOMATOES 8.4 IMDB
JAGTEN THE HUNT
BRUCE WILLIS A GOOD DAY TO DIE HARD LÚXUS Yippie-Ki-Yay!
Frá þeim sömu og færðu okkur KNOCKED UP THIS IS 40
2 ÓSKARSVERÐLAUN M.A. BESTI LEIKARI ÁRSINS DANIEL DAY-LEWIS LINCOLN -EMPIRE
"MÖGNUÐ MYND Í ALLA STAÐI" -V.J.V., SVARTHÖFÐI BYGGÐ Á SÖNNUM ATBURÐUM KON-TIKI

| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR | 5% |
|---|---|---|
| NITRO CIRCUS 3D | KL. 8 | L |
| THIS IS 40 | KL. 5 - 8 - 10 | 12 |
| DIE HARD 5 | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| DIE HARD LÚXUS | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 16 |
| LAST STAND | KL. 10.45 | 16 |
| HÁKARLABEITA 2 | KL. 3.30 | L |
| THE HOBBIT 3D | KL. 4.30 | 12 |
| LIFE OF PI 3D | KL. 5.20 | 10 |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | 5% |
|---|---|---|
| JAGTEN (THE HUNT) | KL. 6 - 8 - 10.30 | 12 |
| THIS IS 40 | KL. 9 | 12 |
| DIE HARD 5 | KL. 10.30 | 16 |
| KON-TIKI | KL. 5.30 - 8 | 12 |
| LINCOLN | KL. 9 | 14 |
| VESALINGARNIR | KL. 5.50 | 12 |

| BORGARBÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | |
|---|---|---|
| THIS IS 40 | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| DIE HARD 5 | KL. 8 - 10 | 16 |
| HVELLUR | KL. 5.40 | L |

facebook./smarabio • facebook./haskolabio

# Dimmari og kraftmeiri Bloodgroup

TÓNLIST ★★★★☆

**Bloodgroup**
Tracing Echoes
**KÖLSKI**



**TRACING ECHOES** „Platan hefur sterkan heildarsvip en lögin eru samt ólík og ýmis tilbrigði í gangi varðandi takta og yfirbragð.“

Ég man enn vel eftir því þegar ég sá hljómsveitina Bloodgroup spila í fyrsta skipi. Það var á Iceland Airwaves 2006 á skemmtistaðnum Pravda í Austurstræti. Þá vakti hún athygli fyrir skemmtilega og dansvæna tónlist og einkar líflega sviðsframkomu. Maður skynjaði strax einhvern kraft sem sagði manni að þessi hljómsveit yrði ekki ein af þeim sem hverfa af sjónarsviðinu skömmu eftir að þær skjóta upp kollinum. Bloodgroup hefur þróast mjög mikið síðan. Tónlistin er orðin hægari, dýpri og dimmari og sveitin hefur þróað hljóðheiminn mikið. En þessi kraftur sem einkenndi hana í byrjun er enn til staðar.

Tracing Echoes er þriðja plata Bloodgroup. Önnur platan þeirra, Dry Land, kom út árið 2009. Hún fékk alþjóðlega dreifingu á vegum Sugarcane-plötufyrirtækisins, sem m.a. gefur út tónlist David Lynch, Hot Chip og Hercules & Love Affair. Nýja platan er líka gefin út af Sugarcane á alþjóðavísu en Kölski sér um útgáfuna hérlendis.

Tracing Echoes er stórt skref tónlistarlega frá Dry Land. Hljómurinn er miklu dýpri og dimmari og er eiginlega alveg magnaður. Hann minnir svolítið á tónlist níunda áratugarins, ekki síst Depeche Mode, en á sama tíma er hann öðruvísi. Virkar kraftmikill og ferskur á árinu 2013. Þykkir og rifnir syntahljómar eru áberandi, í bland við fínlegri hljóma. Það var hljómsveitin sjálf sem sá um upptökustjórn, en Ólafur Arnalds (sem er með Janusi í teknódúettinum Kiosmos) útsetti strengina og samdi eitt besta lag plötunnar, Disquiet, með hljómsveitarmeðlimum. Platan hefur sterkan heildarsvip en lögin eru samt ólík og ýmis tilbrigði í gangi varðandi takta og yfirbragð. Báðir söngvararnir, Janus og Sunna, koma mjög vel út á plötunni.



Tracing Echoes er mjög flott plata. Hún sýnir að Bloodgroup er hljómsveit sem hefur mikinn metnað og sættir sig ekki við stöðnun. Tónlistin er ekki eins dansvæn og hún var en í staðinn er hún dýpri og áhrifameiri. Ég mæli með því að spila Tracing Echoes á miklum styrk í góðum græjum. Þannig virkar hún best.

**Trausti Júlíusson**

**NIÐURSTAÐA:** Þriðja plata Bloodgroup sýnir að hljómsveitin þróast og styrkist með hverri plötu.

# Ásgeir á ferð og flugi

Hinn vinsæli Ásgeir Trausti, sem vann fern Íslensk tónlistarverðlaun fyrir skömmu, verður á faraldsfæti á þessu ári. Hann spilar á fjölda tónlistarhátíða og á stökum tónleikum víða um heim næstu mánuði. Hann samdi nýlega við bresku útgáfuna One Little Indian og kemur fyrsta platan hans út á ensku á þessu ári.

**BANDARÍKIN**
Boston 9. mars
New York 12. mars
South by Southwest
Texas 14.-16. mars
Los Angeles 18. mars
San Francisco 19. mars

**KANADA**
Canadian Music Week 22. og 23. mars

**DANMÖRK**
Upphitun fyrir Mad Langer 4.-14. apríl
Hróarskelda júlí

**FÆREYJAR**
G! Festival 20. júlí

**SLÓVAKÍA**
Pohoda-hátíðin 13. júlí

**BÚIÐ:**

**HOLLAND**
Eurosonic janúar

**NOREGUR**
by:Larm febrúar

**REYKJAVÍK**
Sónar febrúar



**Í NÓGU AÐ SNÚAST** Ásgeir Trausti hefur í nógu að snúast á þessu ári og ferðast vítt og breitt um heiminn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Múm, MØ og Metz mæta



**MÚM** Hljómsveitin Múm hefur bæst við dagskrá Airwaves.

Múm hefur bæst við dagskrá Iceland Airwaves í haust, en hljómsveitin gefur um svipað leyti út nýja plötu.

Auk hennar bætast í hópinn Sin Fang, danska söngkonan MØ, elektrópoppkvartettinn Bloodgroup, gruggpönkararnir kanadísku í Metz, draumpopparnir Young Dreams frá Noregi, hin reykvíska sveit Oyama og sænska söngkonan Sumie Nagano.

Iceland Airwaves verður haldin í fimmtánda sinn í ár, dagana 30. október til 3. nóvember, og er miðasala í fullum gangi á heimasíðu hátíðarinnar.

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS ■ Miðasala: 412 7711 ■ Hverfisgata 54 Rvík ■ www.bioparadis.is ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ ★ PARADÍS

JAGTEN
BEYOND THE HILLS
★★★★★ -Morgunblaðið ★★★★ - Rás 2 ★★★★ - Fréttablaðið HVELLUR
KON TIKI

| | | |
|---|---|---|
| THE HUNT (JAGTEN) | (12) | 17:50, 20:00, 22:10 |
| BEYOND THE HILLS | (16) | 21:30 |
| KON-TIKI | (12) | 17:50, 20:00 |
| HOLY MOTORS | (16) | 22:10 |
| HVELLUR | (L) | 20:00 |
| XL | (16) | 18:00 |

BÍÓ PARADÍS KLÚBBURINN: bioparadis.is/klubburinn
NEMAR, ÖRYRKJAR, ELDRI BORGARAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS!

# Binoche í viðræðum um hlutverk í Godzilla

Breski leikstjórinn Gareth Edwards hyggst gæða hið goðsagnakennda skrímsli nýju lífi á næstunni.

Franska Óskarsverðlaunaleikkonan Juliette Binoche á í viðræðum um að taka að sér hlutverk í Godzilla-myndinni sem áætlað er að taka upp í vor og sumar og frumsýna á næsta ári.

Það er breski leikstjórinn Gareth Edwards sem hyggst gæða hið goðsagnakennda skrímsli nýju lífi í stórmynd sem framleidd verður af Legendary Pictures í samstarfi við Warner Bros. Edwards vakti fyrst verulega athygli fyrir vísindamyndina Monsters frá 2010 og eru bundnar miklar vonir við hann í Hollywood. Edwards, sem er fæddur árið 1975, hefur ítrekað látið hafa eftir sér í viðtölum að Stjörnustríðsmyndirnar séu ástæða þess að hann gerðist kvikmyndagerðarmaður.

Enn sem komið er hefur fátt verið staðfest um leikaraval og söguþráð í nýju Godzilla-myndinni. Fyrir utan Binoche hefur þó gengið fjöllunum hærra að breski leikarinn Aaron Taylor-Johnson, sem lék John Lennon í Nowhere Boy, Elizabeth Olsen, yngri systir Olsen-tvíburasystranna, og Bryan Cranston úr Breaking Bad og Malcolm in the Middle-þáttunum, séu á óskalista leikstjórans fyrir myndina.



**JULIETTE BINOCHE** Óskarsverðlaunaleikkonan gæti tekið að sér hlutverk í nýju Godzilla-myndinni.



**BEN STILLER** Einn af mörgum gestaleikurum í nýju Arrested Development-þáttaröðinni.

## Ben Stiller verður með

Ben Stiller er nýjasti gestaleikarinn sem staðfest hefur verið að bregði fyrir í nýju þáttaröðinni af Arrested Development sem kemur á skjáinn í maí. Áður hafa stjörnur á borð við Kristen Wiig, Seth Rogen, Conan O'Brien, John Slattery og Islu Fisher verið tilkynntar sem hluti af þáttaröðinni og búist er við að fleiri stjörnur verði tilkynntar áður en langt um líður.

Stiller snýr aftur sem töframaðurinn Tony Wonder, erkióvinur GOB Bluth sem Will Arnett leikur, en gestaleikur hans þótti vel heppnaður í upphaflegu Arrested Development-þáttunum.



**SKIPULEGGJENDUR** Svavar Helgi Jakobsson og Ólafur Sverrir Jakobsson skipuleggja hátíðina. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Lebowski Fest í sjöunda sinn

The Big Lebowski Fest 2013 verður haldin í sjöunda sinn í Keiluhöllinni í Egilshöll 16. mars. Hátíðin er haldin fyrir alla aðdáendur gamanmyndarinnar The Big Lebowski. Þangað mætir fólk í búningum, drekkur hvíta rússa, slappar af og skiptist á frösum úr þessari „költ“ mynd. Fimmtán ár eru liðin síðan hún kom út með Jeff Bridges í hlutverki lata friðarsinnans The Dude.

Á hátíðinni verður haldin spurningakeppni, spiluð keila og horft á myndina, auk þess sem búningakeppni fer fram. Veitt verða verðlaun fyrir þrjú efstu sætin og einnig verða veitt heiðursverðlaunin Achiever. Miðasala fer fram á Bolur.is.



**POPPARI** Justin Timberlake naut samstarfsins við Marcus Mumford.

## Mumford tekur upp með Timberlake

Marcus Mumford, höfuðpaur Mumford and Sons, og Justin Timberlake hafa verið að taka upp tónlist saman fyrir nýjustu kvikmynd Coen-bræðra. Myndin, sem heitir Inside Llewyn Davis, skartar Carey Mulligan, eiginkonu Mumfords, í einu aðalhlutverkanna og fjallar um tónlistarmann sem reynir að öðlast frægð og frama í New York á sjöunda áratugnum.

Í viðtali við MTV sagðist Timberlake hafa notið samstarfsins. „Þetta verður ekki bara góð mynd heldur verður tónlistin í henni frábær,“ sagði söngvarinn.



## Annar línumaður meiddur




**HANDBOLTI** Kári Kristján Kristjánsson verður frá næstu átta vikurnar eftir að hafa gengist undir aðgerð vegna bakmeiðsla. Frá þessu var greint í þýskum fjölmiðlum í gær en Kári er á mála hjá Wetzlar.

Fyrir stuttu meiddist Vignir Svavarsson illa þegar hann sleit krossband í hné en báðir þessir línumenn voru í leikmannahópi Íslands á HM á Spáni í janúar. Ísland mætir Slóveníu tvívegis í undankeppni EM 2014 í byrjun apríl og ljóst er að Aron Kristjánsson landsliðsþjálfari þarf að finna nýjan línumann við hlið Róberts Gunnarssonar.

Kári Kristján er nýlega búinn að semja við Bjerringbro/Silkeborg í Danmörku og fer til liðsins í sumar. Forráðamenn Wetzlar vonast þó til þess að Kári muni ná síðustu vikum tímabilsins. - esá

## Kolbeinn líka á EM

**FRJÁLSAR** Ísland mun eiga tvo keppendur á EM innanhúss sem fram fer í Gautaborg næstkomandi helgi. Aníta Hinriksdóttir úr ÍR og Kolbeinn Höður Gunnarsson úr UFA verða fulltrúar Íslands.

Aníta náði lágmarki í 400 m hlaupi og 800 m hlaupi en mun einbeita sér algjörlega að sinni aðalgrein, sem er 800 metra hlaup. Enginn karlmaður náði lágmarki á mótið að þessu sinni en þar sem Ísland á rétt á að senda eina konu og einn karlmann á mótið var Kolbeinn valinn í liðið en hann var næstur lágmarkinu í 400 metra hlaupi. - óój

## Konráð tekinn við Aftureldingu

**HANDBOLTI** Konráð Olavsson var í gær ráðinn þjálfari Aftureldingar í N1-deild karla en hann tekur við liðinu af Reyni Þór Reynissyni sem var látinn fara. Afturelding hefur aðeins náð að vinna einn af fimm leikjum eftir HM-fríið og skoraði bara 12 og 13 mörk í síðustu tveimur leikjum sínum á móti Haukum og Fram.

Reynir Þór var búinn að þjálfa lið Aftureldingar síðan 2011 en hann tók þá við liðinu af Gunnari Andréssyni sem hætti á miðju tímabili. Konráð stýrir Aftureldingu í fyrsta sinn á móti FH í Kaplakrika í kvöld. - óój

## Jóhann Berg skoraði í sigri á Ajax

**FÓTBOLTI** Jóhann Berg Guðmundsson og félagar í AZ Alkmaar eru komnir í úrslitaleik hollensku bikarkeppninnar eftir 3-0 sigur á Ajax í Íslendingaslag í undanúrslitum keppninnar í gærkvöldi. AZ mætir PSV Eindhoven í bikarúrslitaleiknum en PSV vann 3-0 sigur á PEC Zwolle í gær. Bandaríkjamaðurinn Jozy Altidore skoraði tvö mark AZ en Jóhann Berg skoraði sitt mark aðeins fimm mínútum eftir að hann kom inn á sem varamaður. Kolbeinn kom inn á sem varamaður á 69. mínútu. - óój

## ÚRSLIT

### DOMINO'S-DEILD KVENNA

**KEFLAVÍK - GRINDAVÍK 86-58 (37-35)**
**Keflavík:** Jessica Jenkins 26, Pálína Gunnlaugsdóttir 14/8 stoðsendingar/5 stolnir, Birna Valgarðsdóttir 12/11 fráköst/4 varin, Sara Rún Hinriksdóttir 10, Bryndís Guðmundsdóttir 10/8 fráköst, Ingunn Embla Kristínardóttir 8, Aníta Eva Viðarsdóttir 3, Katrín Fríða Jóhannsdóttir 3.

**Grindavík:** Crystal Smith 18, Petrúnella Skúladóttir 8, Berglind Anna Magnúsdóttir 8, Jóhanna Rún Styrmisdóttir 6, Helga Rut Hallgrímsdóttir 6, Jeanne Lois Figeroa Sicat 3, Eyrún Ösp Ottósdóttir 3, Harpa Rakel Hallgrímsdóttir 2, Ingibjörg Yrsa Ellertsdóttir 2, Julia Sicat 2.

**NJARÐVÍK - HAUKAR 63-68 (34-26)**
**Njarðvík:** Lele Hardy 25/21 fráköst/9 stoðsendingar, Erna Hákonardóttir 16, Svava Ósk Stefánsdóttir 10, Salbjörg Sævarsdóttir 6, Guðlaug Björt Júlíusdóttir 6.

**Haukar:** Siarre Evans 20/17 fráköst, Jóhanna Björk Sveinsdóttir 14, Gunnhildur Gunnarsdóttir 10, Margrét Rósa Hálfdanardóttir 9, Dagbjört Samúelsdóttir 5, María Lind Sigurðardóttir 4, Auður Íris Ólafsdóttir 4, Sólrún Inga Gísladóttir 2.

**SNÆFELL - FJÖLNIR 92-76 (41-35)**
**Snæfell:** Kieraah Marlow 26/15 fráköst/5 stoðsendingar, Hildur Sigurðardóttir 25/7 fráköst/10 stoðsendingar, Alda Leif Jónsdóttir 17/5 fráköst/5 stoðsendingar, Berglind Gunnarsdóttir 10, Hildur Björg Kjartansdóttir 9/11 fráköst/6 stoðsendingar, Helga Hjördís Björgvinsdóttir 3, Rósa Indriðadóttir 2.

**Fjölnir:** Britney Jones 36/5 stoðsendingar, Fanney Lind Guðmundsdóttir 14, Bergdís Ragnarsdóttir 12/8 fráköst, Sigrún Anna Ragnarsdóttir 6, Hrund Jóhannsdóttir 6, Eyrún Líf Sigurðardóttir 2.

**VALUR - KR 61-62 (31-32)**
**Valur:** Jaleesa Butler 22/18 fráköst/5 varin, Kristrún Sigurjónsdóttir 19, Hallveig Jónsdóttir 10/5 stolnir, Unnur Lára Ásgeirsdóttir 5, Þórunn Bjarnadóttir 5/6 fráköst/5 stoðsendingar.

**KR:** Shannon McCallum 38/13 fráköst/8 stolnir, Ína María Einarsdóttir 5, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 4, Rannveig Ólafsdóttir 4, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 4, Helga Einarsdóttir 4, Anna María Ævarsdóttir 3.

**Sæti og stig liða:** 1. Keflavík 40, 2. Snæfell 36, 3. KR 30, 4. Valur 24, 5. Haukar 22, 6. Njarðvík 14, 7. Grindavík 12, 8. Fjölnir 6.

### ENSKA BIKARKEPPNIN

**16-LIÐA ÚRSLIT**
**MIDDLESBROUGH - CHELSEA 0-2**
**0-1 Fernando Torres (51.), 0-2 Victor Moses (73.)**
Chelsea mætir Manchester United í 8-liða úrslitum.

# ÍSÍ er ekki lokaður klúbbur

Líney Rut Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri ÍSÍ, vísar þeim fullyrðingum Haralds Nelson að ÍSÍ hafi ekki áhuga á íþróttum á bug. Hún segir sömu reglu ganga yfir alla sem hafa áhuga á því að komast inn í ÍSÍ.

**ÍÞRÓTTIR** Haraldur Dean Nelson, stjórnarmaður hjá Mjölni og faðir Gunnars Nelson, var harðorður í garð Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands, ÍSÍ, í Fréttablaðinu í gær. Þá sagði hann ÍSÍ vera lokaðan klúbb sem hefði engan áhuga á íþróttum. Haraldur benti meðal annars á að lengi hefði verið reynt að koma brasilískum jújitsú inn í ÍSÍ án árangurs.

Líney Rut Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri ÍSÍ, er ekki sammála þessari gagnrýni Haralds.

„Ég hef talað við Harald en hef reyndar ekki talað við hann í einhver ár núna. Brasilískt jújitsú er enn sem komið er ekki með neitt alþjóðasamband sem er viðurkennt af Alþjóða ólympíunefndinni og sama á við um MMA eða blandaðar bardagalistir. Það af leiðandi eigum við mjög erfitt með að taka það upp. Ég veit svo heldur ekki til þess að það liggi núna inni formleg umsókn hjá okkur fyrir brasilískt jújitsú eða MMA," segir Líney og bætir við að íþróttir þurfi að vera Ólympíuíþróttir eða viðurkenndar af Alþjóða Ólympíunefndinni til þess að komast inn í ÍSÍ.

„Jújitsú er viðurkennd íþrótt en brasilískt jújitsú er það ekki. Þetta er tvennt ólíkt."




**ALLIR EIGA MÖGULEIKA** *Líney Rut mótmælir því að ÍSÍ standi í vegi fyrir íþróttagreinum sem vilja komast inn í ÍSÍ.* FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Allar íþróttir eiga möguleika

Haraldur talaði um í viðtalinu að það væri erfitt að koma nýjum íþróttum inn í ÍSÍ og að sambandið sýndi nýjum íþróttum ekki áhuga.

„Ég vil mótmæla því. Við vorum að viðurkenna rathlaup á síðasta ári. Svo eru akstursíþróttir og kraftlyftingar líka ný sambönd hjá okkur. Ef greinar eru viðurkenndar af alþjóðasamböndum og lyfjamál eru í lagi þá eiga allar íþróttir möguleika að komast inn. Ég held að sé ekki rétt að við séum lokaður klúbbur sem standi í vegi fyrir nýjum íþróttum. Íþróttagreinar þurfa einfaldlega að uppfylla ákveðnar lágmarkskröfur til þess að komast inn," segir Líney en hvernig stóð á því að ÍSÍ vísaði Haraldi og félögum á Íþróttabandalag Reykjavíkur, ÍBR, sem síðan sendi þá aftur yfir til ÍSÍ?

„Íþróttir þurfa að vera aðili að héraðssambandi eða íþróttabandalagi eins og ÍBR. Til þess að komast inn í ÍBR þarf síðan að vera með viðurkennda íþróttagrein. Það kemur síðan í hlut ÍBR að sækja um hjá ÍSÍ með þá íþróttagrein."

### Verður að vera viðurkennd

Líney ítrekar að til þess að eiga möguleika á því að komast inn í ÍSÍ þurfa að uppfylla lágmarkskröfur.

„Íþróttagreinin verður að vera viðurkennd. Rathlaup er til að mynda viðurkennd íþróttagrein þó svo hún sé ekki með neitt sérsamband eða séríþróttagreinanefnd. Slík nefnd er undanfari að sérsambandi. Til að komast í þá stöðu þarftu að vera aðili að þremur íþróttahéruðum. Þegar þau eru orðin fimm er möguleiki á að verða sérsamband. Það þarf líka að vera lágmarksþátttökufjöldi í viðkomandi íþrótt sem mig minnir að sé í kringum 200."."

MMA eða blandaðar bardagaíþróttir eru umdeild íþróttagrein enda nokkuð ofbeldisfull. Haraldur talaði um að Mjölnismenn væru opnir fyrir því að keppa í MMA áhugamanna á Íslandi en þá yrði keppt með hlífðarbúnað á höfði, ekki ólíkt því sem gerist í ólympískum hnefaleikum. Líney bendir á að ekki þurfi allar íþróttir að falla undir Íþróttasambandið þó svo þær séu stundaðar af kappi hérlendis.

> „Ég held að sé ekki rétt að við séum lokaður klúbbur sem standi í vegi fyrir nýjum íþróttum. Íþróttagreinar þurfa einfaldlega að uppfylla ákveðnar lágmarkskröfur til þess að komast inn.
>
> *Líney Rut Halldórsdóttir*

„Sumt þarf ekki að heyra undir Íþróttasambandið og er bara fullkomlega gilt og gott þó svo það sé ekki þar. Það er ekki alslæmt að íþrótt sé ekki í ÍSÍ," segir Líney.

### Þarf að tryggja öryggi

Hvað með reglugerðir fyrir þessar nýju íþróttir sem eru að spretta upp hér á landi á síðustu árum. Í hvaða verkahring á það að vera að búa til slíkar reglur?

„Það er ákveðið regluverk í kringum ólympíska hnefaleika. Atvinnuhnefaleikar eru samt ekki leyfðir hér á landi. Það var skýrt af hálfu ríkisins er ólympískir hnefaleikar voru teknir upp að regluverkið yrði að vera í lagi, sérstaklega er varðar öryggisatriðin. Ég myndi segja að slíkt þyrfti líka að vera upp á teningnum í bardagaíþróttum, sérstaklega út frá heilsufarssjónarmiðum. Mér finnst að það þurfi að tryggja öryggi iðkenda. Þetta er kannski eitthvað sem þarf að skoða með ríkinu og við erum alveg til í það."

henry@frettabladid.is

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN
Í FRÉTTABLAÐINU

Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu. 60% landsmanna skoða fjölpóst. Auglýsingaefnið lendir á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað!

**75% íbúa höfuðborgarsvæðisins lesa Fréttablaðið daglega.**

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi orn@365.is

Útvegum einnig hagstæð verð í prentun.

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!




MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup nóv.-sept. 2012


Quick Step
Harðparketdagar
QUICK·STEP
Hágæða harðparket frá Quick Step
Endurnýjaður sýningarsalur með
YFIR 80 TEGUNDUM AF HARÐPARKETI Í BOÐI!
HARÐVIÐARVAL
Harðviðarval ehf | Krókhálsi 4 | 110 Reykjavík | Sími 567 1010 | www.parket.is

## Njarðvíkingarnir snúa við blaðinu

| FYRSTU 9 LEIKIR | 3 SIGRAR - 6 TÖP |
|---|---|
| Þór Þ. á útivelli | 84-82 sigur |
| Skallagrímur á útivelli | 74-77 tap |
| ÍR á heimavelli | 80-82 tap |
| Grindavík á útivelli | 81-107 tap |
| Stjarnan á heimavelli | 108-115 tap |
| KR á útivelli | 70-87 tap |
| KFÍ á heimavelli | 103-72 sigur |
| Fjölnir á útivelli | 92-67 sigur |
| Tindastóll á heimavelli | 80-86 tap |

| SÍÐUSTU 9 LEIKIR | 6 SIGRAR - 3 TÖP |
|---|---|
| Keflavík á útivelli | 92-91 sigur |
| Snæfell á heimavelli | 70-104 tap |
| Þór Þ. á heimavelli | 83-84 tap |
| Skallagrímur á heimavelli | 107-70 sigur |
| ÍR á útivelli | 98-81 sigur |
| Grindavík á heimavelli | 84-96 tap |
| Stjarnan á útivelli | 87-77 sigur |
| KR á heimavelli | 88-77 sigur |
| KFÍ á útivelli | 119-93 sigur |



**MACIEJ BAGINSKI** Njarðvíkurliðið er plús +106 með hann inn á vellinum í síðustu sex leikjum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Guttarnir búnir að skipta um gír

**ELVAR MÁR FRIÐRIKSSON** **18 ÁRA**
Stig í leik í fyrstu níu - 18,3
Stig í leik í síðustu níu - 19,0 Breyting: +0,7

**ÁGÚST ORRASON** **19 ÁRA**
Stig í leik í fyrstu níu - 10,1
Stig í leik í síðustu níu - 12,1 Breyting: +2,0

**ÓLAFUR HELGI JÓNSSON** **20 ÁRA**
Stig í leik í fyrstu níu - 4,8
Stig í leik í síðustu níu - 11,2 Breyting: +6,3

**MACIEJ STANISLAV BAGINSKI** **17 ÁRA**
Stig í leik í fyrstu níu - 6,4
Stig í leik í síðustu níu - 11,1 Breyting: +4,7

**ALLIR FJÓRIR SAMAN**
Stig í leik í fyrstu níu - 39,7
Stig í leik í síðustu níu - 53,4 Breyting: +13,7

# Vilja sýna að þetta borgi sig

Njarðvíkingar eru búnir að vinna þrjá leiki í röð og fimm af síðustu sex leikjum í Dominos-deild karla í körfu. Elvar Már Friðriksson er einn af ungu strákunum sem Njarðvíkingar veðjuðu á með flottum árangri.

**KÖRFUBOLTI** Það er athyglisvert að skoða leikjatöflu Njarðvíkur í Dominos-deildinni í vetur því liðið hefur algjörlega snúið við blaðinu, vann þrjá af níu fyrstu leikjum sínum en hefur síðan unnið sex af síðustu níu. Einu töpin frá og með 13. desember hafa komið á móti þremur efstu liðunum. Njarðvíkurliðið er að stórum hluta skipað mjög ungum leikmönnum sem hafa orðið að mönnum á síðustu mánuðum.

Frábærir sigrar á stjörnum prýddum liðum Stjörnunnar og KR á síðustu vikum sýnir þetta svart á hvítu. Liðið hefur nú unnið þrjá sigra í röð og í öllum leikjunum þremur hafa fimm leikmenn liðsins skorað tíu stig eða meira. Liðið skoraði 119 stig á Ísafirði í síðasta leik og þá voru það sex leikmenn sem brutu tíu stiga múrinn.

„Hlutirnir eru að smella núna. Við ætlum okkur að halda áfram á þessu róli. Þetta gekk svolítið brösuglega fyrir jól," segir Elvar Már Friðriksson, hinn ungi leikstjórnandi Njarðvíkur.

Njarðvíkingar byrjuðu tímabilið á dramatískum sigri í framlengingu í Þorlákshöfn en síðan tóku við þrír tapleikir í röð og í framhaldinu var Bandaríkjamaðurinn Jeron Belin látinn fara. Nigel Moore kom í byrjun nóvember og hafði strax góð áhrif á liðið.

„Við fórum í Kanabreytingar og Nigel er búinn að vera að komast betur og betur inn í þetta. Við höfum líka verið að bæta varnarleikinn okkar og það er það sem er að skila okkur þessum sigrum," segir Elvar Már. Nigel Moore hefur verið frábær í febrúar með 22,8 stig, 7,8 fráköst og 6,5 stoðsendingar að meðaltali í leik. „Það er mjög gott að spila með honum og hann er bara búinn að gera liðinu gott eftir að hann komst inn í þetta. Hann er reynslumikill og er jákvæður gagnvart öllu sem er að gerast hjá okkur. Hann er búinn að hjálpa okkur gríðarlega enda mikill keppnismaður sem vill vinna allt," segir Elvar Már.

### Í sérstöðu meðal Íslendinga

Mestu hefur munað um að ungir lykilleikmenn liðsins hafa lært betur að synda í djúpu lauginni. Þar fer Elvar Már fremstur í flokki en hann er eini leikmaðurinn í deildinni, fæddur á Íslandi, sem er inni á topp tuttugu í bæði stigum og stoðsendingum. Justin Shouse hjá Stjörnunni og Darrel Keith Lewis hjá Keflavík ná þessu líka meðal leikmanna deildarinnar sem hafa íslenskt ríkisfang.

„Við ætlum okkur í úrslitakeppnina og við höfum að undanförnu verið að vinna góða sigra í átt að því að komast í hana. Það eru fjórir leikir eftir af deildinni, við ætlum að klára þessa leiki vel og vera pottþétt inni í úrslitakeppninni," segir Elvar Már.

Það eru fjórir mjög ungir leikmenn í stóru hlutverki hjá Njarðvík og þeir hafa allir bætt við sitt meðalskor frá því í fyrstu níu leikjum tímabilsins. Þetta eru þeir Elvar Már, Ágúst Orrason, Ólafur Helgi Jónsson og Maciej Stanislav Baginski sem samtals hafa skorað 13,7 stigum meira í leik í undanförnum leikjum en þeir gerðu í byrjun tímabilsins.

### Algjör forréttindi

„Það er styrkleiki okkar að undanförnu hvað það eru margir að skila til liðsins. Fyrr í vetur voru ekki allir að skila sínu en það er lykillinn að bættu gengi okkar að fleiri eru að leggja til í púkkið," segir Elvar en hann og aðrir ungir leikmenn njóta góðs af því að Njarðvíkingar veðjuðu á framtíðarleikmenn liðsins. „Þetta eru algjör forréttindi. Við ætlum okkur að nýta tækifærið og sýna það að þetta borgar sig," segir Elvar Már.

Elvar Már hefur kannski hækkað sig minnst af umræddum fjórum leikmönnum en hefur skorað 19,0 stig að meðaltali í síðustu níu leikjum liðsins. Það er frábær árangur hjá ekki eldri strák en hann verður 19 ára á árinu.

„Ég er sáttur og tel að það hafi gengið ágætlega hjá mér. Ég reyni bara að bæta mig í hverjum leik. Mér finnst gott að hafa mikla ábyrgð og reyni bara að gera gott úr því. Ef liðinu gengur vel er maður sáttur," segir Elvar.

„Við höfum verið að sýna meiri stöðugleika eftir áramót og verðum að reyna að halda honum. Á síðasta tímabili og fyrir jól var þetta búið að vera svolítið upp og niður hjá okkur. Við vorum kannski að vinna óvænta sigra en skíttöpuðum þar á milli. Nú er að koma stöðugleiki í þetta hjá okkur og þá fer að ganga vel," segir Elvar Már en hann og félagar hans ætla að reyna að hækka sig í töflunni.

### Ætla að berjast fyrir sjötta sætinu

„Það er markmiðið að reyna að komast í sjötta sætið. Við erum tveimur stigum á eftir KR en þeir eiga innbyrðisstöðuna á okkur. Við ætlum að berjast fyrir þessu sjötta sæti," segir Elvar Már að lokum.

Næsti leikur Njarðvíkurliðsins er á móti Fjölni í Ljónagryfjunni á morgun.

ooj@frettabladid.is



**ALLT Í ÖLLU** Elvar Már Friðriksson er fimmtándi stigahæsti leikmaður Dominos-deildarinnar og í 8. sæti í stoðsendingum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Aukaæfingarnar á morgnana vel sóttar

Elvar Már Friðriksson fékk stóra tækifærið í fyrravetur eins og fleiri ungir leikmenn Njarðvíkurliðsins þegar stjórnin ákvað að veðja á efniviðinn í félaginu. „Ég var kannski ekki alveg að búast við að menn tækju þessa ákvörðun því þetta félag hefur alltaf verið sigursælt. Ég er þakklátur fyrir þetta, ætla að nýta tækifærið og æfi þá bara enn meira. Þetta gefur manni aukaorku og hvetur mann áfram," segir Elvar Már, sem hefur hitt úr 11 af 19 síðustu þriggja stiga skotum sínum (57 prósent) og þakkar aukaæfingunum fyrir.

„Ég held að aukaæfingarnar séu að skila sér. Ég er búinn að vera að skjóta meira á aukaæfingunum en hugarfarið er líka stór hluti af þessu. Það hjálpar sjálfstraustinu ef maður æfir auka," segir Elvar Már og bætir við: „Við reynum að mæta á morgunæfingarnar. Það er mikil samkeppni um mínútur í liðinu og það vilja því allir mæta aukalega. Þú vilt ekki að maður sem er að berjast við þig um mínútur sé að mæta meira en þú því við vitum að þetta skilar sér inni á vellinum," segir Elvar.

HÚSGAGNAHÖLLIN – fyrir lifandi heimili!
FULL BÚÐ AF NÝJUM STÓLUM FRÁ LAZBOY

87.990
VERÐ: 109.990
LA-Z-BOY
**ASPEN** La-z-boy stóll. Áklæði í mörgum litum. Einnig til í svörtu, vínrauðu, brúnu eða hvíttu leðri. B:80 D:85 H:102 cm.

103.990
VERÐ: 129.990
LA-Z-BOY
**HARBOR TOWN** La-z-boy stóll. Ljósgrár, rauðbrúnn og grænn. Einnig svörtu og brúnu leðri. B:70 D:70 H:102 cm.

139.990
VERÐ: 179.990
LA-Z-BOY
**PINNACLE** La-z-boy stóll. Vínrautt, svart, natur eða rúatrautt leður. B:80 D:85 H:104 cm.
ALLIR LA-Z-BOY STÓLAR MEÐ 20% AFSLÆTTI Í FEBRÚAR
KOMDU NÚNA!
HÚSGAGNAHÖLLIN
HÚSGAGNAHÖLLIN • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 558 1100 OPIÐ Virka daga 10-18, laugard. 11-17 og sunnud. 13-17


ÍSLENSKT TAL
SKÍRDAGUR
DESPICABLE ME
Hinni illi Gru hyggur á heimsyfirráð með því að stela tunglinu! Pétur Jóhann fer á kostum í talsetningunni á þessari frábæru teiknimynd.
SKÍRDAGUR
SHERLOCK HOLMES 2
Baráttan við glæpakónginn Professor Moriarty berst um alla Evrópu í æsispennandi en skemmtilegum eltingaleik.
SHERLOCK HOLMES
2 BÍÓ 2 GULL 2 krakkar POPP TíVí
Vertu með Stöð 2, 4 aukastöðvar og Netfrelsi fyrir 265 krónur á dag
HAFÐU ÞAÐ GOTT UM PÁSKANA!
Þú hefur það gott um páskana með Stöð 2. Við bjóðum upp á kvikmyndirnar sem eru hreinasta sælgæti, hlaðborð af frábærum þáttum og fjölbreytt bland í poka fyrir börnin. Vertu með það besta um páskana.
Vertu með Stöð 2.
NÝTTU ÞÉR NETFRELSI OG MISSTU EKKI AF NEINU!
Með Netfrelsi Stöðvar 2 getur þú séð uppáhalds þáttinn þinn í tölvunni, snjallsímanum eða spjaldtölvunni hvar og hvenær sem er.
LEIKSTJÓRI BALTASAR KORMÁKUR
PÁSKADAGUR
CONTRABAND
Endurgerð íslensku myndarinnar Reykjavík Rotterdam með Mark Wahlberg. Spennutryllir úr smiðju Baltasars Kormáks.
FRUMSÝNING Í SJÓNVARPI
PÁSKADAGUR
SUMARLANDIÐ
Hvað gerist þegar íslenskur fjölskyldufaðir selur álfasteininn úr garðinum til að bjarga fjárhagnum?
FÖSTUDAGURINN LANGI
PIRATES OF THE CARIBBEAN 4
Jack Sparrow, Svartskeggur og allir hinir sjóræningjarnir snúa aftur í æsispennandi leit að eilífri æsku.
LAUGARDAGUR
THE CHRONICLES OF NARNIA 3
Þriðja myndin um ævintýrin í undralandinu Narníu, þar sem drekar, dvergar og fleiri furðuverur koma við sögu.
FÖSTUDAGURINN LANGI
CARS 2
Reykspólandi skemmtileg teiknimynd fyrir alla fjölskylduna. Nú er komið að kappakstri aldarinnar!
NÝTT ÁSKRIFTARTÍMABIL HEFST 3. MARS
Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is | Verslanir Vodafone | Verslanir og þjónustuver símans 800 7000
2 HD

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD



### Stöð 2 kl. 22.20
### Breaking Bad

Bryan Cranston er magnaður í hlutverki dópsalans Walts White í þáttaröðinni Breaking Bad á Stöð 2. Í kvöld er lokaþáttur fjórðu þáttaraðar á dagskrá og það er komið að uppgjöri hjá Walt og Gus. Óhætt er að lofa óvæntum endi.



### Bridesmaids

**STÖÐ 2 BÍÓ KL. 22.00** Leikkonan Kristen Wiig bæði skrifar og leikur aðalhlutverkið í þessri fersku gamanmynd. Lillian er að fara að gifta sig og besta vinkona hennar, Annie, fær það erfiða verkefni að halda utan um alla skipulagningu og það sem meira er, allar brúðarmeyjarnar.

Rotten Tomatoes 90% IMDb 6,9



### Stephen Fry: Gadget Man

**RÚV KL. 20.45** Hinum enska Stephen Fry er margt til lista lagt, meðal annars er hann leikari, handritshöfundur, uppistandari og framleiðandi. Hér nýtir hann tækjadellu sína og fær aðstoð frægra vina sinna til að kynna áhorfendur fyrir tækni og tölum sem eiga að auðvelda okkur lífið.

IMDb 7,0



### An Idiot Abroad

**SKJÁR 1 KL. 20.40** Karl Pilkington hefur verið verndaður frá umheiminum allt sitt líf og vill ekki fara frá því sem hann þekkir og elskar í Bretlandi. Í þessum raunveruleikaþáttum láta vinir hans, Ricky Gervais og Stephen Merchant, hann þó ferðast um allt og standa á eigin fótum.

TV.COM 8,5 IMDb 8,4

## RÁS 1 — FM 92,4/93,5

**06.36** Bæn **06.39** Morgunþáttur Rásar 1 **06.40** Veðurfregnir **07.00** Fréttir **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Fréttir **12.02** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir **13.00** Um hugmyndir, gamlar og nýjar **14.00** Fréttir **14.03** Á tónsviðinu **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Skaparinn **15.25** Rauði þráðurinn **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Til allra átta **16.45** Lesandi vikunnar **17.00** Fréttir **17.03** Víðsjá **18.00** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Sinfóníutónleikar **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Lestur Passíusálma **22.20** Útvarpsperlur: Uppáhalds sultan mín **23.15** Girni, grúsk og gloríur **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## RÚV

**15.35 Kiljan** *(e)*
**16.25 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**17.14 Konungsríki Benna og Sóleyjar**
**17.25 Múmínálfarnir**
**17.35 Lóa**
**17.50 Stundin okkar** *(17:31) (e)*
**18.20 Táknmálsfréttir**
**18.30 Melissa og Joey** *(4:15)*
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Ísþjóðin með Ragnhildi Steinunni** Listakonan Harpa Einarsdóttir er I full af ævintýraþrá og draumum. Eftir fjögurra ára starf hjá tölvuleikjafyrirtækinu CCP ákvað hún að snúa sér alfarið að myndlist og fatahönnun. Við heimsækjum Hörpu austur á Seyðisfjörð í lítinn bátaskúr þar sem hún ræktar listina í sjálfri sér.
**20.45 Stephen Fry: Græjukarl – Í eldhúsinu** *(2:6) (Stephen Fry: Gadget Man)*
**21.15 Neyðarvaktin** *(8:24) (Chicago Fire)* Bandarísk þáttaröð um slökkviliðsmenn og bráðaliða í Chicago. Meðal leikenda eru Jesse Spencer og Taylor Kinney. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Glæpahneigð - Grunsamleg hegðun** *(12:13) (Criminal Minds: Suspect Behaviour)* Bandarísk þáttaröð um rannsóknarsveit innan Alríkislögreglunnar og glímu hennar við glæpamenn. Atriði eru ekki við hæfi barna.
**23.00 Höllin** *(1:10) (Borgen)* Danskur myndaflokkur um valdataflið í dönskum stjórnmálum.
**00.00 Kastljós** *(e)*
**00.30 Fréttir**
**00.40 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.40 Tooth Fairy**
**14.20 Kalli á þakinu**
**15.35 The Break-Up**
**17.20 Tooth Fairy**
**19.00 Kalli á þakinu**
**20.15 The Break-Up**
**22.00 Bridesmaids**
**00.05 The Fallen**
**02.00 Contagion**
**03.45 Bridesmaids**

## STÖÐ 2

**06.35 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Malcolm in the Middle** *(1:25)*
**08.30 Ellen** *(106:170)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(93:175)*
**10.15 Smash** *(6:15)*
**11.00 The Block** *(9:9)*
**11.50 Beint frá býli** *(7:7)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Better With You** *(17:22)*
**13.25 Fantastic Mr. Fox** Bráðskemmtileg brúðumynd sem byggð er á metsölubók eftir Roald Dahl og fjallar um Mr. Fox sem er alræmdur kjúklingaþjófur.
**14.50 Harry's Law** *(5:12)*
**15.40 Barnatími Stöðvar 2**
**16.50 Bold and the Beautiful**
**17.10 Nágrannar**
**17.35 Ellen** *(107:170)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Big Bang Theory** *(4:24)*
**19.40 The Middle** *(17:24)*
**20.05 The Amazing Race** *(10:12)* Þáttaröð þar sem keppendur flakka heimshornanna á milli og leysa úr ýmsum þrautum.
**20.50 NCIS** *(12:24)* Spennuþættir um sérsveit lögreglumanna í Washington sem rannsakar glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt.
**21.35 Person of Interest** *(19:23)* Fyrrverandi leigumorðingi hjá CIA og dularfullur vísindamaður leiða saman hesta sína til að koma í veg fyrir glæpi í New York-fylki.
**22.20 Breaking Bad** *(13:13)* Fjórða þáttaröðin um Walter White fyrrverandi efnafræðikennara.
**23.10 Spaugstofan** *(15:22)*
**23.40 Mannshvörf á Íslandi** *(7:8)*
**00.05 The Mentalist** *(13:22)*
**00.45 The Following**
**01.30 Timber Falls**
**03.10 Harry's Law** *(5:12)*
**03.55 NCIS** *(12:24)*
**04.40 Person of Interest** *(19:23)*
**05.25 The Big Bang Theory** *(4:24)*
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT — *besta sætið*

**07.00/18.00 FA bikarinn: Middlesbrough - Chelsea**
**19.40 Füchse Berlin - Pick Szeged**
**21.00 Meistaradeild Evrópu: fréttaþáttur**
**21.30 Evrópudeildin** Endursýndur leikur
**23.10 Evrópudeildarmörkin**
**00.05 Spænsku mörkin**

## SPORT 2 — *enski boltinn*

**15.00 West Ham - Tottenham**
**16.40 Man. City - Chelsea**
**18.20 Arsenal - Aston Villa**
**20.00 Premier League World 2012/13** Stjörnurnar í ensku úrvalsdeildinni heimsóttar og fjallað er um líf leikmanna innan sem utan vallar.
**20.30 Premier League Review Show 2012/13** Svipmyndir úr leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
**21.25 Football League Show 2012/13** Svipmyndir úr leikjunum í næstefstu deild enska boltans.
**21.55 QPR - Man. Utd.**
**23.35 Reading - Wigan**

## krakkar

**07.00 Brunabílarnir**
**07.20 Áfram Diego, áfram!**
**07.45 Waybuloo**
**08.05 Svampur Sveinsson**
**08.25 Dóra könnuður**
**08.50 Doddi litli og Eyrnastór**
**09.00 UKI**
**09.05 Strumparnir**
**09.30 Skógardýrið Húgó**
**09.55 Histeria!**
**10.15 Ofurhundurinn Krypto**
**10.35 Ævintýri Tinna**
**11.00 Stöð 2 Krakkar - barnatími**
**17.00 Ozzy & Drix**
**17.25 Leðurblökumaðurinn**
**17.50 iCarly** *(23:25)*

## POPP TÍVÍ

**17.00 Simpson-fjölskyldan** *(21:22)* Hómer pantar fallega tjörn handa Marge í bakgarðinn í brúðkaupsafmælisgjöf.
**17.25 Íslenski listinn**
**17.50 Sjáðu**
**18.15 Gossip Girl** *(10:22)*
**19.00 Friends** *(24:24)*
**19.25 How I Met Your Mother** *(22:24)*
**19.50 Simpson-fjölskyldan** *(19:22)*
**20.15 Game Tíví** Fræðandi þáttur um allt það nýjasta úr tækni-og tölvuleikjaheiminum.
**20.40 I Hate My Teenage Daughter** *(9:13)* Gamansería um tvær vinkonur sem komast að því að dætur þeirra eru orðnar alveg eins og stelpurnar sem gerðu líf þeirra óbærilegt í menntaskóla.
**21.05 FM 95BLÖ** Tækifæri á að sjá allt það helsta sem gerðist í dag í útvarpsþættinum FM95BLÖ.
**21.30 The Carrie Diaries** Glænýir þættir þar sem fylgst er með Carrie Bradshaw, úr þáttaröðinni Sex and the City, þegar hún var yngri og að stíga sín fyrstu spor á framabrautinni.
**22.10 Eastwick** *(8:13)* Spennandi þáttaröð um þrjár konur í bænum Eastwick sem fá óvænta og dularfulla krafta frá manni sem er ekki allur þar sem hann er séður.
**22.55 Game Tíví**
**23.20 I Hate My Teenage Daughter** *(9:13)*
**23.45 FM 95BLÖ**
**00.10 The Carrie Diaries**
**00.50 Eastwick** *(8:13)*
**01.35 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## GULL

**18.15 Doctors** *(145:175)*
**19.00 Ellen** *(107:170)*
**19.40 Strákarnir**
**20.10 Stelpurnar** *(19:20)*
**20.30 Fóstbræður** *(5:8)*
**21.00 Friends** *(6:24)*
**21.25 Í sjöunda himni með Hemma**
**22.25 Strákarnir**
**22.55 Stelpurnar** *(19:20)*
**23.15 Fóstbræður** *(5:8)*
**23.45 Friends** *(6:24)*
**00.10 Í sjöunda himni með Hemma**
**01.10 Tónlistarmyndbönd Popptíví**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Dr. Phil**
**08.40 Pepsi MAX tónlist**
**15.25 Kitchen Nightmares** *(2:13)*
**16.15 7th Heaven** *(8:23)*
**16.55 Dynasty** *(1:22)*
**17.40 Dr. Phil**
**18.20 Necessary Roughness** *(12:16)*
**19.05 Everybody Loves Raymond** *(10:24)*
**19.25 The Office** *(19:27)*
**19.50 Will & Grace** *(10:24)*
**20.15 Happy Endings** *(18:22)* Bölvun virðist hvíla á afmælisdegi Penny. Vinahópurinn grípur til örþrifaráða til að aflétta bölvuninni.
**20.40 An Idiot Abroad** *(1:8)* Ricky Gervais og Stephen Merchant eru mennirnir á bakvið þennan einstaka þátt.
**21.30 Hæ Gosi** *(5:8)* Þriðja þáttaröðin um bræðurna Börk og Víði sem ekkert þrá heitar en lífshamingjuna en svo virðist sem leiðin að henni sé þyrnum stráð.
**22.15 Vegas** *(6:21)* Dennis Quaid leikur hér lögreglustjóra í Las Vegas á sjöunda áratug síðustu aldar þar sem ítök mafíunnar voru mikil og ólíkir hagsmunahópar börðust á banaspjótum um takmörkuð gæði.
**23.05 XIII** *(6:13)* Hörkuspennandi þættir byggðir á samnefndum myndasögum sem fjalla um mann sem þjáist af alvarlegu svefnleysi og á sér dularfulla fortíð.
**23.50 Law & Order UK** *(3:13)*
**00.40 Excused**
**01.05 Parks & Recreation** *(16:22)*
**01.30 CSI: Miami** *(15:22)*
**02.10 Happy Endings** *(18:22)*
**02.35 Vegas** *(6:21)*
**03.25 XIII** *(6:13)*
**04.10 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **07.20** World Golf Championship **2013** *(4:5)* **12.20** Golfing World **13.10** World Golf Championship **2013** *(5:5)* **18.40** PGA Tour - Highlights *(8:45)* **19.35** Inside the PGA Tour *(9:47)* **20.00** The Honda Classic **2013** *(1:4)* **23.00** Golfing World **23.50** ESPN America

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Auðlindakista **21.30** Siggi Stormur og helgarveðrið

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó **FM 90,1** Rás 2 **FM 90,9** Gullbylgjan **FM 93,5** Rás 1 **FM 95,7** FM957 **FM 96,3** FM Suðurland **FM 96,7** Létt Bylgjan **FM 97,7** X-ið **FM 98,9** Bylgjan **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 100,5** Kaninn **FM 102,2** Útvarp Latibær **FM 102,9** Lindin **FM 105,5** Útvarp Boðun




Fyndnustu grínyrkjar Íslandssögunnar
Kaffibrúsakarlarnir
STANSLAUS STEYPA OG STURLAÐUR HLÁTUR
GÍSLI RÚNAR JÓNSSON
JÚLÍUS BRJÁNSSON
MIÐASALA HAFIN
TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á MIÐI.IS
FÖSTUDAGINN 1. MARS KL. 20:00 - FRUMSÝNING - UPPSELT
KOMANDI SÝNINGAR
LAUGARDAGUR 9. MARS KL. 20:00 ÖRFÁ SÆTI LAUS
FÖSTUDAGUR 15. MARS KL. 20:00 ÖRFÁ SÆTI LAUS
LAUGARDAGUR 16. MARS KL. 20:00 ÖRFÁ SÆTI LAUS
MIÐASALA HAFIN Í AUSTURBÆ Í SÍMA 571 5900 OG Á MIÐI.IS
RubyTuesday
BRAGÐGÓÐ SKEMMTUN
Coca-Cola
midi.is
AUSTURBÆR

**DRYKKURINN**



**„Það er Magic sem er í uppáhaldi og svo finnst mér gott að fá mér góðan espresso-kaffibolla.“**

Jón Gunnar Þórðarson leikstjóri

# Ölvísur ekki bara sport fyrir gamla karla

## Stúdentakjallarinn efnir til Ölvísukeppni í tilefni af bjórdeginum á morgun. Bjórtengd verðlaun eru í boði.

„Hingað til hefur það verið sport fyrir gamla karla að yrkja drykkjuvísur og það hefur varla verið gert af neinu viti síðustu 100 árin eða svo,“ segir Birkir Blær Ingólfsson, ölvísuskáld og meðlimur húsbands Stúdentakjallarans.

Á morgun eru liðin 24 ár frá því að bjórbanninu var aflétt hér á Íslandi og hefur Stúdentakjallarinn efnt til ölvísukeppni í tilefni þess þar sem allir geta sent vísu til leiks. „Mér finnst að ef maður ætli á annað borð að yrkja ölvísu eigi hún að vera hrá, gamaldags og dýrt kveðin, auk þess sem hún verður auðvitað að vera rammíslensk,“ segir Birkir Blær, en skilafrestur rennur út í hádeginu á morgun. Á laugardagskvöldið verður svo haldinn bjórfagnaður á Kjallaranum þar sem nokkrar vísur verða fluttar á listrænan hátt af nemum í LHÍ og höfundur bestu vísunnar fær viðeigandi verðlaun. Nokkrar vísur verða í framhaldinu valdar úr og hengdar upp á vegg í Stúdentakjallaranum. „Þá getur fólk komið og bent vinunum á afrakstur sköpunargleði sinnar,“ segir Birkir.

Birkir Blær og félagar hans í húsbandi Stúdentakjallarans skelltu sjálfir í eina vísu og nefndu hana Öl og gleði eru bræður. „Hvorki öl né gleði er karlkyns en samt tölum við um bræður. Okkur finnst það falleg og nýmóðins hugsun að allir geti verið bræður, að minnsta kosti á djamminu,“ segir Birkir.

Vísan hefur verið tekin upp og verður spiluð á hátíðinni á laugardaginn. „Falskur karlakór er lykillinn í flutningnum svo okkur fannst of flókið að taka hana í beinni á sviðinu,“ segir Birkir. - trs



**ALLIR GETA VERIÐ BRÆÐUR** Marteinn Sindri Jónsson og Birkir Blær Ingólfsson eru meðlimir húsbands Stúdentakjallarans sem samdi ölvísuna Öl og gleði eru bræður. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN






# Unnu til verðlauna í Bandaríkjunum

## Gunnar Páll Ólafsson og Samúel Bjarki Pétursson hafa unnið sem leikstjórateymi í 13 ár. Fyrsta verkefnið var tónlistarmyndband með Skítamóral en á dögunum unnu þeir til einna stærstu auglýsingaverðlauna í Bandaríkjunum.

„Við fáum líklega einhverja góða styttu sem fer í safnið,“ segir leikstjórinn Samúel Bjarki Pétursson. Hann og félagi hans, Gunnar Páll Ólafsson, unnu til verðlauna á bandarísku auglýsingaverðlaununum fyrir stuttu.

Leikstjórateymið hlaut ein stærstu verðlaun kvöldsins, Addy Awards Best of Show, á verðlaunaafhendingu í Houston. Borgin er ein stærsta auglýsingaborg Bandaríkjanna og verðlaunin fengu þeir fyrir sjónvarpsauglýsingu sem þeir gerðu fyrir Verizon-fjarskiptafyrirtækið. „Við vissum ekki einu sinni að við vorum tilnefndir þannig að það kom okkur mjög á óvart þegar auglýsingastofan sendi okkur póst með gleðifregnunum. Það er alltaf gaman að fá viðurkenningu og hjálpar manni áfram,“ segir Samúel en þeir Gunnar eru afkastamikið leikstjórateymi og vinna fyrir True North hér á landi.

Samvinnan hófst fyrir 13 árum og var þeirra fyrsta verkefni tónlistarmyndband með Skítamóral við lagið Ennþá. „Við vorum erkifjendur úr framhaldsskóla, enda annar í Versló og hinn í MH. En við erum svo ólíkir að við virkum vel saman, enda þekkt að leikstjórar vinni saman í teymum eins og Árni og Kinski og Snorri Brothers, sem hafa verið að gera það gott.“

Gunnar og Samúel hafa unnið fyrir mörg af stærstu fyrirtækjum hér heima og erlendis. Þeir eru með umboðsmenn á sínum snærum víðs vegar í Evrópu, í Bandaríkjum og í Asíu og fara reglulega út til að vinna. „Við tökum svona tarnir, erum eins og sjómenn sem fara að heiman í nokkrar vikur. Það eru mikil forréttindi að fá svoleiðis tækifæri,“ segir Samúel og bætir við að það sé óneitanlega öðruvísi að vinna í útlöndum. „Þar er bransinn oft stéttaskiptur og enginn sem fer út fyrir sitt verksvið. Á Íslandi ganga allir í öll verk og ekkert vesen.“

Næst á dagskrá hjá þeim er svokölluð „showcase“-mynd fyrir bílaframleiðandann Mercedes-Benz þar sem verið er að frumsýna nýja tegund af glæsikerrunni. Tökur fara fram á næstu vikum í Los Angeles. „Það verður skemmtilegt verkefni. Það er gríðarleg öryggisgæsla á svæðinu enda mega engar myndir leka út af nýju týpunni.“

alfrun@frettabladid.is



**VISSU EKKI AF TILNEFNINGUNNI** Leikstjórateymið Samúel Bjarki Pétursson og Gunnar Páll Ólafsson vissu ekki að þeir væru tilnefndir til bandarísku auglýsingaverðlaunanna.

### Afkastamikið leikstjórateymi

**Erlendar auglýsingar:**
- Samsung
- McDonald's í Bandaríkjunum
- Verizon
- Time Warner Cable
- Procter and Gamble
- Pringles – gerðu þeirra fyrstu alþjóðlegu herferð
- Chicco
- SAB Miller-bjórframleiðandann
- Megafone, eitt stærsta farsímafyrirtæki Rússlands

**Verðlaun:**
- Tvenn Edduverðlaun fyrir tónlistarmyndbönd
- 10 lúðrar og verið tilnefndir til 37

**Þekktar auglýsingar úr þeirra smiðju:**
- Síminn – Jesú
- Vínbúðin – Svín
- Sýn – Sveppi og Eiður
- Umferðarstofa – Englar
- N1 – Ímynd


MEISTARATAKTAR

Áhrifamikil frásögn af óþrjótandi ást, hugrekki og gæsku á ögurstundu; af því stórbrotna undri sem mannfólkið og líf þess er






Emmanuel Carrère

„... hugnæm frásögn, meistarataktar.“

Publishers Weekly

www.forlagid.is – alvöru bókabúð á netinu


# Hera Björk getur gert enn betur

## Ísland komst á lista yfir mest umtöluðu orð á Twitter í Síle á mánudagskvöldið.

„Mánudagskvöldið gekk mjög vel en ég veit að ég get gert enn betur. Ég þarf að taka á nokkrum tæknilegum atriðum, máta mig betur á sviðinu og svo bara keyra þetta í gang,“ segir söngkonan Hera Björg Þórhallsdóttir, sem á mánudaginn var efst í sínum riðli í undanúrslitum Vina del Mar International-söngkeppninnar í Síle. Í kjölfarið komst Ísland á lista yfir umtöluðustu orðin á Twitter í Síle, en það hefur aðeins gerst einu sinni áður, þegar Eyjafjallajökull gaus árið 2010.

Hera steig öðru sinni á svið í keppninni í gærkvöldi, í seinni umferð undanúrslitana. Hún klæddist sama kjól og á mánudaginn, samkvæmt beiðni frá aðalframleiðenda keppninnar. „Hann var rosalega hrifinn af kjólnum og bað mig vinsamlegast um að vera í honum áfram. Við erum svo hlýðin að við brosum bara og gerum eins og okkur er sagt,“ segir Hera og hlær. Kjóllinn þótti koma einstaklega vel út og sjást vel á risastóru sviðinu.

Shakira og Julio Iglesias eru á meðal stórra nafna sem áður hafa tekið þátt í þessari keppni og segir Hera þátttökuna vera mikinn stökkpall fyrir sig. „Þetta er hvorki byrjunarstöð né endastöð, heldur bara skemmtileg stoppistöð. Sigur í keppninni myndi auðvitað þýða sjúklega mikið fyrir mig en hvernig sem fer verður aðalvinnan að fylgja eftir þeirri athygli sem ég er að fá hérna,“ segir hún en um 100 milljónir manna fylgjast með keppninni.

Þegar blaðið fór í prentun lágu úrslit kvöldsins ekki fyrir og því óljóst hvort Hera Björk hafi komist áfram í úrslitin, sem fram fara í kvöld. - trs



**HRIFINN AF KJÓLNUM** Aðalframleiðandi keppninnar bað Heru vinsamlegast að vera í rauða kjólnum aftur í keppninni í gær þar sem honum þótti hann svo flottur og hann kom svo vel út á sviðinu. MYND/VALGEIR MAGNÚSSON

Verslun
Ármúla 26

522 3000

hataekni.is

Opið:
virka daga
9.30–18
laugardaga
12–17

# FRÁBÆR MYND EINSTAKT HLJÓÐ

PIPAR\TBWA • SÍA • 130658




Verð: 899.995

65LM620S

## 65" LG LED Cinema 3D Full HD

Glæsilegt Cinema 3D LED sjónvarp frá LG með SmartTV. Full HD 1920x1080p með TruMotion 400Hz MCI. Innbyggður S2 gervihnattamóttakari. DivX HD afspilun af USB. Home Dashboard valmynd ásamt DLNA-tengingu. 4 HDMI, 3 USB-tengi og snúningsfótur. 4 pör af 3D gleraugum fylgja.




Verð: 499.995

55LM640T

## 55" LG LED Cinema 3D Full HD

Nær rammalaust Cinema 3D LED sjónvarp frá LG með SmartTV og innbyggðu WiFi. Full HD 1920x1080p með TruMotion 400Hz MCI.DivX HD afspilun af USB. Home Dashboard valmynd ásamt DLNA-tengingu. 4 HDMI, 3 USB-tengi og snúningsfótur. 4 pör af 3D gleraugum fylgja.



## Yamaha Sound Projector með þráðlausum bassa

Fyrirferðarlítið 7.1 heimabíókerfi með framúrskarandi hljómgæðum. 16 stefnuvirkir hátalarar, 2 öflugir wooferar ásamt þráðlausu bassaboxi, þráðlaust streymi á tónlist. Fjögur HDMI tengi og 3D stuðningur.

Verð: 249.995

YSP3300

## Margverðlaunaðir hátalarar frá KEF

Verð: 199.995

### KEF LS50

Margverðlaunaðir hátalarar frá KEF. Fagmenn eru á einu máli, framúrskarandi! Byggðir á hinni frægu BLADE hönnun KEF. Komdu og hlustaðu.

KEF LS50






ISX800BL

## Restio hefur slegið í gegn

Verð frá: 129.995

## Yamaha Restio

Restio frá Yamaha hefur farið sigurför um heiminn enda er hér á ferðinni stílhrein og glæsileg hljóðlausn inn í hvaða rými sem er. Hægt er að fá Yamaha Restio í fjórum litum og er þessi lausn með innbyggðum CD-spilara, USB-afspilun, iPod / iPhone-vöggu og FM-útvarpi.



Verð: 89.995

YAS201WH

## Yamaha Front Surround soundbar með þráðlausum bassa

YAS 201 er einn af nýjasti soundbarinn frá Yamaha. Engar flækjur, þráðlaus bassi. Til í svörtu og hvítu.

Hátækni

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst dreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ
ORATORS
- félag laganema við Háskóla Ísland

**Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.**


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Ísþjóðin snýr aftur

Þættir Ragnhildar Steinunnar Jónsdóttur, Ísþjóðin, snýr aftur á skjáinn í kvöld. Næstu fimm fimmtudaga ætlar Ragnhildur að kynnast hæfileikaríkum ungum Íslendingum sem eru að gera það gott í sínu fagi. Meðal viðmælenda hennar að þessu sinni eru grínistinn Ari Eldjárn, leikkonan Hera Hilmarsdóttir, íþróttakonan Annie Mist og kokkurinn góðkunni Hrefna Rósa Sætran. Í kvöld er hins vegar listakonan og fatahönnuðurinn **Harpa Einarsdóttir** í sviðsljósinu. Harpa er þekkt fyrir framúrstefnulega hönnun og skemmtileg listaverk. Í þættinum ræðir Harpa á opinskáan hátt um ástir og sigra ásamt því að ljóstra upp um spennandi tíma fram undan fyrir fatamerkið sitt, Ziska.



### Ásgeir nálgast 26 þúsund

Plata **Ásgeirs Trausta,** Dýrð í dauðaþögn, nálgast 26 þúsund eintaka sölu. Samkvæmt upplýsingum frá útgefandanum Senu seldist hún í um 24.300 eintökum fyrir jól, þar af í tæplega tvö þúsundum stafrænt. Á þessu ári hefur platan haldið áfram að seljast eins og heitar lummur og nálgast eintökin nú 1.500. Von er á enskri útgáfu plötunnar, In the Silence, síðar á þessu ári. **- áp, fb**



### Mest lesið vísir

1 Stórt draugaskip á reki um Norður-Atlantshafið
2 Ekkert nautakjöt í nautabökum Gæðakokka
3 Brjóstaskorur bannaðar á unglingaballi
4 Russell Crowe ræddi Íslandsdvöl við Jay Leno
5 Danir vilja færa Markarfljót




Fiskislóð 39

Opið alla virka daga
kl. 10–18
og laugardaga kl. 11–15

FORLAGIÐ
BÓKABÚÐ FORLAGSINS



# OKKAR ÁRLEGA LAGERÚTSALA!

## Hefst í dag kl. 12⁰⁰



STILLANLEG RÚM • HEILSURÚM OG -DÝNUR • GAFLAR • SÆNGUR • KODDAR • SVEFNSÓFAR • SÓFAR • TEPPASETT O.FL.

## AÐEINS Í 4 DAGA!




BAK VIÐ HOLTAGARÐA!

**EKKI MISSA AF ÞESSU!**

NÝTTU TÆKIFÆRIÐ!
30-70% afsláttur
fim. – fös. kl. 12⁰⁰–18⁰⁰
lau. – sun. kl. 12⁰⁰–17⁰⁰

Reykjavík
Lagarsalan er í Holtagörðum en verslunin í Faxafeni 5
Sími 588 8477 • www.betrabak.is

Betra BAK